

Allianz Lebensversicherungs AG

Skilmálar Viðbótalífeyrir Allianz

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi er þýðing á tryggingarskilmálum Allianz (E270).

Skilmálarnir kveða á um reglur fyrir ýmsa þætti. Það merki að við tilteknaðar aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við tryggingarsamning þinn. Í sumum tryggingarsamningum, (t.d. innan hópsamninga), þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtir sérstaklega í “Sérstökum skilmálum”.

Eftir að umsókn þín um Viðbótalífeyrir Allianz hefur verið samþykkt í Þýskalandi berst þér í hendur tryggingarskírteini ásamt frumtexta skilmálans (blátt hefti). Á Íslandi er enn sem komið er ekki boðið upp á jafn fjölbreytta þætti og gert er í Þýskalandi og á því ekki allur textinn við Viðbótalífeyrir Allianz. Nánari tilgreining á þáttum tryggingar þinnar kemur fram í tryggingarskírteininu.

Við viljum vekja athygli þína á að um samning þennan gilda viðeigandi ákvæði laga nr. 139/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerðar nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar. Inneign og tekjur vegna hennar lúta gildandi skattalögum á hverjum tíma. Að öðru leyti gilda almennir tryggingarskilmálar (E270) fyrir lífeyristryggingar Allianz Lebensversicherungs-AG Þýskalandi.

Skilmálar og reglur lífeyristryggingarinnar (E270) sem og ákvæði samnings þessa eru grundvöllur samnings rétthafa við Allianz Lebensversicherungs-AG Þýskalandi.

Allar frekari upplýsingar veitum við þér fúslega.

Með kveðju,

Allianz á Íslandi
Dalshraun 3
220 Hafnarfjörður
S: 595-3300

Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir snúa að þér sem tryggingaþega okkar og samningsaðila.

A-hluti – Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

Þátturinn „Ellilífeyrir“ – Framtíðarlífeyrir
KomfortDynamik E270

Hugtakaskýringar

Í lok tryggingarskilmálanna er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í textanum. Í texta fyrsta tryggingarþáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggingaþegi.

Blaðsíða

Hugtakaskýringar 38

Blaðsíða

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	2
2.	Bein hlutdeild í virðisþróun sérsjóðs KomfortDynamik	5
3.	Greiðsla úr hagnaðarhlutdeild	5
4.	Bótapegi og millifærsla greiðslna	9
5.	Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta.....	9
6.	Samstarfsskyldur þínar	10
7.	Kostnaður vegna samningsins	10
8.	Undanþága frá greiðslu iðgjalds.....	12
9.	Uppsögn	13
10.	Möguleikar við samningsgerð.....	14
11.	Breytingar á þættinum „Ellilífeyrir“ – Framtíðarlífeyrir KomfortDynamik E270	22

B-hluti – Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

Blaðsíða

1.	Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð	33
2.	Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds	33
3.	Frekari samstarfsskyldur	34
4.	Breytingar á B-hluta	34

C-hluti – Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

Blaðsíða

1.	Upphaf tryggingarverndar	36
2.	Tryggingarskírteini	36
3.	Þýskur réttur	36
4.	Viðtakendur kvartana	36
5.	Varnarþing	36
6.	Fyrning	37
7.	Upplýsingagjöf á samningstímanum.....	37
8.	Breytingar á C-hluta	37

A-hluti – Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

Þátturinn „Ellilífeyrir“ – Framtíðarlífeyrir
KomfortDynamik E270

Hér er að finna reglur er varða þáttinn „Ellilífeyrir“. Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum er í reglum þeirra fjallað um þáttinn „Ellilífeyrir“ sem grunnþátt.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:	
1.1	Hvaða bætur greiðum við frá upphafi lífeyristöku?
1.2	Hvaða bætur greiðum við við andlát fyrir upphaf lífeyristöku?
1.3	Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?
1.4	Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?
1.5	Hvernig er samningsbundin ábyrgð tryggð fyrir upphaf lífeyristöku?

1.1	Hvaða bætur greiðum við frá upphafi lífeyristöku?
-----	---

(1) Ævilangur lífeyrir

Ef →hinn tryggði er á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við upphæð sem nemur tryggðum lífeyri eins og hann er á þeim tímapunkti, með því skilyrði að hinn tryggði sé enn á lífi.

Allt eftir því hvernig um var samið greiðum við lífeyrinn mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálfis árs fresti eða einu sinni á ári, og alltaf á fyrsta →virka bankadegi eftir umsamda gjalddaga.

(2) Upphæð ævilífeyris

- Upphæð lífeyris reiknum við út við upphaf lífeyristöku
- út frá fyrirliggjandi samtölu í lok →biðtímans úr →andvirði tryggingarinnar (sjá málsgrein a)), lokahagnaðarhluta (sjá töluð 3.2.4) og hlutdeild í →matssjóðunum (sjá töluð 3.3) og
 - reiknuðum lífeyrisstuðli við upphaf lífeyristöku (sjá málsgrein b)).

Ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ reiknum við upphæð ævilífeyris út frá þættinum „Ellilífeyrir“ sem og upphæð eftirlifendalífeyris og hugsanlega lífeyris munaðarlausra við upphaf lífeyristöku út frá ráðandi reikniforsendum við upphaf lífeyristöku samkvæmt setningu 1. Þá bætum við →bótahöfuðstólum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í →matssjóðum þáttarins „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“ við samtöluna sem lýst er í setningu 1 (sjá nánar reglur þáttarins „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“ í liðnum „Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild“). Umsamið samband eftirlifendalífeyris og hugsanlega lífeyris munaðarlausra við ævilífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“ breytist ekki.

Ef útreiknaður lífeyrir við upphaf lífeyristöku er lægri en umsaminn tryggður lágmarkslífeyrir greiðum við tryggðan lágmarkslífeyri.

a) Andvirði tryggingar

Við reiknum →andvirði tryggingar samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar:

- Við útreikninginn er tekið mið af →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik (sjá 1. mgr., töluð. 2.1) á hverjum matsdegi. →Virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik samsvarar virði hlutanna sem falla undir trygginguna. Andvirðið er reiknað þannig út að fjöldi hlutanna sem falla undir trygginguna (→hlutdeild í sérsjóði KomfortDynamik), er margfaldaður með →virði hluta sem reiknað var út á ákveðnum matsdegi.
- Þar við bætist →höfuðstóll ábyrgðarinnar. →Höfuðstóll ábyrgðarinnar flyst á milli innan ábyrgðarsjóðs okkar í

samræmi við safnstryggingaraðferð okkar (sjá mgr. 2, töluð. 1.5).

Við útreikning á →andvirði tryggingar í lok →biðtímans er miðað við →virði hluta á áttunda síðasta →virka bankadegi fyrir upphaf lífeyristöku.

Ef iðgjöld eru greidd samkvæmt upprunalegu samkomulagi er →andvirði tryggingar sem er til ráðstöfunar í lok →biðtímans að lágmarki →tryggði prósentuhlutinn fyrir samtölu ellilífeyrisiðgjalda sem samið var um við lok samningsgerðar, og sem skilgreindur var til myndunar lífeyris samkvæmt 1. mgr. (tryggður höfuðstóll við lífun), óháð virðispróun →sérsjóðs KomfortDynamik. Tryggði höfuðstóllinn við lífun getur hækkað samkvæmt 3. og 4. málsgrein. Við getum ekki ábyrgst →andvirði tryggingar sem er hærra en tryggður höfuðstóll við lífun.

Breytingar á samningi geta haft áhrif á tryggða höfuðstóllinn við lífun. Upplýsingar um áhrifin er að finna í viðkomandi liðum þessara tryggingarskilmála. Við breytingar á samningi felur tryggði höfuðstóllinn við lífun í lok →biðtímans í sér að minnsta kosti →tryggðan prósentuhlut fyrir samtölu greiddra iðgjalda vegna ellilífeyris sem samið var um við samningsgerðina. Þetta gildir þó ekki ef greiðslu er flýtt samkvæmt 1. mgr. töluð. 10.1 eða eftir úttekt höfuðstóls samkvæmt töluð 10.11.

Við tilgreinum umsamda →tryggða prósentuhlutinn í tryggingarskírteininu.

b) Lífeyrisstuðull við upphaf lífeyristöku

Við reiknum lífeyrisstuðulinn út við upphaf lífeyristöku. Hann gefur til kynna upphæð lífeyris, samkvæmt greiðslumáta lífeyris fyrir hverjar 10.000 evrur af samtölu →andvirðis tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á, →bótahöfuðstólum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., töluð. 1.1). Við útreikning á lífeyrisstuðlinum notum við ráðandi reikniforsendurnar →reiknivexti og dánartíðnitöfluna (→töflur), sem við notum þegar reikna á út iðgjald við upphaf lífeyristöku, þegar gera skal nýja sambærilega samninga um lífeyristryggingu með tafarlausu upphafi lífeyrisgreiðslu, sem og →kostnað vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ og hugsanlega kostnað vegna þáttarins „Eftirlifendalífeyrir“ og þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“ (sjá 3. mgr., töluð. 1.4).

Við ábyrgjumst samt sem áður að lífeyrisstuðullinn við upphaf lífeyristöku sé að minnsta kosti jafnhár og tryggði lífeyrisstuðullinn sem samið var um.

(3) Breytileg hækkan ábyrgðar

Í þrjú ár fram að upphafi lífeyristöku sem samið var um við samningsgerð athugum við á hverjum →virkum bankadegi (athugunartími) hvort við getum hækkað tryggða lágmarkshöfuðstóllinn við lífun sem er til ráðstöfunar í lok →biðtímans, með hliðsjón af þróun →andvirðis tryggingarinnar.

a) Forsendur

Tryggði höfuðstóllinn við lífun verður hækkaður ef →andvirði tryggingarinnar er að minnsta kosti 130 prósent af reiknistuðlinum á athugunartímanum. Reiknistuðullinn er samtala ellilífeyrisiðgjalda sem greidd hafa verið fram að þeim tíma og allra hækkana vegna þessa ferlis fram að þeim tíma.

b) Áhrif

- Tryggði höfuðstóllinn við lífun hækkar um helming mismunarins á milli →andvirðis tryggingarinnar og reiknistuðulsins samkvæmt mgr. a).
- Tryggður lágmarkslífeyrir, tryggður lífeyrisstuðull og umsaminn →tryggður prósentuhluti við samningsgerð hækka ekki við þetta.
- Hækkaður tryggður höfuðstóll við lífun er tryggður með útfærslu á safnstryggingu samkvæmt 2. mgr., töluð. 1.5. Þar af leiðandi endurúthlutum við hluta af →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik yfir í →höfuðstóll ábyrgðarinnar. Við það breytast hlutföllin milli →virðis

hlutdeildir í sérsjóði KomfortDynamik og →höfuðstóls ábyrgðarinnar.

c) Áhrif á aðra þætti

Bótagreiðslur úr frekari umsömdum þáttum hækka ekki vegna hækkunar á tryggðum höfuðstóll við lífun.

(4) Úrvinnsluferli

Frá þriðja síðasta árinu áður en upphaf lífeyristöku sem samið var um við samningsgerð hefst athugum við mánaðarlega hvort við getum endurúthlutað hluta af →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik yfir í →höfuðstól ábyrgðarinnar, og þar með hækkað tryggða höfuðstólinn við lífun.

a) Forsendur

Við beitum endurúthlutun þegar

- →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik er ennþá að minnsta kosti 10 prósent af →andvirði tryggingarinnar eftir endurúthlutunina og
- það er leyfilegt samkvæmt útfærslu safnstryggingar skv. mgr. 2, tölul. 1.5.

Viðmiðun fyrir útreikning á →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik er →virði hluta á 1. →virka bankadegi hvers mánaðar.

b) Upphæð endurúthlutunar

Hlutinn sem á að endurúthluta ræðst af mismuninum á milli

- útreiknaðs →virðis hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik
- og 10 prósentu af →andvirði tryggingarinnar sem deilt er með fjölda eftirstandandi mánaða fram að umsömdu upphafi lífeyristöku við samningsgerð.

c) Áhrif

- Hlutfallið milli →virðis hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik og →höfuðstóls ábyrgðarinnar breytist.
- Tryggðir höfuðstóllinn við lífun hækkar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar, að lágmarki um þann hlut sem á að endurúthluta samkvæmt málsgrein b).
- Tryggður lágmarkslífeyrir, tryggður lífeyrisstuðull og umsaminn →tryggður prósentuhluti við samningsgerð hækka ekki við þetta.

d) Áhrif á aðra þætti

Bótagreiðslur úr frekari umsömdum þáttum hækka ekki vegna hækkunar á tryggðum höfuðstóll við lífun.

(5) Tækifæri og áhættur á fjármálamarkaði

Upphæð →andvirðis tryggingarinnar og þar með lífeyririnn er aðallega háð virðisþróun →sérsjóðs KomfortDynamik.

Ekki er hægt að spá fyrir um virðisþróun →sérsjóðs KomfortDynamik. Þér býðst tækifæri, einkum þegar um er að ræða gengishækkanir eignarhluta í →sérsjóði KomfortDynamik, til að ná fram virðisaukningu. Á hinn bóginn getur virðið líka minnkað ef gengið lækkar. Gengissveiflur geta einnig haft áhrif á virði sem ekki er gefið upp í evrum úr →sérsjóði KomfortDynamik. Það merkir að lífeyririnn hækkar eða lækkar í samræmi við virðisþróun →sérsjóðs KomfortDynamik.

(6) Höfuðstólsgreiðsla þegar um er að ræða árlegan lífeyri undir 200 evrum

Ef lífeyrir við upphaf lífeyristöku er lægri en 200 evrir árlega greiðum við í eitt skipti höfuðstól í stað lífeyris. Upphæð höfuðstólsins er samtala →andvirðis tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á, →bótahöfuðstólum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) í lok →biðtímans. Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

Þegar grundvallarreglan um jafnræðismeðferð í tengslum við starfsgreinasjóð býður upp á að festa þessa lágmarksupphæð er lægri lífeyrir leyfður.

1.2 Hvaða bætur greiðum við við andlát fyrir upphaf lífeyristöku?

(1) Bætur við andlát fyrir upphaf lífeyristöku

a) Bætur án þáttarins „Eftirlifendalífeyrir“

Ef ekki var samið um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og ef →hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við samtöluna sem samanstendur af →andvirði tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeild í →matssjóðunum. Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

b) Bætur með þættinum „Höfuðstóll við andlát“

Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“ og →hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við bætur sem ráðast af reglum um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“, liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirlíðnum „Hvaða bætur greiðum við?“

c) Bætur með þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega með þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“

Ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ og →hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku greiðum við bætur sem ráðast af reglum

- þáttarins „Eftirlifendalífeyrir“, í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirlíðnum „Hvaða bætur greiðum við við andlát hins tryggða?“, málsgreininni „Eftirlifendalífeyrir“ og, ef við á,
- þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“, í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirlíðnum „Hvaða bætur greiðum við við andlát hins tryggða?“, málsgreininni „Lífeyrir munaðarlausra“

(2) Viðmiðunardagur fyrir útreikning á andvirði tryggingar

Við útreikning á →andvirði tryggingar notum við eignarhlut á andlátsdegi ásamt →virði hluta þegar andlátstilkynningin berst okkur, til viðmiðunar. Við tökum einnig tillit til dreifðra tekna úr →hlutdeild í sérsjóði KomfortDynamik á tímanum frá andlátsdegi og þar til andlátstilkynningin berst okkur við útreikning á →andvirði tryggingarinnar.

(3) Hærri greiðslur undir vissum kringumstæðum

Ef →hinn tryggði andast innan fyrstu þriggja mánaða frá fæðingu barns hins tryggða eða frá því að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling greiðum við höfuðstól sem nemur 25.000 evrum, óháð greiðslum samkvæmt 1. mgr. Ef um fjölbura fæðingar eða ættleiðingar fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) um fæðinguna eða ættleiðinguna innan þriggja mánaða lengist þessi hækkaða tryggingarvernd við andlát í samtals níu mánuði.

1.3 Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Bætur án þáttarins „Eftirlifendalífeyrir“

Ef →hinn tryggði deyr eftir upphaf lífeyristöku og ekki hefur verið samið um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ greiðum við dánarbætur sem nema margföldum árlegum tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku að frádregnum →tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku sem þegar hefur verið greiddur. Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

(2) Bætur með þættinum „Eftirlifendalífeyrir“

Ef sá sem síðast er á lífi (→hinn tryggði eða →hinn meðtryggði) andast eftir upphaf lífeyristöku og ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ greiðum við umsaminn höfuðstól, að frádreginni einni útborgaðri →tryggðri lífeyrisgreiðslu frá upphafi lífeyristöku, úr þættinum „Ellilífeyrir“, fyrir hvern gjaldþaga lífeyrisgreiðslu sem sá sem hefur lífað lengst lifði. Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

1.4 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

(1) Reikniforsendur við útreikning tryggðra bóta á þeim tíma þegar samningur er gerður

Á þeim tíma þegar samningurinn er gerður notum við, við útreikning á tryggðum lágmarkslífeyri og tryggðum lífeyrisstuðli, eftirfarandi reikniforsendur fyrir lífeyristöku:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2012 R U“ (→töflur),
- →reiknivextina 1,0 prósent og
- →kostnað vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ (sjá nánar í tölul. 7.1 2. mgr., b-lið).

„Að auki setjum við öryggismörk frádráttar fyrir tryggða lífeyrisstuðulinn. Við tilgreinum upphæð tryggða lífeyrisstuðulsins í tryggingarskírteininu.

Ef samið var um fleiri þætti, auk þáttarins „Ellilífeyrir“, beitum við við útreikning á tryggðum greiðslum úr þessum þáttum frekari →töflum sem tilgreindar eru í reglum viðkomandi þátta.

(2) Reikniforsendur þegar tryggður lágmarkslífeyrir hækkar og í öðrum tilvikum

Þegar tryggður lágmarkslífeyrir hækkar (til dæmis vegna viðbótargreiðslna) reiknum við hækkun tryggðs lágmarkslífeyris í grundvallaratriðum með reikniforsendum (einkum →reiknivöxtum, →töflum og →kostnaði vegna þáttarins „Ellilífeyrir“), sem við lögðum til grundvallar við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkunardegi og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, samkvæmt 3. mgr., a-lið, vegna ákvarðana eftirlitsyfirlalda og/eða opinberra yfirlýsinga þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV), getum við sömuleiðis lagt þær til grundvallar við hækkun tryggðs lágmarkslífeyris. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný eftir hækkun tryggðs lágmarkslífeyris getum við við síðari hækkun tryggðs lágmarkslífeyris beitt nýju reikniforsendum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt við hækkun tryggðs lágmarkslífeyris.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækkun tryggðs lágmarkslífeyris.

Prósentur →kostnaðar vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ samkvæmt tölul. 7.1, 2. mgr., b-lið, sem notaðar voru við samningsgerð, haldast óbreyttar.

Að undanskildum hækkunum tryggðs lágmarkslífeyris gilda samsvarandi reglur, ef í viðkomandi liðum þessara tryggingarskilmála er skýrt kveðið á um slíkt (til dæmis við hækkun bóta frekari umsaminna þátta sökum lengds iðgjaldsgreiðslutíma).

(3) Reikniforsendur við útreikning á upphæð ævilífeyris við upphaf lífeyristöku

Við upphaf lífeyristöku reiknum við upphæð ævilífeyris með þeim reikniforsendum fyrir útreiknaðan lífeyrisstuðul sem eru ráðandi á þeim tímapunkti samkvæmt tölul. 1.1, 2. mgr., b-lið. Ráðandi reikniforsendur fyrir útreikning á lífeyrisstuðli eru →reiknivextir og dánartíðnitaflan (→töflur) sem við notum þegar reikna á út iðgjald við upphaf lífeyristöku, þegar gera skal nýja sambærilega samninga um lífeyristryggingu með tafarlausu upphafi lífeyrisgreiðslu, sem og prósentur →kostnaðar vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ samkvæmt tölul. 7.1, mgr. 2, b-lið, sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ reiknum við upphæð ævilífeyris út frá þættinum „Ellilífeyrir“ sem og upphæð eftirlífendalífeyris og hugsanlega lífeyri munaðarlausra við upphaf lífeyristöku út frá ráðandi reikniforsendum við upphaf lífeyristöku samkvæmt setningu 2. Ráðandi reikniforsendur eru í því tilviki sömuleiðis →kostnaður þáttarins „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“ frá upphafi lífeyrisgreiðslu (sjá nánar reglur þáttarins „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“ í liðnum „Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins“, undirliður „Umsýslukostnaður“).

- a) Sambærilegt gildir um lífeyristryggingu,
- sem gerir ráð fyrir greiðslu ævilangs tryggðs lífeyris, greiðslu bóta við andlát sem og eftirlífendabóta frá upphafi

lífeyristöku, ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, og sem

- gerir ekki ráð fyrir áhættumati vegna lífeyrisgreiðslna og
- gerir ekki ráð fyrir frekari tryggðum bótum á bótargreiðslutíma, svo sem bótum vegna óvinnufærni, örorku- eða umönnunarbótum og
- sem hefur að geyma, í tryggingarskilmálunum, reglur um hlutdeild í hagnaði frá upphafi lífeyristöku, sem samrýmast efnislega þeim skilmálum samningsins sem lúta að eðli hagnaðarhlutdeildar, útreikningi hagnaðarhlutdeildar og notkun slíks (sjá tölul. 3.2.5).

Dæmi um sambærilegar lífeyristryggingar er að finna í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvaða bætur felast í PrivatRente KomfortDynamik tryggingunni?“

b) Ef, við upphaf lífeyristöku, eru engar sambærilegar lífeyristryggingar í boði hjá okkur á þýska líftryggingamarkaðnum, í skilningi mgr. a-liðar, skuldbindum við okkur til að fastsetja lífeyrisstuðul,

- sem er ákvarðaður samkvæmt viðurkenndum grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar, sem við teljum sanngjarnan af þeim sökum
- og tryggir að við getum til frambúðar staðið við skuldbindingar okkar á grundvelli samninganna.

Í tilviki sem þessu köllum við til óháðan umsýðaraðila til að sannreyna lífeyrisstuðulinn og staðfesta að hann sé hæfilegur.

Við ábyrgjumst samt sem áður að lífeyrisstuðullinn við upphaf lífeyristöku sé að minnsta kosti jafnhár og tryggði lífeyrisstuðullinn sem samið var um.

Ef við, við upphaf lífeyristöku, bjóðum margvíslegar sambærilegar lífeyristryggingar í skilningi mgr. a-liðar á þýska lífeyristryggingamarkaðnum beitum við lífeyrisstuðli sambærilegrar lífeyristryggingar sem leiðir til hærri tryggðs lífeyris →frá upphafi lífeyristöku. Í því tilviki er það forsenda að þú getir á ný samið um sambærilegu lífeyristrygginguna í skilningi mgr. a-liðar.

c) 3. mgr. á ekki við um útreikning á tryggðum lágmarkslífeyri sem samið var um og tryggða lífeyrisstuðulinn sem þú hefur samið um (sjá nánar í 1. mgr.).

1.5 Hvernig er samningsbundin ábyrgð tryggð fyrir upphaf lífeyristöku?

(1) Höfuðstóll ábyrgðar

Til að ábyrgjast tryggðan höfuðstól við lífun og tryggðan lágmarkslífeyri flytjum við einn hluta af →andvirði tryggingarinnar yfir í aðrar fjárfestingar innan ábyrgðarsjóða okkar eða svonefndan →höfuðstól ábyrgðar meðan á →biðtímanum stendur. Upphæð →höfuðstóls ábyrgðarinnar fer meðal annars eftir →biðtímanum, biðtíma sem þegar er liðinn, upphæð tryggðs höfuðstóls við lífun, en einnig upphæð og þróun →virðis hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik.

(2) Útfærsla safnstryggingar

Á hverjum →virkum bankadegi fyrir upphaf lífeyristöku athugum við hvort úthlutun →andvirðis tryggingarinnar í →sérsjóð KomfortDynamik og →höfuðstól ábyrgðarinnar sé með þeim hætti að hægt sé að ábyrgjast tryggðan höfuðstól við lífun og tryggðan lágmarkslífeyri. Endurskoðun úthlutunarinnar fer eftir skilgreindu verklagi sem byggir á grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Þetta á sérstaklega við ef um óhagstæða virðisþróun →sérsjóðs KomfortDynamik er að ræða, en þá gætum við þurft að endurúthluta hluta af →virði hlutdeildar þinnar í sérsjóði KomfortDynamik eða heildarvirði hlutdeildar þinnar í sérsjóði KomfortDynamik yfir í →höfuðstól ábyrgðarinnar. Ef um hagstæða virðisþróun →sérsjóðs KomfortDynamik er hins vegar að ræða getur það leitt til endurúthlutunar úr →höfuðstól ábyrgðarinnar yfir í sérsjóð KomfortDynamik. Við endurúthlutun breytast hlutföllin milli →virðis hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik og →höfuðstóls ábyrgðarinnar.

Útfærsla safnstryggingar tryggir að í lok →biðtímans, við gengistap og þá einnig við óhagstæða virðispróun á →sérsjóði KomfortDynamik sé nægilega hátt →andvirði tryggingar til staðar til að hægt sé að ábyrgjast tryggða þætti.

2. Bein hlutdeild í virðispróun sérsjóðs KomfortDynamik

Fyrir upphaf lífeyristöku á tryggingin beina hlutdeild í virðispróun →sérsjóðs KomfortDynamik. Sjá upplýsingar í 5. mgr., tölul. 1.1 í tengslum við tækifæri og áhættu á fjármálamarkaði.

- Í þessum hluta er fjallað um:
- 2.1 Hvernig flyst fjárfesting í sérsjóð KomfortDynamik?
 - 2.2 Hvernig ráðstöfum við iðgjöldum og dreifðum tekjum úr sérsjóði KomfortDynamik?
 - 2.3 Hvenær eru iðgjöld til að mæta áhættu fjármögnum með fækkun hluta sem falla undir trygginguna í sérsjóði KomfortDynamik?
 - 2.4 Hvernig má fá upplýsingar um andvirði tryggingarinnar?

2.1 Hvernig flyst fjárfesting í sérsjóð KomfortDynamik?

- (1) Sérsjóður KomfortDynamik
→Sérsjóður KomfortDynamik samanstendur af ýmsum eignarhlutum. Þetta eru einkum hlutabréf, fyrirtækjaskuldabréf og ríkisskuldabréf. Við höldum rekstri →sérsjóðs KomfortDynamik aðskildum frá öðrum fjárfestingum okkar í sérstakri deild ábyrgðarsjóðs okkar (svonefndum fjárfestingarhlutum). Virði →sérsjóðs KomfortDynamik er í beinum tengslum við virðispróun eignarhluta í sérsjóði KomfortDynamik og háð þeirri próun.
- (2) Fjárfesting í sérstökum ábyrgðarsjóðum (fjárfestingarhlutir)
Hlutum í →sérsjóði KomfortDynamik sem falla undir trygginguna er stjórnað aðskilið frá öðrum fjárfestingum okkar í sérstakri deild ábyrgðarsjóðs okkar, svonefndum fjárfestingarhlutum, til loka →biðtímans.
- (3) Hlutdeildarvirði (virði hluta)
Hlutdeildarvirði í →sérsjóði KomfortDynamik (→virði hluta) fylgir virðispróun eignarhluta í viðkomandi sérsjóði. →Virði hluta er reiknað út samkvæmt nýjustu skilgreindu matsaðferðum hverju sinni, sem samræmast reglum í lögbók um fjárfestingar (KAGB). Virðispróun hlutar fer eftir virðispróun →sérsjóðs KomfortDynamik.

- (4) Hlutir yfirfærðir við upphaf lífeyristöku
Þegar lífeyristaka hefst tökum við þá hluta sem falla undir trygginguna og eru til staðar í lok →biðtímans úr fjárfestingarhlutum í →sérsjóði KomfortDynamik. Við flytjum →virði hlutdeilda í sérsjóði KomfortDynamik yfir í aðrar fjárfestingar innan ábyrgðarsjóða okkar.

2.2 Hvernig ráðstöfum við iðgjöldum og dreifðum tekjum úr sérsjóði KomfortDynamik?

(1) Ráðstöfun iðgjalda

- a) Ráðstöfun reglubundinna iðgjalda
Ef greidd eru reglubundin iðgjöld hækkuð við fjölda hluta sem falla undir trygginguna með iðgjöldunum, að því gefnu að þeir verði ekki nýttir til fjárfestingar í →höfuðstól ábyrgðarinnar. Þetta á við um hluti í →sérsjóði KomfortDynamik. Við þetta hækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik. Miðað er við →virði hluta við umreikning þessara iðgjalda yfir í hluta. Við fjármögnum samningsgerðar- og sölukostnað ásamt umsýslukostnaði með prósentum af iðgjaldi (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 7.1, mgr. 1 og 2, a-lið með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérsjóði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik.

- b) Ráðstöfun iðgjaldseingreiðslu
Ef iðgjald er greitt með eingreiðslu hækkuð við fjölda hluta sem falla undir trygginguna með iðgjaldinu, að því gefnu að þeir verði ekki nýttir til fjárfestingar í →höfuðstól

ábyrgðarinnar. Þetta á við um hluti í →sérsjóði KomfortDynamik. Við þetta hækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik. Miðað er við →virði hluta við umreikning þessara iðgjaldseingreiðslu yfir í hluta. Við fjármögnum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) samkvæmt 1. mgr. tölulíð 7.1 með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérsjóði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik.

- c) Viðmiðunardagur fyrir umreikning iðgjaldshluta yfir í hluta í sérsjóði KomfortDynamik
Við umreikning iðgjaldshluta í →sérsjóði KomfortDynamik er →virði hluta á móttökudegi greiðslunnar lagt til grundvallar, en er í síðasta lagi 2. →virkur bankadagur eftir móttökudag greiðslu. Umreikningurinn fer þó ekki fram fyrir en eftir gjalddaga viðkomandi iðgjalds. Berist greiðslan fyrir gjalddaga iðgjaldsins er →virði hlutarins á gjalddaga iðgjaldsins lagt til grundvallar, í síðasta lagi á 2. →virkum bankadegi eftir gjalddaga iðgjaldsins.

- (2) Ráðstöfun hagnaðar
Með hagnaði af hlutum sem falla undir trygginguna í →sérsjóði KomfortDynamik hækkar →virði hlutdeilda þínar í sérsjóði KomfortDynamik. Það gerist annaðhvort með hækkun á →virði hluta eða þegar hagnaði er úthlutað með hækkun á fjölda hluta sem falla undir trygginguna í →sérsjóði KomfortDynamik.

2.3 Hvenær eru iðgjöld til að mæta áhættu fjármögnum með fækkun hluta sem falla undir trygginguna í sérsjóði KomfortDynamik?

- (1) Forsendur
Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“ fjármögnum við,
- bæði í tryggingum með iðgjaldseingreiðslu og
 - iðgjaldsfríum tryggingum,

gjaldfallandi iðgjöld til að mæta áhættu mánaðarlega með fækkun hluta sem falla undir trygginguna í sérsjóði →KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik.

- (2) Áhrif óhagstæðrar virðispróunar á hluta sem falla undir trygginguna í sérsjóði KomfortDynamik
Óhagstæð virðispróun á →sérsjóði KomfortDynamik getur leitt til þess fyrir upphaf lífeyristöku að →virði hlutdeilda í sérsjóði KomfortDynamik nægir ekki lengur fyrir fullu iðgjaldi til að standa undir áhættu með úttektunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. Í því tilviki fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát“ úr gildi. Við látum þig vita tímanlega áður en að því kemur.

2.4 Hvernig má fá upplýsingar um andvirði tryggingarinnar?

Þú færð árlega, frá og með 2. →tryggingarári fram að upphafi lífeyristöku, tilkynningu þar sem finna má →andvirði tryggingarinnar. Þú getur einnig óskað eftir þessum upplýsingum hvenær sem er.

3. Greiðsla úr hagnaðarhlutdeild

Um hlutdeild í hagnaði gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

- Í þessum hluta er fjallað um:
- 3.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaðinum?
 - 3.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?
 - 3.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

- 3.1 Hvernig flyst fjárfesting í sérsjóð KomfortDynamik?
(1) Engin trygging fyrir upphæð hagnaðarhlutdeilda

Við getum ekki ábyrgst upphæð hagnaðarhlutdeildar.
Annars vegar ræðst upphæð hagnaðarhlutdeildar af mörgum atriðum sem ekki verða séð fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er þróun fjármálamarkaðarins. En þróun þeirrar áhættu sem við tryggjum og kostnaðar skipta hér einnig máli. Hins vegar hlýst hagnaðarhlutdeildin af orsakamiðaðri aðferð (sjá nánar um það í einstökum atriðum í tölul. 3.2 og 3.3 í 2. mgr.). Í **óhagstæðasta tilviki getur hagnaðarhlutdeild samningsins verið núll.**

Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildarinnar.

(2) Einstakir liðir hagnaðarhlutdeildar

Hagnaðarhlutdeildin felur í sér 2 liði:

- hlutdeild í hagnaði (sjá nánar einkum tölul. 3.2) og
- hlutdeild í →matssjóðunum (sjá nánar einkum tölul. 3.3).

Varðandi hagnaðarhlutdeild förum við hverju sinni að fyrirmælum eftirfarandi laga

- þýskra laga um tryggingarsamninga (VVG), þá sérstaklega 153. gr. VVG,
- þýskra laga um eftirlit með starfsemi váttryggingarféлага (VAG), þá sérstaklega 139. og 140. gr. VAG
- og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út þar um, sem og birtum reglugerðum í þeirri útgáfu sem í gildi er hverju sinni, einkum og sér í lagi reglugerð um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda (MindZV).

(3) Ráðandi hagnaður og matssjóðir

Grundvöllur hlutdeildar í hagnaði er hagnaðurinn, sem við finnum árlega innan ramma ársuppgjörsins samkvæmt fyrirmælum verslunarлага (HGB). Við ákvörðun ársuppgjörs er - að teknu tilliti til gildandi fyrirmæla og reglna um eftirlitsnefndir - ákvarðað hver hlutur árlegs hagnaðar skal vera sem fellur tryggingarþegum í heild sinni í skaut. Þennan hluta hagnaðar færum við →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda til tekna, svo framarlega sem hann er ekki færður beint hagnaðartengdum samningum til tekna. →Varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda má eingöngu ráðstafa til hlutdeildar →tryggingaþega í hagnaði. Við getum aðeins í lögheimiluðum undantekningartilvikum vikið frá þessu að fengnu samþykki viðkomandi eftirlitsyfirvalda hvað okkur varðar.

Forsenda fyrir hlutdeild í →matssjóðum eru matssjóðirnir, sem við reiknum út samkvæmt fyrirmælum verslunarлага (HGB), og á það við um ráðandi fyrirmæli laga um tryggingaæftirlit fyrir hlutdeild í matssjóðum allra samninga sem rétt eiga á hlutdeild í matssjóðum.

Færsla yfir í →varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda leiðir ekki til þess að samningurinn eigi kröfu til tiltekinna hagnaðarhlutdeildar.

3.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?

Hlutdeild í hagnaði er ákveðin með orsakamiðaðri aðferð. Hér á eftir gerum við grein fyrir því

- hvers vegna við myndum hagnaðarhópa (sjá tölul. 3.2.1),
- hvernig við reiknum út hagnaðarhlutdeild samningsins til að ákvarða →hlut í hagnaði (sjá tölul. 3.2.2) og
- hvernig samningurinn öðlast hlutdeild í hagnaði á samningstímanum (sjá tölul. 3.2.3 til 3.2.5).

Fjármagn til hlutdeildar í hagnaði er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 3.1, 3. mgr.). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

3.2.1 Myndun hagnaðarhópa

Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið af mörkum við myndun hagnaðarins. Þess vegna tökum við sambærilegar tryggingar saman í svonefnda hagnaðarhópa. Innan hagnaðarhópanna eru síðan mismunandi undirhópar þar sem horft er til frekari einkenna sem greina þá að. Skipun

einstakra samninga í hagnaðar- og undirhóp ræðst til dæmis af

- eðli áhættunnar sem tryggt er (til dæmis andláts-, óvinnufærni- eða örorkuáhætta),
- því stigi sem tryggingin er á (til dæmis fyrir eða eftir upphaf lífeyristöku),
- tryggingarbyrjun eða
- eðli iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaði sem ætlaður er öllum samningum sem eiga rétt á hagnaðarhlutdeild deilum við á einstaka hagnaðar- og undirhópa. Þá tökum við mið af því að hve miklu leyti hagnaðar- og undirhópar tóku þátt í myndun hagnaðarins.

Upplýsingar um það hvaða hagnaðar- og undirhópi tryggingin tilheyrir er að finna í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvaða hagnaðarhópar og undirhópar liggja samningnum til grundvallar?“. Skipun í hópa ræður því hvernig hagnaðarhlutum er ráðstafað síðar meir.

3.2.2 Prósentuhlutur hlutdeildar í hagnaði ákvarðaður

Til að finna þá hagnaðarhlutdeild sem tryggingu þinni er úthlutað samkvæmt fastákveðinni aðferð (sjá tölul. 3.2.3 til 3.2.5) skilgreinir stjórmin, að fenginni tillögu →ábyrgs tryggingafræðings fyrir upphaf hvers almanaksárs, upphæð →prósentuhluta í hagnaði fyrir eitt ár í senn (svonefnd hagnaðaryfirlýsing).

→Prósentuhlutir í hagnaði einstakra hagnaðar- og undirhópa (sjá tölul. 3.2.1) sem og mismunandi tegunda hagnaðarhlutdeilda (sjá tölul. 3.2.3 til 3.2.5) eru ákvarðaðir sem prósentuhluti tiltekinna →reiknistuðla.

Ákvörðun →prósentuhluta í hagnaði getur í óhagstæðasta tilviki leitt til þess að ekki verði ráðstafað neinum hagnaðarhlut til viðkomandi samnings eða ekki öllum tegundum hagnaðarhlutdeildar sem til álita koma (sjá tölul. 3.2.3 til 3.2.5).

→Prósentuhlutir í hagnaði eru birtir árlega í viðauka við ársskýrslu sem hægt er að panta hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum þér frá þeim með öðrum hætti.

Ef samið var um tryggingu með eingreiðslu iðgjalds eða iðgjaldsgreiðslutíma sem nemur allt að 9 árum eða með skemmri →biðtíma en 9 ár gilda um þáttinn „Ellilífeyrir“ á tilteknu tímabili eigin →prósentuhlutar í hagnaði. Þeir víkja frá þeim →prósentuhlutum í hagnaði sem tilgreindir eru í viðauka ársskýrslunnar fyrir undirhóp tryggingarinnar.

Ef um trygginguna gilda eigin →prósentuhlutir í hagnaði við lok samningsgerðarinnar má finna upplýsingar um upphæðina fyrir tímabilið þegar eigin prósentuhlutum í hagnaði er ráðstafað til þín, í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvað gildir um virðisþróun og hagnaðarhlutdeild?“ undir fyrirsögninni „Ábendingar um eigin prósentuhluti í hagnaði“.

3.2.3 Reglubundin hlutdeild í hagnaði fyrir upphaf lífeyristöku

Fyrir upphaf lífeyristöku veitum við þættinum „Ellilífeyrir“, allt eftir því hvaða hagnaðar- eða undirhópi tryggingin þín tilheyrir, hlutdeild í hagnaði okkar (reglubundnir hagnaðarhlutir).

Reglubundinn hagnaðarhlutur fyrir upphaf lífeyristöku samanstendur af

- hlut í vaxtahagnaði,
- hlut í viðbótarhagnaði →höfuðstóls ábyrgðarinnar og
- hlut í viðbótarhagnaði →sér sjóðs KomfortDynamik.

Upphæð tilgreindra hagnaðarhluta má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölul. 3.2.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Útreikningur og úthlutun reglubundinna hagnaðarhluta

Upphæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn er ákvörðuð samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við leggjum þá til grundvallar

skilgreinda → prósentuhluti í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölul. 3.2.2) og viðkomandi → reiknistuðul.

a) Hluttur í vaxtahagnaði

Hluttur í vaxtahagnaði er reiknaður út daglega, fyrir einn dag í einu, með þeim → prósentuhluta í hagnaði sem gildir á hverju ári, og honum svo úthlutað.

→ Reiknistuðull vaxtahagnaðarins er → höfuðstóll ábyrgðarinnar.

b) Hluttur í viðbótarhagnaði höfuðstóls ábyrgðarinnar

Hluttur í viðbótarhagnaði → höfuðstóls ábyrgðarinnar er reiknaður út daglega, fyrir einn dag í einu, með þeim → prósentuhluta í hagnaði sem gildir á hverju ári, og honum svo úthlutað.

→ Reiknistuðull viðbótarhagnaðarins er → höfuðstóll ábyrgðarinnar.

c) Hluttur í viðbótarhagnaði sérsjóðs KomfortDynamik

Hluttur í viðbótarhagnaði → sérsjóðs KomfortDynamik er reiknaður út í upphafi hvers mánaðar, fyrir einn mánuð í einu, með þeim prósentuhluta í viðbótarhagnaði sem gildir á hverju ári fyrir sérsjóð KomfortDynamik, og honum svo úthlutað.

→ Reiknistuðull viðbótarhagnaðarins fyrir → sérsjóð KomfortDynamik er fundinn þannig út að fjöldi hlutanna í sérsjóði KomfortDynamik sem falla undir trygginguna eru margfaldaðir með → virði hluta sem reiknað var út 1. hvers mánaðar. Ef 1. dagur mánaðar er ekki → virkur bankadagur er matsdagur síðasti virki bankadagur fyrri mánaðar.

Fyrsta mánuð → biðtímans er → reiknistuðull viðbótarhagnaðarins fyrir → sérsjóð KomfortDynamik sá hluti fyrsta iðgjaldsins fyrir þáttinn „Ellilífeyrir“ sem nýttur er til fjárfestingar í sérsjóði KomfortDynamik, að frádregnum samningsgerðar- og sölukostnaði, sem og umsýslukostnaði í prósentum iðgjaldsins (→ kostnaður) samkvæmt a-lið, 1. og 2. mgr., tölul. 7.1.

(2) Ráðstöfun hagnaðarhluta

Með hlutanum í vaxtahagnaði að frádregnum umsýslukostnaði (→ kostnaðinum) samkvæmt a-lið, 2. mgr., tölul. 7.1, hlutanum í viðbótarhagnaði → höfuðstóls ábyrgðarinnar og hlutanum í viðbótarhagnaði → sérsjóðs KomfortDynamik hækkuð við fjölda hlutanna í sérsjóði KomfortDynamik sem falla undir trygginguna fyrir upphaf lífeyristöku, að því gefnu að þeir verði ekki nýttir til fjárfestingar í höfuðstól ábyrgðarinnar. Við þetta hækkar → hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik.

Það sama gildir um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þátta.

3.2.4 Lokahagnaðarhlutdeild

Auk reglubundinna hagnaðarhluta getur komið til úthlutunar hlutar í lokahagnaði

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar samkvæmt tölul. 10.2 eða andlát → hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, ef ekki var samið um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og ekki var samið um þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, (samningslok) eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega úr þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“, við andlát hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, ef samið var um þá þætti, eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“.

Upphæð hlutar í lokahagnaði má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölul. 3.2.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Hluttur í lokahagnaði fundinn

- Við samningslok eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega úr þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“, við andlát → hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, ef samið var um þá þætti, eða

- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“ reiknum við út upphæð hluta lokahagnaðar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Þá leggjum við til grundvallar → reikniforsendurnar og þá ákvörðuðu prósentuhluti lokahagnaðar í hverju tilviki fyrir sig sem í gildi eru á hverjum tíma öll → tryggingarárin.

→ Reiknistuðull fyrir hlut í lokahagnaði er venjulegur → höfuðstóll ábyrgðarinnar sem um ræðir á hverju liðnu almanaksári.

Stjórnin ákveður upphæð allra prósentuhluta lokahagnaðar fyrir eitt almanaksár í senn. Ákvörðun um upphæð prósentuhluta lokahagnaðar sem og frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrsluna undir fyrirsögninni „Lokahagnaðarhluttur“.

Við greiðslur höfuðstóls fyrir upphaf lífeyristöku (til dæmis við uppsögn) getur lokahagnaðarhluturinn orðið lægri, og ræðst það af stöðu vaxta á fjármagnsmarkaðinum. Frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrsluna undir fyrirsögninni „Lokahagnaðarhluttur við uppsögn“.

(2) Ráðstöfun hlutar í lokahagnaði

Ef við greiðum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“ ráðstöfum við úthlutaða lokahagnaðarhlutanum ásamt → andvirði tryggingarinnar og hlutdeild í → matssjóðinum (að viðbættum, ef við á → bótahöfuðstólnum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðinum úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) til myndunar lífeyris samkvæmt 2. mgr., tölul. 1.1. Tryggður lágmarks lífeyrir og hugsanlega tryggður lágmarks eftirlifendalífeyrir sem og tryggður lágmarks lífeyrir munaðarlausra hækka ekki við þetta.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ og ef við greiðum, við andlát → hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, lífeyri úr þessum þáttum, þá nýtum við úthlutaða lokahagnaðarhlutann ásamt → andvirði tryggingarinnar og hlutdeild í → matssjóðinum til þess að mynda eftirlifendalífeyri og hugsanlega lífeyri munaðarlausra. Tryggður lágmarkseftirlifendalífeyrir og hugsanlega tryggður lágmarkslífeyrir munaðarlausra hækka ekki við þetta.

Ef um hlut í lokahagnaði er að ræða í samningslok greiðum við hann út.

3.2.5 Hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku tilheyrir tryggingin þín öðrum hagnaðarhópi (sjá einnig tölul. 3.2.1). Við munum upplýsa þig um þetta áður en lífeyrisgreiðsla hefst.

Ef samið var um hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku, gildir eftirfarandi:

- Hagnaðarlífeyrir frá upphafi lífeyristöku kemur til viðbótar við → tryggðan lífeyri frá upphafi lífeyristöku.
- Hagnaðarlífeyrir samanstendur af aukalegum lífeyri, sem ekki er hægt að ábyrgjast, úr þættinum „Ellilífeyrir“, sem og árlegum hækkunum lífeyris, sem ekki er hægt að ábyrgjast, en þær eru ákvarðaðar sem prósentuhluti af þeim heildarlífeyri sem myndaðist árið á undan úr þættinum „Ellilífeyrir“.
- Fyrsta hækkun lífeyris á sér stað einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslu.

Hagnaðarlífeyrir getur - í óhagstæðasta tilviki - verið núll.

(1) Hagnaðarlífeyrir reiknaður út

Upphæð hagnaðarlífeyris finnum við með því að reikna út muninn á heildarlífeyri og → tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku.

Við reiknum út heildarlífeyri við upphaf lífeyristöku út frá fyrirliggjandi samtölu af → andvirði tryggingarinnar, lokahagnaðarhlutanum og hlutdeild í → matssjóðinum (að viðbættum, ef við á → bótahöfuðstólnum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðinum úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1)

í lok →biðtímans. Til þess notum við dánartíðnitöflu sem ákvörðuð er fyrir hagnaðarlífeyri (→töflur) og ávöxtun að teknu tilliti til umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt b-lið, 2. mgr., tölul. 7.1. Þá tökum við mið af árlegum hækkunum lífeyris, en þær er ekki hægt að ábyrgjast.

Dánartíðnitöfluna (→töflur) og ávöxtunina sem ákvarðaðar voru fyrir hagnaðarlífeyri er að finna í viðauka við ársskýrsluna.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, felur hagnaðarlífeyrir einnig í sér eftirlifendalífeyri og hugsanlega lífeyri munaðarlausra. Hlutfall samanlagðs eftirlifendalífeyris og, ef svo á við, samanlagðs lífeyris munaðarlausra af heildarlífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“ er í samræmi við hlutfall tryggðs lífeyris við upphaf lífeyristöku hverju sinni.

(2) Breytingar á reikniforsendum hagnaðarlífeyris

Ef dánartíðnitafla (→töflur) eða ávöxtun, sem ákvarðaðar voru og eiga við um hagnaðarlífeyri innan ramma árlegrar hagnaðaryfirlýsingar (sjá tölul. 3.2.2), breytast

- geta árlegrar lífeyrishækkunar framvegis orðið hærri eða lægri en fram að því, eða jafnvel fallið niður og
- getur upphæð hagnaðarlífeyris aukist eða skerst.

Við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar síðari breytingar upplýsum við þig um upphæð áður nefnds aukalegs lífeyris og prósentuhlut lífeyrishækkunar.

(3) Breyting á hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Þú getur farið fram á það skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) að við ráðstöfum hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, innan ramma þeirra ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

3.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

Þegar veitt er hlutdeild í →matssjóðunum erum við bundin af þeim eftirlitsákvæðum sem gilda fyrir okkur til að tryggja að ávallt sé hægt að standa við skuldbindingar trygginganna. **Hlutdeild í →matssjóðum getur því orðið núll, í óhagstæðasta tilviki.**

→Matssjóðunum, sem samkvæmt eftirlitsfyrirmælum ber að taka tillit til við þáttöku →tryggingaþeganna, úthlutum við inn á einstaka samninga samkvæmt orsakamiðuðu aðferðinni sem lýst er í 2. mgr.

Í því skyni er upphæð →matssjóðanna fundin

- á ný árlega,
- auk þess einnig á þeim viðmiðunardögum sem gefnir eru út í viðauka við ársskýrsluna undir fyrirsögninni „Ráðandi viðmiðunardagar fyrir hlutdeild í matssjóðunum“.

Af reikningslegu ráðstöfuninni er þó ekki hægt að leiða neinar samningsbundnar kröfur til hlutdeildar í →matssjóðunum að einhverri tiltekinni upphæð. Raunveruleg hlutdeild þín sem grundvallast á reikningslegri ráðstöfun byggist á 3. til 6. mgr.

(1) Hlutdeildin stofnast

Við veitum tryggingunni hlutdeild í →matssjóðunum:

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar samkvæmt tölul. 10.2 eða andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, ef ekki var samið um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og ekki var samið um þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, (samningslok) eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega úr þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“, við andlát hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, ef samið var um þá þætti, eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“ sem og
- á lífeyrisgreiðslutímanum (sjá 6. mgr.).

(2) Orsakamiðuð hlutdeild

Hlutdeild í →matssjóðunum er ákveðin með orsakamiðaðri aðferð. Samkvæmt þessari aðferð ákvörðum við þá

reikningslegu úthlutun úr →matssjóðunum, er kemur í hlut hvers samnings, sem hlut allra þeirra samninga í matssjóðum sem eiga rétt á slíkri hlutdeild. Þessi hlutur ræðst af samtölu venjulegra →höfuðstóla ábyrgðar samningsins á liðnum tryggingarárum í hlutfalli við samtölu venjulegra →bótahöfuðstóla (að meðtöldum venjulegum höfuðstólum ábyrgðar) allra samninga á viðkomandi tryggingarárum, svo framarlega sem samningarnir eiga tilkall til slíks.

Viðmiðunardaga fyrir útreikning →matssjóða ákvörðum við fyrir eitt almanaksár í einu. Þær ákvarðanir gefum við út í viðauka við ársskýrslu undir fyrirsögninni „Ráðandi viðmiðunardagar fyrir hlutdeild í matssjóðunum“.

(3) Úthlutun matssjóða

Við reiknum út

- við samningslok (sjá mgr. 1) eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega úr þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“, við andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, ef samið var um þá þætti, eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“, þann hlut sem samningi þínum ber á þessum tímamarkum í →matssjóðum, fundinn út samkvæmt aðferð sem lýst er í mgr. 2. Samkvæmt 3. mgr. 153. greinar laga um tryggingasamninga (VVG) úthlutum við síðan tryggingu þinni helming þeirrar upphæðar sem þannig finnst. Þar með stofnast tilkall til ráðstafaðrar upphæðar samningsins. Fjármagn til hlutdeildar í →matssjóðum er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 3.1, mgr. 3).

(4) Ráðstöfun úthlutaðra matssjóða

Ef við greiðum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“ ráðstöfum við hlutdeildinni í →matssjóðunum ásamt →andvirði tryggingarinnar og lokahagnaðarhlutanum (að viðbættum, ef við á →bótahöfuðstólum, lokahagnaðarhlutunum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) til myndunar lífeyris samkvæmt 2. mgr., tölul. 1.1. Tryggður lágmarks lífeyrir og hugsanlega tryggður lágmarks eftirlifendalífeyrir sem og tryggður lágmarks lífeyrir munaðarlausra hækka ekki við þetta.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ og ef við greiðum, við andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, lífeyri úr þessum þáttum, þá nýtum við hlutdeild í →matssjóðunum ásamt →andvirði tryggingarinnar og lokahagnaðarhlutanum til þess að mynda eftirlifendalífeyri og hugsanlega lífeyri munaðarlausra. Tryggður lágmarks eftirlifendalífeyrir og hugsanlega tryggður lágmarks lífeyrir munaðarlausra hækka ekki við þetta.

Þegar samningi þínum lýkur greiðum við út hlutdeild í →matssjóðum.

(5) Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðum

Upphæð →matssjóðanna, sem trygging þín fær hlutdeild í, fer eftir fjármagnsmarkaðnum og er háð sveiflum. Til að jafna út þessar sveiflur getum við, að teknu tilliti til afkomu, ákvarðað →prósenthluti í hagnaði svonefndrar grunnupphæðar fyrir hlutdeild í →matssjóðunum. Í eftirtöldum tilvikum getur grunnupphæð komið til álita:

- við uppsögn eða andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku (samningslok) eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega úr þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“, við andlát hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, ef samið var um þá þætti, eða
- við nýtingu höfuðstólsvalréttar samkvæmt tölul. 10.2 eða
- við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“.

a) Grunnupphæð fundin

Ef grunnupphæð kemur til álita í ofangreindum tilvikum reiknum við út upphæð hennar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Þá leggjum við til grundvallar →reikniforsendurnar og þá ákvörðun

→prósentuhluti hagnaðar í hverju tilviki fyrir sig sem í gildi eru á hverjum tíma öll →tryggingarárin.

→Reiknistuðullinn fyrir grunnupphæðina er venjulegur
→höfuðstóll ábyrgðarinnar í hverju tilviki fyrir sig á hverju liðnu almanaksári.

Stjórnin ákvarðar upphæð allra →prósentuhluta í hagnaði fyrir grunnupphæðina fyrir eitt almanaksár í senn. Ákvörðun um upphæð →prósentuhluta í hagnaði fyrir grunnupphæðina sem og frekari upplýsingar er að finna í viðauka við ársskýrsluna undir fyrirsögninni „Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðum“.

b) Úthlutun og ráðstöfun grunnupphæðar
Ef við úthlutum samningnum hlutdeild í →matssjóðunum og ef einhver fastákvörðuð grunnupphæð samkvæmt 3. mgr. er á þeim tímapunkti hærri en verðmæti hlutdeildarinnar, þá úthlutum við samningnum grunnupphæðina. Hún er notuð eins og lýst er í 4. mgr. Ef grunnupphæðin er lægri eða ef engin grunnupphæð er ákvörðuð verður úthlutað þeirri upphæð sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum (sjá 3. mgr.).

(6) Hlutdeild reglubundins lífeyris
Reglubundinn lífeyrir öðlast hlutdeild í →matssjóðum með viðeigandi aukinni hlutdeild í hagnaði. Þegar tekin er ákvörðun um þessa →prósentuhluti í hagnaði innan ramma útreiknings á hagnaðarhlutum er sérstaklega horft til stöðu matssjóðanna hverju sinni.

4. Bótaþegi og millifærsla greiðslna

Í þessum hluta er fjallað um:

4.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

4.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?

4.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

(1) Viðtakandi greiðslna og afturkallanlegur viðtökuréttur
Bætur samkvæmt samningi þínum innum við af hendi til þín sem →tryggingaþega okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á gjalddaga (bótaþegi). Viðtökurétti bótaþega má breyta eða afturkalla hvenær sem er fyrir hvern gjalddaga (afturkallanlegur viðtökuréttur), ef svo á við gæti einnig þurft samþykki þriðja aðila. Eftir andlát →hins tryggða er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

(2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur
Þú getur kveðið skýrt á um að bótaþegi eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum, strax og órífanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína í hendur er aðeins hægt að nema þennan rétt bótaþega úr gildi ef bótaþegi samþykkir; ef svo á við gæti einnig þurft samþykki þriðja aðila.

(3) Bótaþegi (viðtakendur greiðslu)
Ef samið var um þættina

- „Lífeyri vegna óvinnufærni“ eða „Lífeyri vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og ef við á tryggða aukalega þáttinn „Viðbótarlífeyri vegna umönnunar“,
- „Umönnunarlífeyri“ eða
- „Barnaframfærslu“ má tilnefna sem afturkallanlegan bótaþega samkvæmt 1. mgr. og sem bindandi bótaþega samkvæmt 2. mgr., við lífun, eingöngu →hinn tryggða eða einhvern náinn ættingja hins tryggða samkvæmt 7. gr. þýskra laga um umönnunartímabil (PflegeZG) eða samkvæmt 15. gr. þýskrar skattareglugerðar (AO) (til dæmis eiginmaður/eiginkona, skráður sambýlismaður/-kona, maki í óskráðri sambúð, nánasti ættingi eða systkini).

Takmörkun þessara viðtakenda gildir ekki ef tryggingunni er ætlað að tryggja skuldbindingu →hins tryggða eða nákomins

ættingja hins tryggða samkvæmt 7. gr. þýskra laga um umönnunartímabil (PflegeZG) eða ef viðkomandi hefur afsalað sér eða veðsett kröfur samkvæmt 4. mgr. 15. gr. þýskrar skattareglugerðar (AO). Í því tilviki getur tryggingartaki tilnefnt sjálfan sig sem bótaþega. Takmörkun viðtakenda gildir ekki um viðtökurétt við andlát. Hægt er að tilnefna hvern sem er sem bótaþega við andlát.

(4) Afsal og veðsetning kröfurettinda
Þú getur líka afsalað þér réttindum þínum eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum ef slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt, þó ef svo á við gæti einnig þurft samþykki þriðja aðila.

(5) Skrifleg gögn
Veiting og afturköllun viðtökuréttar (sjá 1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (sjá 4. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur þegar sá sem hafði þennan rétt hingað til hefur tilkynnt okkur breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti). Réttthafi hingað til ert yfirleitt þú. En það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi bindandi ráðstafanir.

4.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?
Við millifærum bæturnar til þess sem veita má þeim viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má greiðslunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

5. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?

5.2 Hvaða reglur gilda um sjálfsvíg hins tryggða?

5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?

(1) Grundvallarregla
Meginreglan er að við greiðum bætur óháð því hvað veldur tryggingartilvikinu. Við greiðum bætur alveg sérstaklega ef →hinn tryggði lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Skert bótaskylda
Bótargreiðsla okkar við andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku er takmörkunum háð í eftirtöldum tilvikum:

a) andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök.

Við greiðum þó óskertar bætur ef →hinn tryggði andast meðan á dvöl hans eða hennar stendur utan Þýskalands í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann eða hún tók ekki virkan þátt í. Við greiðum einnig óskertar bætur ef →hinn tryggði andast í tengslum við þátttöku hins tryggða í mannúðar- og hjálparstarfi eða friðargæsluáðgerðum (NATO, UNO, ESB eða OSZE) utan landamæra NATO-ríkja sem meðlimur í þýskri herþjónustu eða lögregluliði.

b) andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (ABC-vopna) eða
- vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna, ef beiting eða losun miðaði að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða atburð, takmarkaðan í tíma og rúmi, þar sem innan við 1.000 manns farast þegar í stað eða munu fyrirsjáanlega deyja eða hljóta varanlegan alvarlegan heilsubrest innan fimm ára vegna atburðarins. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu. Kröfur um óskertar

tryggingagreiðslur gjaldfalla ekki fyrr en að þeim fresti liðnum.

(3) Áhrif skertrar bótaskyldu

Skert bótaskylda hefur eftirfarandi áhrif:

- a) Ef ekki var samið um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og ef ekki var samið um þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ greiðum við úr þættinum „Ellilífeyrir“ upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 9.2. Frádráttur samkvæmt 2. mgr. tölul. 9.2 fer ekki fram. Ef tryggingin er háð iðgjöldum bætist við endurkaupsvirði úr umsamda þættinum „Höfuðstóll við andlát“, ef hann á við. Við greiðum þó samtals í hæsta lagi þær bætur sem um var samið vegna andláts. Forsenda þess er að við myndum þá inna af hendi bætur við uppsögn.
- b) Ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og ef hugsanlega var samið um þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ er hægt að mynda eftirlifendalífeyri og hugsanlega lífeyri munaðarlausra með því endurkaupsvirði sem reiknast á andlátsdegi samkvæmt tölul. 9.2 án þess að til komi frádráttur samkvæmt 2. mgr. tölul. 9.2.

5.2 Hvaða reglur gilda um sjálfsvíg hins tryggða?

(1) Grundvallarregla

Við sjálfsvíg af ásettu ráði greiðum við óskertar bætur ef þrjú ár eru liðin frá gerð samningsins.

Við sjálfsvíg af ásettu ráði áður en þriggja ára fresturinn er liðinn greiðum við því aðeins óskertar bætur að sannað verði fyrir okkur að vígið

- hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða
- undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga.

(2) Skert bótaskylda og afleiðingar

Ef forsendur 1. mgr. eru ekki fyrir hendi greiðum við skertar bætur samkvæmt 3. mgr. tölul. 5.1.

(3) Breyting eða endurheimt tryggingarinnar

1. og 2. mgr. gilda einnig við breytingu á tryggingunni sem vikkar greiðsluskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar.

Ef tryggingunni er breytt eða hún endurheimt hefst þriggja ára fresturinn að nýju hvað varðar breytta eða endurheimta hluta hennar.

6. Samstarfsskyldur þínar

Í þessum hluta er fjallað um:

- 6.1 Hvaða gagna getum við krafist?
- 6.2 Hvenær getum við farið fram á sönnur þess að hinn tryggði sé enn á lífi?
- 6.3 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?
- 6.4 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

6.1 Hvaða gagna getum við krafist?

Þegar farið er fram á greiðslur samkvæmt samningnum getum við farið fram á að eftirtalin gögn verði lögð fram:

- Tryggingarskírteini,
- gögn með þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í B-hluta, tölul. 3 og
- opinber staðfesting á fæðingardegi →hins meðtryggða (fæðingavottorð), ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir.

6.2 Hvenær getum við farið fram á sönnur þess að hinn tryggði sé enn á lífi?

Fyrir hverja útborgun lífeyris eða höfuðstóls getum við, á okkar kostnað, krafist opinbers vottorðs um að →hinn tryggði sé enn á lífi.

6.3 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?

Tilkynna ber okkur tafarlaust um andlát →hins tryggða.

Ávallt skal færa okkur opinbera staðfestingu á andláti →hins tryggða þar sem fram koma aldur og fæðingarstaður (dánarvottorð).

Þegar farið er fram á greiðslur samkvæmt samningnum getum við einnig farið fram á að eftirtalin gögn verði lögð fram:

- sönnun um dánarorsök →hins tryggða eða
- ítarlegt læknisvottorð eða opinbert vottorð um dánarorsök hins tryggða eða
- ef hinn tryggði lést vegna veikinda, ítarlegt læknisvottorð eða opinbert vottorð um dánarorsök, sem og um upphaf og sögu veikindanna sem leiddu til dauða hins tryggða.

6.4 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

Við getum krafist frekari sannana og gert ítarlegri rannsóknir ef slíkt reynist nauðsynlegt til að sannreyna bótaskyldu okkar. Kostnaðinn sem af þessu hlýst ber sá sem krefst tryggingagreiðslunnar.

7. Kostnaður vegna samningsins

Um kostnað samningsins gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?
- 7.2 Fyrir hvaða kostnað getum við krafist þig um greiðslu sérstaklega?

7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

(1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Samningnum fylgir samningsgerðar- og sölukostnaður (→kostnaður). Þér ber að greiða hann. Við reiknuðum samningsgerðar- og sölukostnaðinn (→kostnaður) inn í iðgjaldið og því þarf ekki að greiða hann sérstaklega.

Við notum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) til dæmis til að greiða þóknun tryggingamiðlara, kostnað við mat á umsókninni og við gerð samningssgagna.

a) Kostnaður vegna iðgjalda sem samið var um við samningsgerðina

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld leggjum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) á samninginn

- við reiknum samningsgerðar- og sölukostnað samningsins (→kostnaður) sem prósentuhlut samtölu þeirra iðgjalda sem samið var um við samningsgerð og
- sem prósentuhlut innborgaðra iðgjalda.

Við dreifum samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) sem prósentuhlut samtölu þeirra iðgjalda sem samið var um við samningsgerð

- með jöfnum upphæðum árlega,
- í að minnsta kosti fimm ár,
- en þó ekki lengur en til loka umsamda iðgjaldsgreiðslutímans.

Við fjármögnum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) sem prósentuhlut samtölu þeirra iðgjalda sem samið var um við samningsgerðina fyrir þáttinn „Ellilífeyrir“ mánaðarlega með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérjóði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérjóði KomfortDynamik.

Við innheimtum aðeins samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) sem prósentuhlut innborgaðra iðgjalda eftir lok tímabilsins sem við dreifðum samningsgerðar- og sölukostnaði á, sem prósentuhlut samtölu þeirra iðgjalda sem samið var um við samningsgerðina, í jöfnum árlegum upphæðum (sjá 2. setn.). Við fjármögnum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) þegar iðgjöldin eru greidd með

því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.

Ef →virði hlutdeildar í sérstöði KomfortDynamik lækkar það mikið á →biðtímanum að ekki er lengur hægt, eða ekki að fullu, að standa straum af samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) úr →sérstöði KomfortDynamik verður kostnaðurinn fenginn úr →höfuðstól ábyrgðarinnar.

Til umsaminna iðgjalda við samningsgerð telst einnig viðbótargreiðsla við samningsgerð. Frá þeirri viðbótargreiðslu drögum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður), öðruvísi en segir í 2. setn., einu sinni þegar greitt er og nemur hún einu prósentuhlut viðbótargreiðslu.

Ef iðgjald er greitt með eingreiðslu fjármögnum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) sem prósentuhlut einkvæma iðgjaldsins sem samið var um við samningsgerðina þegar greitt er með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.

b) Kostnaður þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar

Þegar upphæð umsaminna iðgjalda hækkar innheimtum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) sem hér segir:

- Við viðbótargreiðslur (sjá tölul. 10.10 og tölul. 10.4, mgr. 1, b-lið) drögum við frá viðbótargreiðslunni, þegar hún berst, samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður), hvorn um sig einu sinni, sem nemur einum prósentuhlut viðbótargreiðslu.
- Þegar bótum er frestað (sjá 2. mgr., tölul. 10.1) fjármögnum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnað) á hverju ári →viðbótargreiðslu með jöfnum prósentuhlut ársiðgjaldsins, mánaðarlega, með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.
- Ef hækkunin gerist smám saman og þegar iðgjald er hækkað (sjá tölul. 10.9) leggjum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) á samninginn sem
 - prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju umsömdu iðgjaldssamtölunni. Við dreifum þessum samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) frá því er hækkunin varð, eins og lýst er í 2. setn., mgr. a. Við fjármögnum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) fyrir þáttinn „Ellilífeyrir“ mánaðarlega byggt á mismuninum á gömlu og nýju umsömdu iðgjaldssamtölunni með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.
 - prósentuhlut mismunarins á milli hækkaðs greidds iðgjalds og iðgjaldsins á heilu umsömdu greiðslutímabili (sjá 1. mgr. tölul. 2.1 í B-hluta) áður en hækkun er gerð. Við innheimtum þennan samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) eftir lok tímabilsins sem við dreifðum samningsgerðar- og sölukostnaði á, sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju umsömdu iðgjaldssamtölunni, í jöfnum árlegum upphæðum (sjá 2. setn., a-lið). Við fjármögnum þennan samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) þegar hækkuðu iðgjöldin eru greidd með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.
- Þegar iðgjaldagreiðslutími er framlengdur (sjá 2. mgr. tölul. 10.12) leggjum við samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) á samninginn sem
 - prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju umsömdu iðgjaldssamtölunni. Við dreifum þessum samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) frá þeim tíma þegar framlengingin tók gildi, eins og lýst er í 2. setn., mgr. a. Við fjármögnum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) fyrir þáttinn „Ellilífeyrir“ mánaðarlega byggt á

mismuninum á gömlu og nýju umsömdu iðgjaldssamtölunni með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.

- prósentuhlut af greiddum viðbótargreiðslum vegna framlengda iðgjaldsgreiðslutímans. Við fjármögnum samningsgerðar- og sölukostnað (→kostnaður) þegar iðgjöldin eru greidd með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.

Ef →virði hlutdeildar í sérstöði KomfortDynamik, í ofangreindum tilvikum, lækkar það mikið á →biðtímanum að ekki er lengur hægt, eða ekki að fullu, að standa straum af samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) úr →sérstöði KomfortDynamik verður kostnaðurinn fenginn úr →höfuðstól ábyrgðarinnar.

(2) Umsýslukostnaður

Samningnum fylgir einnig umsýslukostnaður (→kostnaður). Það er kostnaðurinn vegna stöðugar umsýslu sem tengist samningnum. Þér ber einnig að greiða þann kostnað. Allur umsýslukostnaður (→kostnaður) er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega. Umsýslukostnaður (→kostnaður) samsvarar öðrum kostnaði skv. 1. lið 1. mgr. 2. gr. í reglugerð um upplýsingaskyldu í tryggingasamningum (VVG-InfoV).

a) Umsýslukostnaður fyrir upphaf lífeyristöku

Við leggjum umsýslukostnað á samninginn fyrir upphaf lífeyristöku (→kostnaður) í formi

- árlegan prósentuhlut →andvirðis tryggingarinnar og
- sem prósentuhlut innborgaðra iðgjalda. Til innborgaðra iðgjalda teljast einnig viðbótargreiðslur (sjá tölul. 10.10) og hækkað iðgjald (sjá tölul. 10.9) og hækkað iðgjald vegna umsamins vaxtar smám saman.

Fyrir upphaf lífeyristöku fjármögnum við umsýslukostnað (→kostnaður) úr þættinum „Ellilífeyrir“ með eftirfarandi hætti:

- Umsýslukostnaður (→kostnaður) sem fellur undir →höfuðstól ábyrgðarinnar er tekinn daglega úr höfuðstól ábyrgðarinnar.
- Umsýslukostnað (→kostnaður) sem fellur undir →virði hlutdeildar í sérstöði KomfortDynamik fjármögnum við mánaðarlega með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.
- Umsýslukostnað (→kostnaður) sem fellur undir innborguð iðgjöld fjármögnum við þegar greiðslan berst með því að fækka hlutum sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik.

Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérstöði KomfortDynamik.

→Kostnaður er einnig lagður á →virði hlutdeildar þinnar í KomfortDynamik sérstöðinum fyrir umsýslu sjóðsins. Þessi →kostnaður er reiknaður út reglulega og er tekinn beint úr →sérstöði KomfortDynamik. Þessi →kostnaður getur breyst. Hann má finna undir →virði hluta.

b) Umsýslukostnaður frá upphafi lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku leggjum við á samninginn umsýslukostnað (→kostnaður) sem prósentuhlut greiddra bóta.

(3) Upphæð kostnaðar

Upplýsingar um upphæð →kostnaðar er að finna í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvaða kostnaður fylgir?“.

(4) Sérákvæði um fækkun hluta sem falla undir trygginguna í sérstöði KomfortDynamik

→Virði hluta 1. →virka bankadag hvers mánaðar er haft til viðmiðunar við fækkun hluta sem falla undir trygginguna í →sérstöði KomfortDynamik samkvæmt 1. og 2. mgr. og tölul. 2.3.

7.2 Fyrir hvaða kostnað getum við kafið þig um greiðslu sérstaklega?

- (1) **Kostnaður vegna skiptingar lífeyrisréttinda**
Við skiptingu samningsins innan ramma jöfnunar lífeyrisréttinda skal innheimta hjá þér frekari →kostnað, svonefndan →skiptikostnað.
- (2) **Kostnaður vegna endursendinga í skuldfærslukerfum**
Ef til þess kemur að við fáum skilgjaldfærslutilkynningu þar sem bankinn þinn innheimtir →kostnað af okkur, sem er af þínum völdum, innheimtum við þennan kostnað hjá þér sérstaklega.

8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds

- Í þessum hluta er fjallað um:
- 8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfria?
- 8.2 Hvernig er hægt að hefja iðgjaldagreiðslu að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfria?

- (1) **Forsendur**
Hægt er að fara skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá B-hluta, tölul. 2.1).

(2) **Lágmarksvirði**

- a) **Bætur án þáttarins „Höfuðstóll við andlát“**
Við höldum tryggingunni aðeins áfram með iðgjaldsfríum bótum sem reiknaðar eru samkvæmt 4. og 5. mgr. ef →andvirði tryggingarinnar nemur að minnsta kosti 1.000 evrum eftir frádráttinn samkvæmt 5. mgr. Ef svo er ekki fellur tryggingin úr gildi. Þá greiðum við upphæðina sem er reiknuð samkvæmt tölulíð 9.2, ef hún er tiltæk.

- b) **Bætur með þættinum „Höfuðstóll við andlát“**
Við höldum tryggingunni aðeins áfram með iðgjaldsfríum bótum sem reiknaðar eru samkvæmt 4. og 5. mgr. ef →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik nemur að minnsta kosti 1.000 evrum eftir að úthlutanirnar og úttektirnar sem lýst er í b-lið 4. mgr. og frádrátturinn samkvæmt 5. mgr. hefur farið fram. Ef svo er ekki fellur tryggingin úr gildi. Þá greiðum við upphæðina sem er reiknuð samkvæmt tölulíð 9.2, ef hún er tiltæk.

- c) **Viðmiðunardagur fyrir útreikning á virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik**
Viðmiðunardagur fyrir útreikning á →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik er fimmti síðasti →virki bankadagur áður en trygging er gerð iðgjaldsfrí. Ef umsókn um undanþágu frá greiðslu iðgjalds berst okkur eftir fimmta síðasta →virka bankadag reiknum við virði hlutanna með hliðsjón af →virði hluta sem liggur fyrir þegar umsóknin um undanþágu frá greiðslu iðgjalds berst okkur.

(3) **Tímamörk**

- Hægt er að fara fram á ótímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalds eða tímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalds í allt að 3 ár. Þegar um tímamörk er að ræða upplýsum við þig tímanlega fyrir lok tímabilsins sem þú óskar eftir, um endurupptöku greiðslu iðgjalda og um möguleika á að greiða iðgjöldin sem á vantar vegna iðgjaldsfría tímabilsins.

(4) **Áhrif**

- a) **Áhrif á tryggðar iðgjaldsfríar bætur**
- Eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds reiknum við einnig lífeyrinn samkvæmt mgr. 2, tölul. 1.1.
 - Við lækkum tryggðan lágmarkslífeyri um þann stuðul sem verður til úr hlutfalli samtölu greiddra iðgjalda fram að því er tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, og samtölu umsaminna iðgjalda á samningstímanum.
 - Við lækkum tryggðan höfuðstól við lífun um þann →tryggða prósentuhluta af samtölu greiddra ellilífeyrisiðgjalda fram til þessa sem samið var um við samningsgerð, að viðbættum öllum hækkunum á

- tryggðum höfuðstól við lífun samkvæmt 3. og 4. mgr., tölul. 1.1.
- Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“ helst hann óbreyttur en þó með breyttri upphæð. Við lækkum höfuðstól við andlát um þann stuðul sem verður til úr hlutfalli samtölu greiddra iðgjalda fram að því er tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, og samtölu umsaminna iðgjalda á samningstímanum. Ef umsamin tryggður höfuðstóll við andlát er hærri en →tryggði prósentuhlutinn af greiddum iðgjöldum fram að því er tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, og sem samið var um við samningsgerð, eftir þessa lækkun, takmörkum við umsamda tryggða höfuðstólinn við andlát við tryggða prósentuhlutann sem samið var um við samningsgerðina.
 - Tölulíður 7 gildir áfram eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds. Á iðgjöld sem samið var um í upphafi, sem ekki þarf að greiða vegna undanþágunnar frá greiðslu iðgjalds, leggjum við þó engan →kostnað sem prósentu af iðgjaldi samkvæmt tölulíð 7.1, málsgreinum 1 a) og 2 a), frá þeim tíma sem undanþágan tekur gildi.

b) **Áhrif á virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“**

- Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“ hækkuum við →bótahöfuðstólinn sem tiltækur er fyrir umsamdan tryggðan höfuðstóll við andlát ásamt fjölda hluta sem falla undir trygginguna í →sérsjóði KomfortDynamik. Við þetta hækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik.
- Þar sem iðgjöld eru ekki lengur greidd beittum við fækkun hluta sem falla undir trygginguna í →sérsjóði KomfortDynamik til að greiða gjaldfallin iðgjöld og til að mæta áhættu mánaðarlega. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik. Sjá einnig upplýsingarnar í 4. mgr. tölul. 7.1 og tölul. 2.3.

(5) **Frádráttur**

- Við drögum 50 evrur frá →virði hlutdeildar þinnar í sérsjóði KomfortDynamik vegna aukins umsýslukostnaðar. Í samræmi við upphæð frádráttarins verður hlutum sem falla undir trygginguna í →sérsjóði KomfortDynamik fækkað. Við þetta lækkar →hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik. Tölulíður 7.1, 4. mgr. gildir á sambærilegan hátt.

Frádráttur fellur niður

- á síðasta ári →biðtímans eða
- á síðustu 7 árum biðtímans, ef →hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri og minnst 10 ár eru liðin síðan samningurinn var gerður.

- Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

- Í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvaða tryggðu bætur myndast þegar trygging er gerð iðgjaldsfrí og þar til lífeyristaka hefst?“ færðu frekari upplýsingar um upphæð tryggðra bóta þegar trygging er gerð iðgjaldsfrí á samningstímanum.

8.2 Hvernig er hægt að hefja iðgjaldagreiðslu að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

- (1) **Sex mánaða frestur fyrir endurupptöku iðgjaldsgreiðslna án áhættumats**
Innan 6 mánaða eftir að trygging hefur verið gerð iðgjaldsfrí er hægt að hefja greiðslu iðgjalda að nýju með sömu upphæð og fyrir veitingu undanþágu frá greiðslu iðgjalda án þess að við gerum áhættumat.

- Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu er útilokuð ef samið var um fleiri þætti og eftirfarandi á við þegar iðgjaldsgreiðsla skal hefjast á ný:

- samið var um þáttinn „Lífeyri vegna óvinnufærni“ eða „Lífeyri vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og hugsanlega aukalega tryggða þáttinn „Viðbótarlífeyri vegna umönnunar“ og →hinn tryggði er óvinnufær, með örorku eða umönnunarpurfi eða fær bótageiðslur vegna læknisvottorðs eða vegna krabbameins;

- þegar þátturinn „Barnaframfærsla“ er innifalinn: Undanþága frá greiðslu iðgjalds til lífeyris vegna barns sem er umönnunarþurfi, eða ef forsjáraðili andast eða verður óvinnufær og →hinn tryggði er umönnunarþurfi eða hinn tryggði forsjáraðili er óvinnufær eða látinn eða fær bótagreiðslur vegna læknisvottorðs eða vegna krabbameins;
- þegar þátturinn „Barnaframfærsla“ er innifalinn: Undanþága frá greiðslu iðgjalds við andlát forsjáraðila eða ef forsjáraðili er óvinnufær hefur verið veitt og hinn tryggði forsjáraðili er látinn eða er óvinnufær eða fær bótagreiðslur vegna læknisvottorðs eða vegna krabbameins;
- þegar þátturinn „Umönnunarbætur“ er innifalinn: Lífeyrir vegna umönnunar barns; →hinn tryggði er umönnunarþurfi.

Ef samið var um þættina

- „Lífeyri vegna óvinnufærni“ eða „Lífeyri vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og ef við á tryggða aukalega þáttinn „Viðbótarlífeyri vegna umönnunar“,
- „Umönnunarlífeyri“ eða
- „Barnaframfærslu“ er aðeins hægt að hefja aftur iðgjaldsgreiðslur ef buið er að tilnefna bótaþega samkvæmt 3. mgr. tölul. 4.1 þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast að nýju.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(2) Almennur frestur fyrir endurupptöku iðgjaldsgreiðslna með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3 ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á endurupptöku iðgjaldsgreiðslu með sömu upphæð og var í gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí. Þegar þrjú ár eru liðin frá því að undanþága frá greiðslu iðgjalds tók gildi er ekki lengur hægt að hefja iðgjaldsgreiðslur á ný.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin var gerð iðgjaldsfrí og fram að endurupptöku iðgjaldsgreiðslna, einnig verið lengri en 3 ár.

Í þessu tilviki verður iðgjaldsgreiðsla þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá lokum foreldraorlofs. Ef foreldraorlofi er skipt niður í marga áfanga þarf að koma iðgjaldsgreiðslunni á að nýju í hvert sinn, innan þriggja mánaða frá lokum hvers áfanga. Þegar fresturinn er liðinn er ekki lengur hægt að hefja iðgjaldsgreiðslur á ný.

Þá er hægt að taka upp iðgjaldsgreiðslur á ný ef →hinn tryggði getur, þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast að nýju, samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

Ef samið var um þættina

- „Lífeyri vegna óvinnufærni“ eða „Lífeyri vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og ef við á tryggða aukalega þáttinn „Viðbótarlífeyri vegna umönnunar“,
- „Umönnunarlífeyri“ eða
- „Barnaframfærslu“ er aðeins hægt að hefja aftur iðgjaldsgreiðslur ef buið er að tilnefna bótaþega samkvæmt 3. mgr. tölul. 4.1 þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast að nýju.

(3) Möguleikar á endurupptöku iðgjaldsgreiðslna

Hægt er að gera upp iðgjöldin fyrir iðgjaldafría tímann.

Einnig er hægt að halda áfram að greiða iðgjöldin þar sem frá var horfið. Tryggðan lágmarkslífeyri og tryggðan höfuðstól við lífun reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Um útreikning þessara nýju bóta gilda reglur 1. mgr., tölul. 1.4. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þættina

- „Lífeyri vegna óvinnufærni“ eða „Lífeyri vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og ef við á tryggða aukalega þáttinn „Viðbótarlífeyri vegna umönnunar“,
- „Umönnunarlífeyri“,
- „Barnaframfærslu“ eða
- „Eftirlífendalífeyri“ og hugsanlega „Lífeyri munaðarlausra“, verður við endurupptöku iðgjaldsgreiðslna til ný uppskipting heildariðgjalds milli
 - iðgjalds til ellilífeyris og
 - iðgjalds til lífeyris vegna óvinnufærni eða lífeyris vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku og iðgjalds til þáttarins „Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar“ og
 - iðgjalds til umönnunarlífeyris og
 - iðgjalds til barnaframfærslu og
 - iðgjalds til eftirlífendalífeyris og hugsanlega til lífeyris munaðarlausra.

Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“ og aðeins er um að ræða endurupptöku iðgjaldsgreiðslna reiknum við út nýjan tryggðan höfuðstóll við andlát samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur þáttarins „Höfuðstóll við andlát“ í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirlíðnum „Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“?

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

9. Uppsögn

Í þessum hluta er fjallað um:

9.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?

9.2 Hvaða bætur greiðum við við uppsögn?

9.1 Hvenær má segja tryggingunni upp?

Hægt er að segja upp tryggingunni skriflega hvenær sem er fyrir upphaf lífeyristöku (t.d. í bréfi eða tölvupósti) við lok yfirstandandi mánaðar.

Ef tryggingunni er sagt upp fer fram greiðsla sem er mynduð úr greiðslu úr þættinum „Ellilífeyrir“ og hugsanlega greiðslum úr frekari þáttum sem um samdist. Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum er ítarlegri reglur um uppsögn að finna í reglum þessara þátta.

9.2 Hvaða bætur greiðum við við uppsögn?

(1) Endurkaupsvirði tryggingarinnar

Við greiðum endurkaupsvirðið – ef um slíkt er að ræða – komi til uppsagnar. Það samanstendur af

- →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik og
- virði →höfuðstöls ábyrgðarinnar.

Í tryggingum þar sem iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti nemur endurkaupsvirðið að minnsta kosti því verðgildi sem næst við það að dreifa samningsgerðar- og sölukostnaði (→kostnaður) – sem ákveðinn er að teknu tilliti til hæstu Zillmer-reiknireglna sem eftirlitsákvæði heimila – jafnt á fyrstu fimm tryggingarárin, í mesta lagi þó á iðgjaldatímann.

Viðmiðunardagur fyrir útreikning á →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik er fimmti síðasti →virki bankadagur áður en tryggingu er sagt upp. Ef uppsagnartilkyrningin berst okkur eftir fimmta síðasta →virka bankadag reiknum við virði hlutanna með hliðsjón af →virði hluta sem liggur fyrir þegar tilkyrningin um uppsögn berst okkur. Ofgreidd iðgjöld, til dæmis þegar um er að ræða árlegar iðgjaldsgreiðslur, verða endurgreidd nema þau hafi þegar verið fjárfest í eignarhlutum.

(2) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 1. mgr. reiknum við frádrátt. Í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvaða bætur eru greiddar við uppsögn fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna?“ er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar.

Frádráttur fellur niður við uppsögn

- á síðasta ári →biðtímans,
- á síðustu 7 árum biðtímans ef →hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri og minnst 10 ár eru liðin síðan samningurinn var gerður, eða
- á →viðbótarbiðtíma samkvæmt 2. mgr. tölul. 10.1.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkuðum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

(3) Lækkun í undantekningartilvikum

Við höfum rétt til að lækka hæfilega endurkaupsvirðið úr →höfuðstól ábyrgðarinnar og ef við á þættinum „Höfuðstóll við andlát“, sem reiknað er út samkvæmt 1. mgr., ef það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að hagsmunum →tryggingarþega sé stofnað í hættu. Einkum gildir það ef hætta er á að ekki sé hægt að uppfylla skyldur samkvæmt samningunum til frambúðar. Lækkunin tekur til eins árs í senn (6. mgr. 169. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG).

(4) Hlutur í lokahagnaði

Til viðbótar við upphæð sem reiknast samkvæmt 1. til 3. mgr. getur komið til hlutur í lokahagnaði (sjá tölul. 3.2.4).

(5) Matssjóðir

Upphæðin sem reiknast samkvæmt 1. til 4. mgr. getur hugsanlega hækkað um sem nemur þeim →matssjóðum sem tryggingu þinni er úthlutað (sjá tölul. 3.3).

(6) Áhrif

Með útborgun upphæðarinnar sem fæst samkvæmt 1. til 5. mgr. fellur tryggingin niður.

Í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvaða bætur eru greiddar við uppsögn fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna?“ færðu frekari upplýsingar um mögulegar heildarbætur við uppsögn á samningstímanum.

10. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsgerðarmöguleika tryggingarinnar. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsgerðarmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á fjárhæð tryggingargreiðslna.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 10.1 Hvaða möguleikar eru í boði til að gera upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?
- 10.2 Hvenær má velja höfuðstól í stað lífeyris?
- 10.3 Hvenær má velja tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?
- 10.4 Hvenær má breyta bótagreiðslum við fráfalið eftir upphaf lífeyristöku?
- 10.5 Hvenær á biðtímanum má bæta við þættinum „Höfuðstóll við andlát“ án áhættumats?
- 10.6 Hvenær má bæta við tryggingavernd í umönnunartilfelli?
- 10.7 Hvenær má bæta við þætti með undanþágu frá iðgjöldum þegar um er að ræða óvinnufærni með biðtíma?
- 10.8 Hvenær má bæta við þætti með undanþágu frá iðgjöldum þegar um er að ræða óvinnufærni eða örorku með biðtíma?
- 10.9 Hvenær má hækka iðgjald?
- 10.10 Hvenær má greiða viðbótargreiðslur?
- 10.11 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?
- 10.12 Hvenær má breyta iðgjaldatímanum?
- 10.13 Hvenær má lækka eða fresta greiðslu iðgjalds í atvinnuleysi eða í hlutastarfi, í foreldraorlofi eða meðan á starfsendurmenntun stendur?
- 10.14 Hvenær má lækka iðgjaldsgreiðslu?
- 10.15 Hvaða reglur gilda ef óskað er eftir tryggingarláni?
- 10.16 Hvenær er hægt að semja um aðrar bótagreiðsluleiðir?

10.1 Hvaða möguleikar eru í boði til að gera upphaf lífeyristöku sveigjanlegt?

(1) Greiðslu flýtt

Þú getur farið fram á að við flýtum umsömdu upphafi lífeyristöku, í mesta lagi fram að fyrsta mögulega greiðslutíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Ef samningurinn heimilar að upphafi lífeyristöku sé flýtt munum við upplýsa þig um það.

a) Forsendur

- →Hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára →reiknuðum aldri þegar nýja upphaf lífeyristöku hefst.
- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir nýtt upphaf lífeyristöku.
- Endurreiknaður heildarlífeyrir, að hagnaðarhlutdeild meðtalinni, verður að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári við hið nýja upphaf lífeyristöku.
- Tíminn frá byrjun tryggingar fram að umbeðnu upphafi lífeyristöku skal vera að minnsta kosti eitt ár.

b) Áhrif

- Það hefur áhrif á upphæð lífeyris samkvæmt 2. mgr., tölul. 1.1 að flýta greiðslu.
- Tryggðan lágmarkslífeyri skerðum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.
- Tryggðan höfuðstól við lífun skerðum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er lægri en umsaminn →tryggður prósentuhluti af samtölu ellilífeyrisiðgjalda sem greidd hafa verið fram að flýttu upphafi lífeyristöku og allra hækkana á tryggðum höfuðstól við lífun samkvæmt 3. og 4. mgr, tölul. 1.1.
- Við lækkuðum tryggða lífeyrisstuðulinn samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendunum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af flýttu upphafi lífeyristöku.
- Við munum stytta tíma úrvinnsluferlisins til samræmis við það og samkvæmt 4. mgr., tölul. 1.1. Eftir atvikum fer ekkert úrvinnsluferli fram. Við upplýsum þig um einstök áhrif á úrvinnsluferlið, samkvæmt 4. mgr. tölul. 1.1., ef óskað er.

Við útreikning á →andvirði tryggingarinnar fyrir flýtt upphaf lífeyristöku er fimmti síðasti →virki bankadagur áður en nýtt upphaf lífeyristöku hefst, hafður til viðmiðunar.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef

- samið hefur verið um þáttinn „Höfuðstól við andlát“,
- þáttinn „Höfuðstól við andlát af slysförum“ eða
- þættina „Lífeyri vegna óvinnufærni“ eða „Lífeyri vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og, ef við á, tryggða aukalega þáttinn „Viðbótarlífeyri vegna umönnunar“, falla þeir niður þegar nýja upphafi lífeyristöku er náð.

Ef við greiðum lífeyri vegna óvinnufærni eða örorku og, ef svo á við, „Viðbótarlífeyri vegna umönnunar“ þegar nýju upphafi lífeyristöku er náð greiðum við þær bætur óbreyttar áfram.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ falla niður tryggður lágmarks eftirlífendalífeyrir og hugsanlega tryggður lágmarks lífeyrir munaðarlausra við andlát →hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku, við upphaf lífeyristöku sem er flýtt. Tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir og hugsanlega tryggður lágmarkslífeyrir munaðarlausra við andlát →hins tryggða eftir upphaf lífeyristöku verður lækkaður samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við það getur umsamið samband tryggðs lágmarkseftirlífendalífeyris og, ef svo á við, tryggðs lágmarkslífeyris munaðarlausra við tryggðan lágmarksellilífeyri breyst.

d) Möguleikar við samningsgerð

Um hið nýja upphaf lífeyristöku sem er flýtt gilda sömu möguleikar til breytinga og giltu um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku, einkum tölul. 10.2 og 10.3.

(2) Frestun greiðslu

Við umsamið upphaf lífeyristöku má fara fram á að upphafi lífeyristöku verði frestað.

a) Forsendur

- Hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára
→reiknuðum aldri við upphaflegt upphaf lífeyristöku.
- Hinn tryggði hefur náð í hæsta lagi 85 ára →reiknuðum aldri þegar frestað lífeyristaka hefst.
- Tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif

- Upphæð lífeyris samkvæmt tölul. 1.1, mgr. 2, getur breyst við það að fresta upphafi lífeyristöku.
- Tryggðan lágmarkslífeyri reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4. Hann er að minnsta kosti jafn hár og fyrir upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku.
- Ef áfram eru greidd iðgjöld á →viðbótarbiðtíma hækkar tryggður höfuðstóll við lífun sem nemur →trygðum prósentuhluta fyrir samtölu ellilífeyrisiðgjalda á viðbótarbiðtímanum sem samið var um við lok samningsgerðar.
- Við hækkuðum tryggða lífeyrisstuðulinn samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendunum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af frestun á upphafi lífeyristöku.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur hún breyst.
- Við höldum úrvinnsluferlinu áfram þar til
→viðbótarbiðtímanum lýkur samkvæmt 4. mgr., tölul. 1.1. Við upplýsum þig um einstök áhrif á úrvinnsluferlið, samkvæmt 4. mgr. tölul. 1.1., ef óskað er.

Við útreikning á →andvirði tryggingarinnar þegar upphafi lífeyristöku er frestað er áttundi síðasti →virki bankadagur áður en frestað lífeyristaka hefst hafður til viðmiðunar.

Ef ekki var samið um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og ef ekki var samið um þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ og →hinn tryggði deyr á →viðbótarbiðtímanum, en þó áður en lífeyristaka hefst, greiðum við samtöluna af →andvirði tryggingarinnar, lokahagnaðarhlutanum og hlutdeild í →matssjóðunum. Við útreikning á →andvirði tryggingar notum við eignarhlut á andlátsdegi ásamt →virði hluta þegar andlátstilkynningin berst okkur, til viðmiðunar. Við tökum einnig tillit til dreifðra tekna úr →hlutdeild í sérsjóði KomfortDynamik á tímanum frá andlátsdegi og þar til andlátstilkynningin berst okkur við útreikning á →andvirði tryggingarinnar.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ og →hinn tryggði andast á →viðbótarbiðtíma greiðum við bætur sem ráðast af reglum

- þáttarins „Eftirlífendalífeyrir“, í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirliðnum „Hvaða bætur greiðum við við andlát hins tryggða?“, málsgreininni „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef við á,
- þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“, í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirliðnum „Hvaða bætur greiðum við við andlát hins tryggða?“, málsgreininni „Lífeyrir munaðarlausra“

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Við það að fresta upphafi lífeyristöku þáttarins „Ellilífeyrir“ falla eftirfarandi umsamdir þættir niður við fyrra umsamið upphaf lífeyristöku:

- „Höfuðstóll við andlát“,
- „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ og
- „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ eða „Lífeyrir vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og, ef við á, tryggði aukalegi þátturinn „Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar“.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef svo á við, þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ og ef þú greiðir iðgjöld á →viðbótarbiðtímanum helst umsamið samband tryggðs lágmarkseftirlífendalífeyris og, ef svo á við, tryggðs lágmarkslífeyris munaðarlausra við tryggðan lágmarksellilífeyri. Ef engin iðgjöld eru greidd getur sambandið breyst. Um upphæðir tryggðs lágmarkseftirlífendalífeyris og hugsanlega tryggðs lágmarkslífeyris munaðarlausra gilda reglur samkvæmt tölul. 1.4 mgr. 2.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

d) Möguleikar við samningsgerð

- Í iðgjaldsskyldum tryggingum má greiða iðgjöldin áfram á →viðbótarbiðtímanum.
- Um nýtt upphaf lífeyristöku sem var frestað og um
→viðbótarbiðtímann gilda sömu möguleikar til breytinga og giltu um upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku og upphaflega umsaminn →biðtíma, einkum tölul. 10.2 og 10.3. Hækkarir iðgjalds (sjá tölul. 10.9) og viðbótagreiðslur (sjá tölul. 10.10) eru ekki mögulegar á →viðbótarbiðtíma.
- Eftir að upphafi lífeyristöku var frestað má flýta því á ný. Efnislega er 1. mgr. í gildi. Við ákvörðum tryggðan lágmarkslífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4. Hann er að minnsta kosti jafn hár og fyrir upphaflega umsamið upphaf lífeyristöku.

e) Hagnaðarhlutdeild

Á →viðbótarbiðtímanum öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði af →höfuðstól ábyrgðarinnar samkvæmt tölulíð 3.
→Prósentuhlutar í hagnaði tryggingarinnar geta verið frábrugðnir þeim prósentuhlutum í hagnaði sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrsluna fyrir undirflokk tryggingarinnar. Ef um trygginguna gilda eigin →prósentuhlutir í hagnaði veitum við þér upplýsingar um upphæð eigin prósentuhluta í hagnaði og tímabilið sem þú aflar þeirra á áður en →viðbótarbiðtíminn hefst.

10.2 Hvenær má velja höfuðstól í stað lífeyris?**(1) Höfuðstólsgreiðsla við umsamið upphaf lífeyristöku**

Í stað lífeyris, sem við greiðum við lífun, má fara fram á útborgun →andvirðis tryggingarinnar að fullu eða að hluta við umsamið upphaf lífeyristöku.

a) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Ef greitt er út að hluta verður endurútreiknaður lífeyrir úr þeim hluta →andvirðis tryggingarinnar sem eftir er að nema að minnsta kosti 200 evrum á ári.
- Hvað höfuðstólsbætur varðar þarf →hinn tryggði að vera á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif af útborgun andvirðis tryggingar að fullu

Með útborgun alls →andvirðis tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á, →bótagreiðstólum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1), sem liggur fyrir í lok →biðtímans, fellur tryggingin úr gildi.

c) Áhrif af útborgun andvirðis tryggingar að hluta

- Við umsamið upphaf lífeyristöku er reiknuð út upphæð lífeyris samkvæmt 2. mgr., tölul. 1.1, sem við reiknum út úr óútgreiddum hluta af samtölu →andvirðis tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeild í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á, óútgreiddum hluta →bótagreiðstóla, lokahagnaðarhluta og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1).
- Tryggðan lágmarkslífeyri og tryggðan höfuðstól við lífun lækkum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.
- Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, skerðum við tryggðan

lágmarks eftirlífendalífeyri og tryggðan lágmarks lífeyri munaðarlausra samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(2) Höfuðstólsgreiðsla eftir upphaf lífeyrisgreiðslu

Ef við greiðum nú þegar lífeyri og ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku má, á hvaða útborgunardegi sem er, fá greiddan höfuðstól. Fyrir það tókum við vinnslugjald sem nemur 50 evrum.

a) Forsendur

Upphæð til útborgunar má, að teknu tilliti til 50 evra vinnslugjalds,

- hvorki vera hærri en gjaldfallinn höfuðstóll
- né reiknaður →bótahöfuðstóll tryggingarinnar við andlát, miðað við útborgunarstund.

b) Áhrif

- Við skerðum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“ samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.
- Eftir greiðslu höfuðstóls heldur tryggingin áfram ef lífeyrir sem eftir er nemur að minnsta kosti 200 evrum á ári.
- Tryggingin fellur niður ef lífeyrir sem eftir er nemur lægri upphæð en 200 evrum á ári. →Bótahöfuðstól sem eftir er greiðum við út, ef um slíkt er að ræða. Þá kemur til aukalegur frádráttur.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku skerðist hún um sem nemur upphæð útborgaðs höfuðstóls.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, skerðum við tryggðan lágmarks eftirlífendalífeyri og tryggðan lágmarks lífeyri munaðarlausra samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

d) Sérákvæði við tímabundinn lífeyri

Ef þú valdir tímabundinn lífeyri samkvæmt tölul. 10.3 reiknum við þann höfuðstól sem greiða skal meðal annars út frá því hvernig fjármálamarkaðurinn hefur þróast frá upphafi lífeyristöku, en ekki lengra en 10 ár aftur í tímann. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(3) Höfuðstólsgreiðsla þegar upphafi lífeyristöku er flýtt

Ef þú kaust að flyta umsömdu upphafi lífeyristöku (sjá 1. mgr. tölul. 10.1) getur þú í stað →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku farið fram á greiðslu höfuðstóls sem nemur upphæð sem reiknuð er samkvæmt tölul. 9.2.

a) Forsendur

Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir nýtt upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif

Með útborgun höfuðstóls við upphaf lífeyristöku sem var flýtt fellur tryggingin þín niður.

10.3 Hvenær má velja tímabundinn lífeyri í stað ævilangs lífeyris?

(1) Tímabundinn lífeyrir við umsamið upphaf lífeyristöku

Fyrir umsamið upphaf lífeyristöku getur þú farið fram á að við gerum ráð fyrir tímabundnum lífeyri samkvæmt tölul. 1.1 í stað ævilangs lífeyris frá upphafi lífeyristöku frá þeirri stundu (tímabundinn lífeyrir). Þú getur valið hversu lengi lífeyrir skuli greiddur.

Frá upphafi lífeyristöku greiðum við tryggðan tímabundinn lífeyri á meðan →hinn tryggði er á lífi, í hæsta lagi út umsaminn lífeyrisgreiðslutíma.

(2) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Bæði val tímabundins lífeyris sem og lengd lífeyrisgreiðslutímans eru háð takmörkunum sem ráðast

meðal annars af aldri →hins tryggða við upphaf lífeyristöku. Við upplýsum þig um einstök áhrif og forsendur ef óskað er.

(3) Áhrif

- Við upphaf lífeyristöku er reiknuð upphæð tímabundins lífeyris út frá samtölu →andvirðis tryggingar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á →bótahöfuðstólunum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ sem liggur fyrir í lok →biðtímans, samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) og lífeyrisstuðlinum samkvæmt b-lið, 2. mgr., tölul. 1.1.
- Við reiknum tímabundinn lífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér gilda reglugerðir og reikniforsendur sem við notum við upphaf lífeyristöku þegar gera skal nýja sambærilega samninga um tímabundnar lífeyristryggingar með tafarlausu upphafi lífeyristöku samkvæmt tölul. 1.4, mgr. 3, a-lið.
- Tryggður lágmarkslífeyrir og tryggður lífeyrisstuðull falla niður.
- Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur hún breyst.
- Greiðslur við andlát eftir upphaf lífeyristöku geta breyst samkvæmt tölul. 10.4.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef svo á við, þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ falla þeir niður við umsamið upphaf lífeyristöku.

(5) Hagnaðarhlutdeild

Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði samkvæmt tölul. 3. Í stað reglna í tölul. 3.2.5 um hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyrisgreiðslu gildir eftirfarandi:

- Samanlagður hagnaðarlífeyrir frá upphafi lífeyristöku kemur til viðbótar við tryggðan tímabundinn lífeyri frá upphafi lífeyristöku.
- Samanlagður hagnaðarlífeyrir samanstendur af aukalegum, iðgjaldsfríum, tímabundnum lífeyri sem ekki er hægt að ábyrgjast.

Hagnaðarlífeyrir getur alls – í óhagstæðasta tilviki – verið núll.

Ávöxtun samanlagðs hagnaðarlífeyris getur verið frábrugðin þeirri ávöxtun undirhóps tryggingarinnar sem tilgreind er í viðauka við ársskýrsluna á fyrstu árunum sem tímabundni lífeyririnn er greiddur. Ef sérstök ávöxtun gildir um tryggingu þína greinum við þér frá upphæð eigin ávöxtunar og tímabilinu sem þú færð ávöxtun á, fyrir upphaf tímabundins lífeyris.

Fé til að fjármagna samanlagðan hagnaðarlífeyri er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá mgr. 3 tölul. 3.1). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

Ef dánartíðnitafla (→tölur) eða ávöxtun, sem ákvarðaðar voru innan ramma árlegrar hagnaðaryfirlýsingar (sjá tölul. 3.2.2) fyrir samanlagðan hagnaðarlífeyri breytast, getur upphæð samanlagðs hagnaðarlífeyris hækkað eða lækkað.

Við tilkynnum þér upphæð ofangreinds aukalegs iðgjaldafrís lífeyris, bæði við upphaf tóku tímabundna lífeyrisins og í hvert sinn sem síðari breytingar eru gerðar.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

10.4 Hvenær má breyta bótageiðslum við fráfalið eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Breyting á höfuðstólsgreiðslu við andlát

Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku samkvæmt tölul. 1.3 er, við upphaf lífeyristöku, hægt að fara fram á að greiðslan verði hækkuð eða lækkuð án nýs áhættumats.

a) Takmarkanir

Um breytingar gilda takmörk sem ráðast m.a. af aldri við upphaf lífeyristöku, af meðallíflíkum, og ef um tímabundinn lífeyri samkvæmt tölul. 10.3 er að ræða, auk þess af umsömdum lífeyrisgreiðslutíma.

Við veitum upplýsingar um hvaða kosti þú átt ef óskað er.

b) Áhrif

- Ef útborgun höfuðstóls við andlát er hækkuð þarf mögulega að greiða viðbótargreiðslu.
- Ef greiðsla höfuðstóls við andlát er lækkuð eða ef þú vilt ekki greiða nauðsynlega viðbótargreiðslu breytist trygðður lágmarkslífeyrir samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.
- Upphæð ævilangs lífeyris samkvæmt 2. mgr., tölul. 1.1 getur breyst.
- Við breytum trygðða lífeyrisstuðlinum samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af nýmsamdr höfuðstólsgreiðslu við andlát.
- Við reiknum viðbótargreiðsluna samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 3. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(2) Höfuðstólsgreiðsla við andlát útilokuð

Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku samkvæmt tölulíð 1.3 er hægt að útiloka hana við upphaf lífeyristöku.

Í þessum tilvikum er hægt að fara fram á að greidd verði samtala →andvirðis tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum sem liggur fyrir í lok →biðtímans að frádregnum þeim heildarellilífeyri sem þegar hefur verið greiddur úr þættinum „Ellilífeyrir“ sem dánarbætur, ef við bjóðum upp á slíkar dánarbætur við upphaf lífeyristöku í nýjum sambærilegum lífeyristryggingum með tafarlausu upphafi lífeyristöku (sjá a-lið, 3. mgr., tölul. 1.4). Heildarellilífeyririnn felur einnig í sér greiðslur úr hagnaðarhlutdeild.

Upphæð ævilífeyris getur bæði breyst við útilokun á greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku og í sambandi við nýju dánarbæturnar, ef við á, samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.1.

Sömuleiðis getur trygðður lágmarkslífeyrir breyst við þessi tilefni. Við reiknum hann samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við breytum trygðða lífeyrisstuðlinum samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af nýmsömdum dánarbótum.

Viðmiðunardagur fyrir útreikning á fyrirbyggjandi →andvirði tryggingar í lok →biðtímans er áttundi síðasti →virki bankadagur fyrir upphaf lífeyristöku.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(3) Frestur

Tilkynning þín um breytingu samkvæmt 1. til 3. mgr. þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

10.5 Hvenær á biðtímanum má bæta við þættinum „Höfuðstóll við andlát“ án áhættumats?

Fyrir upphaf lífeyristöku er hægt að bæta við þættinum „Höfuðstóll við andlát“ án áhættumats í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr.

(1) Hvenær viðbætur geta farið fram

- Fæðing barns →hins trygðða eða hinn trygðgi ættleiðir ófullveðja einstakling,

- hinn trygðgi byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, ef það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði,
- hinn trygðgi lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífina eða
- hinn trygðgi tekur lán til kaupa á fasteign til eigin nota að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrum.

(2) Forsendur

- →Viðbótartími tryggingarinnar er ekki hafinn.
- Innan 6 mánaða frá einhverjum ofangreindum atburði þarf að fara fram á viðbótina og færa okkur sönnur fyrir þann atburð. Tilvikin verða að hafa átt sér stað á tryggingartímanum.
- →Hinn trygðgi er ekki eldri en →reiknaðra 40 ára að aldri.
- →Hinn trygðgi er ekki →óvinnufær eða →með örorku.
- Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ eða þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ er ekki hægt að fá neinar bætur úr þessum þáttum.
- Við höfum áður samþykkt allar umsóknir um líftryggingu →hins trygðða með venjulegum skilyrðum.

(3) Takmarkanir

- Umsaminn trygðður höfuðstóll við andlát verður að vera að lágmarki 10 prósent af samtölu umsaminna iðgjalda allan →biðtímann fyrir alla þætti, að undanskildum þáttum fyrir óvinnufærni, óvinnufærni með tryggingu vegna örorku, umönnun og barnaframbærslu og
- umsaminn trygðður höfuðstóll við andlát má í mesta lagi nema 50.000 evrum.

(4) Áhrif

Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

10.6 Hvenær má bæta við tryggingavernd í umönnunartilfelli?

Þú getur farið fram á að við upphaf lífeyristöku verði tryggingavernd í umönnunartilfelli bætt við trygginguna. Við framkvæmum ekki áhættumat.

(1) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Ekki var valinn tímabundinn lífeyrir samkvæmt tölul. 10.3.
- Þú tilnefnir, sem afturkallanlegan eða sem bindandi bótapega við lífun, og tilnefnir eða hefur þegar tilnefnt við andlát, eingöngu →hinn trygðða eða einhvern náinn ættingja hins trygðða samkvæmt 7. gr. þýskra laga um umönnunartímabil (PflegeZG) eða samkvæmt 15. gr. þýskrar skattareglugerðar (AO) (til dæmis eiginmaður/eiginkona, skráður sambýlismaður/-kona, maki í óskráðri sambúð, nánasti ættingi eða systkini).
- Auk þess eru í gildi frekari skilyrði sem við upplýsum þig fúslega um ef óskað er.

(2) Áhrif

- Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.

- Trygððar greiðslur geta breyst.
- Trygððan lágmarkslífeyri reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.
- Við reiknum trygðða lífeyrisstuðlinum samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Þá gilda reglurnar samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4, með hliðsjón af viðbót tryggingarverndar í umönnunartilfelli frá upphafi lífeyristöku.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

10.7 Hvenær má bæta við þætti með undanþágu frá iðgjöldum þegar um er að ræða óvinnufærni með biðtíma?

Ef þú hefur ekki enn samið um undanþágu frá iðgjöldum þegar um er að ræða óvinnufærni með biðtíma er hægt að bæta við slíkum þætti innan 12 mánaða frá upphafi tryggingarinnar meðan á →biðtímanum stendur. Við

framkvæmum ekki áhættumat áður en þættinum er bætt við. Í öllum tilvikum verður þú að veita okkur upplýsingar um fyrirhugaða eða stundaða atvinnustarfsemi →hins tryggða. Ef óskað er eftir að bæta við þættinum „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni“ samkvæmt gjaldskrá fyrir reykinga verður þú að veita okkur upplýsingar um reykingahegðun →hins tryggða, að því tilskildu að viðkomandi hafi náð að minnsta kosti →15 ára reiknuðum aldri.

Ekki er hægt að bæta við þættinum „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni“ síðar ef tryggingin tók gildi vegna hækkunar á annarri tryggingu eða með breytingu eða endurnýjun á annarri tryggingu.

(1) Forsendur

- Þú hefur ekki bætt frekari þáttum við trygginguna þína.
- Þú hefur samið um reglubundnar iðgjaldagreiðslur fyrir trygginguna og hefur ekki gert trygginguna iðgjaldsfria samkvæmt tölu 8.1.
- Mánaðarlegt iðgjald fyrir ellilífeyrisþáttinn er að hámarki 250 evrur.
- →Hinn tryggði er ekki →óvinnufær þegar þætti með undanþágu frá iðgjöldum með biðtíma vegna óvinnufærni er bætt við.
- Iðgjaldsgreiðslutímabil og tryggingartími þáttarins „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni“ er í samræmi við eftirstandandi iðgjaldsgreiðslutíma þáttarins „Ellilífeyrir“ þegar undanþágunni er bætt við.
- Iðgjaldsgreiðslutímabil og tryggingartími þáttarins „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni“ er að lágmarki 10 heil →tryggingarár.
- Þú tilnefnir einstakling samkvæmt 3. mgr. í tölu 4.1 sem bótaþega við lifun eða þú hefur þegar tilnefnt einstakling samkvæmt þessu.

(2) Áhrif

- Við reiknum iðgjöld fyrir nýumsamda þáttinn „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni“ samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Greiða skal iðgjöld vegna þáttarins „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni“ í samræmi við umsamda iðgjaldsgreiðslu vegna þáttarins „Ellilífeyrir“.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

10.8 Hvenær má bæta við þætti með undanþágu frá iðgjöldum þegar um er að ræða óvinnufærni eða örorku með biðtíma?

Ef þú hefur ekki enn samið um undanþágu frá iðgjöldum þegar um er að ræða óvinnufærni eða örorku með biðtíma er hægt að bæta við slíkum þætti innan 12 mánaða frá upphafi tryggingarinnar meðan á →biðtímanum stendur. Við framkvæmum ekki áhættumat áður en þættinum er bætt við. Í öllum tilvikum verður þú að veita okkur upplýsingar um fyrirhugaða eða stundaða atvinnustarfsemi →hins tryggða. Ef óskað er eftir að bæta við þættinum „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni eða örorku“ samkvæmt gjaldskrá fyrir reykinga verður þú að veita okkur upplýsingar um reykingahegðun →hins tryggða, að því tilskildu að viðkomandi hafi náð að minnsta kosti →15 ára reiknuðum aldri.

Ekki er hægt að bæta við þættinum „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni eða örorku“ síðar ef tryggingin tók gildi vegna hækkunar á annarri tryggingu eða með breytingu eða endurnýjun á annarri tryggingu.

(1) Forsendur

- Þú hefur ekki bætt frekari þáttum við trygginguna þína.
- Þú hefur samið um reglubundnar iðgjaldagreiðslur fyrir trygginguna og hefur ekki gert trygginguna iðgjaldsfria samkvæmt tölu 8.1.
- Mánaðarlegt iðgjald fyrir ellilífeyrisþáttinn er að hámarki 250 evrur.
- →Hinn tryggði er ekki →óvinnufær eða með →örorku þegar þætti með undanþágu frá iðgjöldum með biðtíma vegna óvinnufærni eða örorku er bætt við.

- Iðgjaldsgreiðslutímabil og tryggingartími þáttarins „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni eða örorku“ er í samræmi við eftirstandandi iðgjaldsgreiðslutíma þáttarins „Ellilífeyrir“ þegar undanþágunni er bætt við.
- Iðgjaldsgreiðslutímabil og tryggingartími þáttarins „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni eða örorku“ er að lágmarki 10 heil →tryggingarár.
- Þú tilnefnir einstakling samkvæmt 3. mgr. í tölu 4.1 sem bótaþega við lifun eða þú hefur þegar tilnefnt einstakling samkvæmt þessu.

(2) Áhrif

- Við reiknum iðgjöld fyrir nýumsamda þáttinn „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni eða örorku“ samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Greiða skal iðgjöld vegna þáttarins „Undanþága frá iðgjaldi með biðtíma vegna óvinnufærni eða örorku“ í samræmi við umsamda iðgjaldsgreiðslu vegna þáttarins „Ellilífeyrir“.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

10.9 Hvenær má hækka iðgjald?

(1) Hækkun iðgjalds fyrir upphaf lífeyristöku

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld vegna tryggingarinnar má hækka iðgjaldið fyrir upphaf lífeyristöku.

a) Forsendur

- Hægt er að hækka iðgjaldið frá og með 3. mánuði frá upphafi tryggingarinnar.
- Árlegt iðgjald þáttarins „Ellilífeyrir“ má, að meðtöldum iðgjaldshækkunum, ekki vera hærri en sem nemur 48.000 evrum.
- Hægt er að hækka iðgjald þar til 3 ár eru eftir af →biðtímanum.
- →Viðbótarbiðtími tryggingarinnar er ekki hafinn.
- Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ eða þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni með tryggingu vegna örorku“ og hugsanlega til viðbótar tryggða þáttinn „Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar“, eða þáttinn „Barnaframfærsla“ eða „Umönnunarlífeyrir“, er hækkun iðgjalds útilokuð á meðan iðgjaldsgreiðsluskylda þín fellur niður, að hluta til eða að fullu, vegna óvinnufærni, örorku eða umönnunarþarfar. Þetta á einnig við ef um er að ræða bótagreiðslur vegna læknisvottorðs eða krabbameins. Hækkunir sem komu til framkvæmda eftir upphaf þess tíma þegar greiða þarf bæt看 úr þessum þáttum en áður en fallist var á óvinnufærni, örorku eða umönnunarþörf, eða áður en fallist var á bótagreiðslur vegna læknisvottorðs eða krabbameins, verða bakfærðar.
- Ef →hinn tryggði hefur náð 49 ára aldri gildir jafnframt:
 - Upphæð hækkunar á hverju →tryggingarári (að meðtalinni hækkun sem gerist smám saman) má ekki vera hærri en sem nemur 20 prósentum þess iðgjalds sem greitt var við samningsgerð eða undir lok síðastliðins tryggingarárs vegna þáttarins „Ellilífeyrir“. Þess utan er hægt að hækka ókomin iðgjöld sem nemur ónýttum iðgjaldshækkunum frá samningsgerð, innan þeirra hækkunarmöguleika sem lýst er í 1. setningu. Ónýttar iðgjaldshækkunir eru hækkunir samkvæmt reglum þessarar málsgreinar og hækkunir sem gerast smám saman.
 - Hækkunir iðgjalds eru aðeins mögulegar að því marki sem allar hækkunir (að hækkunum sem gerast smám saman og áunnum viðbótagreiðslum meðtöldum, samkvæmt tölu 10.10) fara ekki yfir 20 prósent áætlaðrar árlegrar iðgjaldshækkunar þáttarins „Ellilífeyrir“ á öllum samningstímanum.

Í meginatriðum er hækkun iðgjalds aðeins möguleg svo lengi sem →hinn tryggði er ekki kominn yfir 67 ára →reiknaðan aldur.

Við upplýsum þig um hæstu mögulegu hækkunarupphæð ef óskað er.

b) Áhrif

- Við hækun iðgjalds framkvæmum við yfirleitt ekki áhættumat. Við framkvæmum þó áhættumat ef samið var um frekari þætti sem einnig skulu hækka, samkvæmt mgr. í c-lið, og ef samtala umbeðinnar árlegrar hækunarupphæðar og hækunarupphæðar síðustu undanfarandi fjögurra ára nemur að minnsta kosti 3.000 evrum. Þá er tekið tillit til allra líftryggingarsamninga sem í gildi eru fyrir → hinn tryggða, sem í hlut á, og fela í sér frekari þætti samkvæmt mgr. c-lið.
- Hækun iðgjalds leiðir til hækunar tryggðs lágmarkslífeyris samkvæmt 2. mgr. Hún veldur því einnig að tryggður höfuðstóll við lífun hækkar sem nemur samtölu viðbótariðgjalda, án iðgjalda fyrir frekari þætti sem hugsanlega eru innifaldir, margfaldað með umsömdum → tryggðum prósentuhluta.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn

- „Eftirlífendalífeyrir“,
- „Lífeyrir munaðarlausra“,
- „Höfuðstóll við andlát“,
- „Barnaframfærsla“,
- „Höfuðstóll við andlát af slysförum“,
- „Iðgjaldsundanþága við óvinnufærni“,
- „Iðgjaldsundanþága við óvinnufærni eða örorku“,
- „Iðgjaldsundanþága við umönnunarþörf barns“ eða
- „Iðgjaldsundanþága við óvinnufærni eða andlát forsjáraðila“ hækka bætur úr þeim þáttum sömuleiðis við hækun iðgjalds. Einkum hækkar einnig tryggður lágmarkslífeyrir eftirlífenda og tryggður lágmarkslífeyrir munaðarlausra, ef við á. Samband tryggðs lágmarkslífeyris eftirlífenda og tryggðs lágmarkslífeyris munaðarlausra, ef við á, og tryggðs lágmarkslífeyris úr þættinum „Ellilífeyrir“, helst óbreytt. Bætur úr þáttinum „Lífeyrir vegna óvinnufærni“, „Lífeyrir vegna óvinnufærni eða örorku“ og, ef við á, tryggða aukalega þættinum „Viðbótarlífeyrir vegna umönnunar“ eða úr þættinum „Lífeyrir vegna umönnunar barns“ hækka ekki.

(2) Reikniforsendur fyrir hækun greiðslna

Við reiknum hækun tryggðs lágmarkslífeyris og hugsanlega tryggðs lágmarkseftirlífendalífeyris og tryggðs lágmarkslífeyris munaðarlausra samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eignum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Um innifalinn samningsgerðar- og sölukostnað vegna hækunar iðgjalda, sem og umsýslukostnað (→kostnaður), gilda reglur samkvæmt tölul. 7.1, mgr. 1 og 2, a-lið.

Bætur annarra umsaminna þátta hækka samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eignum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(3) Dagsetning hækunar

Dagsetning iðgjaldshækunar og allra bóta er 1. dagur tryggingartímabils sem á eftir kemur.

10.10 Hvenær má greiða viðbótargreiðslur?**(1) Viðbótargreiðslur fyrir upphaf lífeyristöku**

Hægt er að inna af hendi viðbótargreiðslur fyrir upphaf lífeyristöku. Áhættumat er ekki nauðsynlegt.

a) Forsendur

- Hver einstök viðbótargreiðsla skal nema að minnsta kosti 500 evrum.
- - Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu → tryggingarári
- nemur í hæsta lagi 30.000 evrum.
- → Viðbótarbótími tryggingarinnar er ekki hafinn.

b) Frekari skilyrði fyrir umsamdar reglubundnar iðgjaldagreiðslur

Ef þú hefur valið að greiða iðgjöld með reglubundnum hætti gildir eftirfarandi að auki:

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu → tryggingarári má ekki fara yfir tífalt umsamið iðgjald þáttarins „Ellilífeyrir“ fyrir þetta tryggingarár.

- Að minnsta kosti fjögur ár eru liðin frá upphafi tryggingar.
- Að minnsta kosti fjögur ár liða milli viðbótargreiðslunnar og umsamins upphafs lífeyristöku.

c) Áhrif

- Með viðbótargreiðslunni hækum við fjölda hluta sem falla undir trygginguna í → sérsjóði KomfortDynamik, að því gefnu að viðbótargreiðslan sé ekki ætluð til að standa undir samningsgerðar- og sölukostnaði í prósentum af iðgjaldi (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 7.1, mgr. 1 og 2, a-lið, eða verði ekki nýtt til fjárfestingar í →höfuðstól ábyrgðarinnar. Við þetta hækkar → hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik.
- Viðbótargreiðslan leiðir til þess að tryggður lágmarkslífeyrir hækkar samkvæmt mgr. 2. Hún veldur því einnig að tryggður höfuðstóll við lífun hækkar sem nemur → tryggðum prósentuhlut viðbótargreiðsluupphæðarinnar sem samið var um við lok samningsgerðar. Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef svo á við, þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ hækkar tryggður höfuðstóll við lífun aðeins sem nemur umsömdum → tryggðum prósentuhluta þess hluta viðbótargreiðsluupphæðarinnar sem tengist ellilífeyrinum.

d) Viðmiðunardagur fyrir umreikning hluta í sérsjóði KomfortDynamik

Við umreikning hluta í → sérsjóði KomfortDynamik er → virði hluta á móttökudegi greiðslunnar lagt til grundvallar, en er í síðasta lagi á 2. → virkum bankadegi eftir móttökudag viðbótargreiðslunnar. Umreikningurinn fer þó ekki fram fyrr en eftir gjalddaga viðbótargreiðslunnar. Berist greiðslan fyrir gjalddaga viðbótargreiðslunnar er → virði hlutarins á gjalddaga viðbótargreiðslunnar lagt til grundvallar, í síðasta lagi á 2. → virkum bankadegi eftir gjalddaga viðbótargreiðslunnar.

e) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ hefur viðbótargreiðsla eftirfarandi áhrif á þessa þætti:

- Tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir og, ef svo á við, lágmarkslífeyrir munaðarlausra hækka.
- Samband tryggðs lágmarkslífeyris eftirlífenda og tryggðs lágmarkslífeyris munaðarlausra, ef við á, og tryggðs lágmarkslífeyris úr þættinum „Ellilífeyrir“, helst óbreytt.
- Tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir við andlát → hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku má í mesta lagi hækka um 3 prósent af samtölu viðbótargreiðslna eins → tryggingarárs.

Bætur úr frekari umsömdum þáttum hækka ekki vegna viðbótargreiðslunnar.

(2) Reikniforsendur fyrir hækun greiðslna

Viðbótargreiðslu er ráðstafað sem einstöku iðgjaldi til hækunar á bótargreiðslum.

Við reiknum hækun tryggðs lágmarkslífeyris og hugsanlega tryggðs lágmarkseftirlífendalífeyris og tryggðs lágmarkslífeyris munaðarlausra samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eignum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Samningsgerðar- og sölukostnað, sem og umsýslukostnað sem prósentur af iðgjaldi (→kostnaður), fjármögnum við með viðbótargreiðslunni samkvæmt tölul. 7.1, mgr. 1 og 2, a-lið.

(3) Dagsetning hækunar

Dagsetning hækunar bóta er fyrsti dagur sama mánaðar og viðbótargreiðslan berst okkur en þó í fyrsta lagi 1. dag sama mánaðar og viðbótargreiðslan gjaldfellar.

(4) Hagnaðarhlutdeild

Þú færð einnig hlutdeild í hagnaði skv. tölul. 3 fyrir viðbótargreiðslur í ellilífeyrisþættinum. Hún getur verið á formi eigin → prósentuhluta í hagnaði sem geta verið frábrugðin þeim prósentuhlutum í hagnaði sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrsluna fyrir undirflokk tryggingarinnar.

Upphæð eigin →prósentuhluta í hagnaði og tímabilið sem viðbótargreiðsla aflar sér hagnaðarhlutdeildar á fer eftir mismunandi skilyrðum, einkum

- tímanum sem eftir er fram að umsömdu upphafi lífeyristöku,
- tímapunktinum þegar viðbótargreiðslan er gerð og
- vaxtastöðu á fjármálamarkaði.

Ef þú óskar eftir því veitum við þér upplýsingar um hvort þú öðlast eigin →prósentuhluta í hagnaði gegn viðbótargreiðslu, upphæð þeirra og tímabil áður en viðbótargreiðsla er framkvæmd.

Ef →prósentuhlutar í hagnaði fyrir viðbótargreiðslu í ellilífeyrisþættinum víkja frá þeim sem tilgreindir eru fyrir ellilífeyrisþáttinn látum við þig vita um upphæð eigin prósentuhluta í hagnaði og tímabilið sem þú aflar þeirra þegar við staðfestum viðbótargreiðsluna.

10.11 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?

Hægt er að taka höfuðstól úr tryggingunni á →biðtímanum. Fyrir það tókum við vinnslugjald sem nemur 15 evrum.

(1) Forsendur

- Taka verður út að minnsta kosti 500 evrur.
- Tilteknar lágmarksfjárhæðir verða að vera áfram í tryggingunni eftir að tekið hefur verið tillit til vinnslugjalds, frádráttar sem fellur til samkvæmt 2. mgr., gildandi tryggingarlána, ef svo á við, og úttektarinnar. Lágmarksfjárhæðirnar eru ákvarðaðar þannig að eftirstöðvarnar af →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik verða að vera að minnsta kosti 500 evrur á viðmiðunardegi fyrir útreikning á þessu virði. Á hinn bóginn, ef tryggingunni er sagt upp síðar, verður að vera hægt að framkvæma frádráttinn sem samið var um í þessu tilviki samkvæmt 2. mgr. í tölul. 9.2 og eftir þann frádrátt verður heildargreiðslan við uppsögn vera að minnsta kosti 500 evrur samkvæmt tölulið 9.2.
- Eftirstöðvarnar af →höfuðstól ábyrgðarinnar verða að nægja til að standa undir tryggðum höfuðstól við lifun og tryggðum lágmarkslífeyri eftir úttekt.

→Virði hlutdeildar þinnar í sérsjóði KomfortDynamik reiknum við strax og í síðasta lagi 5. →virka bankadag eftir að skrifleg tilkynning þín um útborgun á höfuðstól berst okkur (t.d. í bréfi eða tölvupósti).

(2) Frádráttur

Ef úttektir ásamt uppsöfnuðum sköttum fara ekki yfir 30.000 evrur á einu →tryggingarári er ekki um annan frádrátt að ræða en vinnslugjöld.

Aðeins er um frádrátt að ræða ef úttektir ásamt uppsöfnuðum sköttum á →tryggingarárinu fara yfir 30.000 evrur. Í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar. Þú getur fundið þessar skýringar í þættinum „Hvaða bætur eru greiddar við uppsögn fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna?“ í undirkaflanum „Frádráttur við úttekt“.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkuð hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

(3) Áhrif

- Greiðslutímabil og upphæð þeirra iðgjalda sem greiða ber breytast ekki við úttekt.
- Úttektin, uppsafnaðir skattar, vinnslugjald og frádráttur samkvæmt 2. mgr. eru greidd úr tryggingu þinni. Tryggðar greiðslur og reiknistuðlar skv. 3. mgr., tölul. 1.1 skerðast samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

10.12 Hvenær má breyta iðgjaldatímanum?

(1) Styttning iðgjaldatímans

Ef iðgjöld eru greidd með reglubundnum hætti má fara fram á

að iðgjaldatími verði styttr um heil ár.

Með styttingunni lækka tryggðar bætur ellilífeyrisþáttarins og eftirlífendalífeyrisþáttarins og, ef við á, þáttarins „Lífeyrir munaðarlausra“, sem og frekari umsaminna þátta.

Við upplýsum þig um forsendur og einstök áhrif ef óskað er.

(2) Lenging iðgjaldsgreiðslutímans

Ef iðgjaldatími tryggingarinnar er styttri en →biðtíminn og þú greiðir reglubundin iðgjöld, má fara fram á það einu sinni að iðgjaldatími verði lengdur.

Framlengingin kemur í beinu framhaldi af því að upphaflegum umsömdum iðgjaldatíma lýkur, en fer þó ekki fram yfir umsamin lok →biðtímans.

a) Forsendur

- Þegar framlenging tekur gildi þyrfti →hinn tryggði að geta samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.
- →Hinn tryggði má ekki hafa náð 50 ára →reiknuðum aldri við upphaflega umsamin lok iðgjaldatíma.

b) Áhrif

Við framlenginguna hækkar tryggður lágmarkslífeyrir og tryggður höfuðstóll við lifun frá upphaflega umsömdum lokum iðgjaldsgreiðslutímans samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Bætur annarra umsaminna þátta hækka samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

10.13 Hvenær má lækka eða fresta greiðslu iðgjalds í atvinnuleysi eða í hlutastarfi, í foreldraorlofi eða meðan á starfsendurmenntun stendur?

(1) Iðgjaldsgreiðslum hætt (seinkun)

Þú getur farið fram á það að iðgjaldsgreiðslum sé hætt tímabundið (seinkun). Seinkuðu iðgjaldsgreiðslurnar þarf að greiða upp síðar.

Ef samningur þinn er orðinn þriggja ára munum við verða við ósk þinni um seinkun iðgjaldsgreiðslna vegna:

- atvinnuleysis,
- skammtímavinnu eða
- foreldraorlofs.

Við seinkum iðgjaldsgreiðslum vaxtalaust svo framarlega sem þú ert atvinnulaus eða í skammtímavinnu eða foreldraorlofi, þó lengst í samfelld þrjú ár. Hægt er að seinka iðgjaldsgreiðslum aftur ef skilyrðin eru uppfyllt að nýju. Við seinkum iðgjaldsgreiðslum vegna atvinnuleysis, skammtímavinnu eða foreldraorlofs í að hámarki sex ár á heildartíma samningsins.

Tryggðar tryggingabætur halda almennt fullu gildi sínu á meðan greiðsluseinkun stendur yfir. Ef tryggingartilvik á sér stað á þessu tímabili verða tryggingarbætur eingöngu skertar sem nemur ógreiddu iðgjaldi, ef það er leyfilegt samkvæmt lögum. Að frestinum liðnum heldur tryggingin áfram samkvæmt samningnum.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(2) Lækkun iðgjaldsgreiðslna (hlutagreiðsla iðgjalds)

Þú getur farið fram á það að iðgjaldsgreiðslur séu lækkaðar tímabundið (hlutagreiðsla iðgjalds). Ógreidda hluta iðgjaldsgreiðslna þarf að greiða upp síðar.

Ef iðgjaldsgreiðslur hafa verið greiddar vegna samnings þíns í að minnsta kosti eitt ár munum við, að beiðni þinni, lækka iðgjaldsgreiðslur tímabundið vegna:

- atvinnuleysis,
- skammtímavinnu,
- foreldraorlofs eða

- starfstengdrar menntunar.

Við læknum iðgjaldsgreiðslur svo framarlega sem þú ert atvinnulaus eða í skammtímavinnu, foreldraorlofi eða starfstengdri menntun, þó lengst í samfelld þrjú ár. Hægt er að lækka iðgjaldsgreiðslur aftur ef skilyrðin eru uppfyllt að nýju. Við læknum iðgjaldsgreiðslur vegna atvinnuleysis, skammtímavinnu, foreldraorlofs eða starfstengdrar menntunar í að hámarki sex ár á heildartíma samningsins.

Tryggðar tryggingabætur halda almennt fullu gildi sínu á meðan hlutagreiðsla iðgjalds stendur yfir. Ef tryggingartilvik á sér stað á þessu tímabili verða tryggingarbætur eingöngu skertar sem nemur ógreiddum hlutum iðgjalds, ef það er leyfilegt samkvæmt lögum. Eftir að hlutagreiðslu iðgjalds er lokið mun trygging þín halda áfram með þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 4. mgr.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(3) Sönnunargögn

Ef þú sækir um seinkun iðgjaldsgreiðslna í samræmi við 1. mgr. eða sækir um hlutagreiðslu iðgjalds í samræmi við 2. mgr. getum við krafist viðeigandi sönnunargagna.

Þér ber að tilkynna okkur tafarlaust um það þegar atvinnuleysi, skammtímavinnu, foreldraorlofi eða starfstengdri menntun lýkur.

(4) Eftiráborgun ógreiddra iðgjalda

Þegar greiðslufrestinum lýkur ber þér að greiða iðgjöldin sem var seinkað innan viðkomandi tímaramma, í einni iðgjaldagreiðslu. Umsýslukostnað sem prósentur af iðgjaldinu (→kostnaður) samkvæmt a-lið, 2. mgr., tölul. 7.1 sem fellur undir innborguð iðgjöld, drögum við strax af þegar iðgjaldið berst okkur.

Þegar tímabilið fyrir hlutagreiðslu iðgjalds er yfirstaðið þarftu að greiða eftirstandandi ógreidda iðgjaldsupphæð í einni greiðslu. Umsýslukostnað sem prósentur af iðgjaldinu (→kostnaður) samkvæmt a-lið, 2. mgr., tölul. 7.1 sem fellur undir innborguð iðgjöld, drögum við strax af þegar iðgjaldið berst okkur.

Málgrein 1 í tölulið 2.2 gildir á sambærilegan hátt um ráðstöfun á seinkuðum eða lækkuðum iðgjöldum.

Ef þú segir tryggingunni upp meðan á seinkun eða hlutagreiðslu iðgjalds stendur greiðum við endurskaupsvirði samkvæmt tölul. 9.2 og einnig endurkaupsvirði annarra umsaminna þátta ef við á.

Við ákvörðun endurkaupsvirðis tókum við mið af ógreiddum iðgjaldsgreiðslum vegna seinkunnar eða hlutagreiðslu.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

10.14 Hvenær má lækka iðgjaldsgreiðslu?

(1) Forsendur

Hægt er að fara skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) fram á að tryggingin haldi áfram með skertum iðgjöldum (iðgjaldalækkun). Hægt er að koma á iðgjaldalækkun í lok hvers tryggingartímabils (sjá B-hluta, tölul. 2.1)

- ef samtala ellilífeyrisiðgjalda sem þegar hafa verið greidd, ásamt samtölu síðari ellilífeyrisiðgjalda sem samið hefur verið um, nemur að minnsta kosti 4.000 evrum
- og, ef samið hefur verið um þáttinn „Höfuðstól við andlát“, →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik nemur að minnsta kosti 1.000 evrum.

Viðmiðunardagur fyrir útreikning á →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik er fimmti síðasti →virki bankadagur áður en iðgjald er lækkað. Ef umsókn um lækkun iðgjalds berst okkur eftir fimmta síðasta →virka bankadag reiknum við virði hlutanna með hliðsjón af →virði hluta sem liggur fyrir þegar umsóknin um lækkun iðgjalds berst okkur.

(2) Tímamörk

Hægt er að fara fram á ótímabundna iðgjaldalækkun eða tímabundna lækkun iðgjalds í allt að 3 ár. Þegar um

tímamörk er að ræða upplýsum við þig tímanlega fyrir lok tímabilsins sem þú óskar eftir, um endurupptöku greiðslu fulls iðgjalds.

(3) Áhrif

- Eftir iðgjaldalækkun reiknum við lífeyrinn einnig samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.1.
- Við skerðum tryggðan lágmarkslífeyri.
- Við skerðum tryggðan höfuðstól við lífun.

Nýja tryggða lágmarkslífeyrinn og nýja tryggða höfuðstólinn við lífun reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við það myndast enginn frádráttur. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Með iðgjaldalækkuninni lækka tryggðar bætur frekari umsaminna þátta. Við upplýsum þig um forsendur og einstök áhrif ef óskað er.

(5) Möguleikar við hækkun iðgjalda á ný eftir iðgjaldalækkun

Innan 6 mánaða frá því að iðgjald hefur verið lækkað er hægt að hækka iðgjaldagreiðsluna aftur upp að þeirri upphæð sem gildi fyrir iðgjaldalækkunina, án þess að við gerum áhættumat. Töluliður 8.2, 1. mgr. gildir á sambærilegan hátt.

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3ja ára frá því að iðgjald tryggingarinnar var lækkað, fara fram á hækkun iðgjaldsgreiðslu upp að sömu upphæð og var í gildi áður en iðgjaldið var lækkað. Þegar þrjú ár eru liðin frá því að lækkun iðgjalds tók gildi er ekki lengur hægt að hækka iðgjaldsgreiðslur á ný. Hægt er að hækka iðgjaldsgreiðslur á ný ef →hinn tryggði getur, þegar iðgjaldsgreiðslur eru hækkaðar að nýju, samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

Þá má greiða upp mismun lækkuðu iðgjaldanna og upphaflega umsömdu iðgjaldanna, sem myndaðist á tíma lækkuðu iðgjaldanna.

Einnig er hægt að hækka iðgjaldsgreiðsluna aftur. Tryggðan lágmarkslífeyri og tryggðan höfuðstól við lífun reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Um útreikning þessara nýju bóta gilda reglur 1. mgr., tölul. 1.4. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

Töluliður 8.2, mgr. 4 gildir á sambærilegan hátt.

10.15 Hvaða reglur gilda ef óskað er eftir tryggingarláni?

Þú getur sótt um lán á tryggingunum þínum.

Hámarksupphæð tryggingarlánsins fer eftir →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik og tryggingartímanum sem þegar er liðinn. Enn fremur er hámarksupphæð lánsins takmörkuð við upphæðina sem fram kemur í tölul. 9.2.

Við innheimtum ekki gjald fyrir afgreiðslu lánsumsóknar. Nánar er kveðið á um veitingu og endurgreiðslu tryggingarláns í lánssamningnum. Enginn lagalegur réttur til tryggingarláns liggur fyrir. Við upplýsum þig um núgildandi samningsskilmála ef óskað er.

10.16 Hvenær er hægt að semja um aðrar bótagreiðsluleiðir?

Ef við bjóðum upp á fleiri bótagreiðsluleiðir í tengslum við lífeyri eða höfuðstól fyrir samninginn þinn við upphaf lífeyristöku munum við láta þig vita tímanlega fyrir upphaf lífeyristöku. Þú getur þá samið um þær við okkur.

(1) Forsendur

Við upplýsum þig um nánari skilyrði þegar við upplýsum þig um aðrar bótagreiðsluleiðir.

(2) Áhrif

- Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar samið er um aðrar bótagreiðsluleiðir.
- Tryggðar bætur, tryggði lágmarkslífeyririnn og tryggði lífeyrisstuðullinn gætu breyst.

- Við upplýsum þig um nánari áhrif þegar við upplýsum þig um aðrar bótageiðsluleiðir.

11. Breytingar á þættinum „Ellilífeyrir“ – Framtíðarlífeyrir KomfortDynamik E270

Samið hefur verið um eina eða fleiri af eftirfarandi breytingum á samningnum þínum.

Sjá má umsamdar breytingar sem snerta samninginn þinn í tryggingarskránni eða tryggingarsamningnum.

Eftirfarandi gildir um einstakar breytingar:

Breyting FR1: Umsamin ráðstöfun hagnaðar „Greiðsla hagnaðarluta samkvæmt aðferð lífeyrisgreiðslna“ við upphaf lífeyristöku

Í stað tölul. 3.2.5 kemur:

„3.2.5 Hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku tilheyrir tryggingin þín öðrum hagnaðarhópi (sjá einnig tölul. 3.2.1). Við munum upplýsa þig um þetta áður en lífeyrisgreiðsla hefst. Háð þeirri flokkun veitum við ellilífeyrisþættinum hlutdeild í hagnaði okkar (reglubundnir hagnaðarlutar).

Upphæð reglubundinna hagnaðarluta má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölul. 3.2.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Útreikningur og úthlutun reglubundinna hagnaðarluta

Upphæð þeirra hagnaðarluta sem ráðstafa skal inn á samninginn er ákvörðuð samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við leggjum þá til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölul. 3.2.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

Við úthlutum hagnaðarlutum árlega í byrjun →tryggingarárs og í fyrsta skipti einu ári eftir að lífeyrisgreiðsla hófst.

→Reiknistuðull árlegrar hagnaðarlutdeildar er →bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður að hverju →tryggingarári liðnu.

(2) Ráðstöfun árlegra hagnaðarluta

Við greiðum árlega hagnaðarluta úr þættinum „Ellilífeyrir“ ásamt lífeyri úr ellilífeyrisþættinum samkvæmt viðkomandi greiðslumáta þeirra. Það sama gildir um hagnaðarluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þátta.

Við greiðum árlega hagnaðarluta í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslna.

(3) Breyting á hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Þú getur farið fram á það skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) að við ráðstöfum hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, innan ramma þeirra ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Breyting FR2: Umsamin ráðstöfun hagnaðar „Viðbótarlífeyrir“ við upphaf lífeyristöku

Í stað tölul. 3.2.5 kemur:

„3.2.5 Hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku tilheyrir tryggingin þín öðrum hagnaðarhópi (sjá einnig tölul. 3.2.1). Við munum upplýsa þig um þetta áður en lífeyrisgreiðsla hefst. Háð þeirri flokkun veitum við ellilífeyrisþættinum hlutdeild í hagnaði okkar (reglubundnir hagnaðarlutar).

Upphæð reglubundinna hagnaðarluta má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölul. 3.2.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Útreikningur og úthlutun reglubundinna hagnaðarluta

Upphæð þeirra hagnaðarluta sem ráðstafa skal inn á samninginn er ákvörðuð samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við leggjum þá til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölul. 3.2.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

Við úthlutum hagnaðarlutum árlega í byrjun →tryggingarárs og í fyrsta skipti einu ári eftir að lífeyrisgreiðsla hófst.

→Reiknistuðull árlegrar hagnaðarlutdeildar er →bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður að hverju →tryggingarári liðnu.

(2) Ráðstöfun árlegra hagnaðarluta

Árlega hagnaðarluta þáttarins „Ellilífeyrir“, að frátöldum frádrætti vegna umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 7.1 mgr. 2, b-lið, notum við árlega á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst til að fjármagna aukalega iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri (viðbótarlífeyri). Það sama gildir um hagnaðarluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þátta.

Viðbótarlífeyrir samanstendur af viðbættum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“. Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, felur viðbótarlífeyrir einnig í sér eftirlífendalífeyri og hugsanlega lífeyri munaðarlausra. Tengsl þeirra við lífeyrinn úr þættinum „Ellilífeyrir“ samsvara viðeigandi tengslum við upphaf lífeyristöku.

Þú færð viðbótarlífeyrinn til viðbótar →tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku, í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslunnar.

Viðbótarlífeyririnn, líkt og →tryggður lífeyrir frá upphafi lífeyristöku, á hlutdeild í hagnaði út frá aukalegri iðgjaldslausri bótageiðslu. Við reiknum hækkaðar bótageiðslur úr viðbótarlífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við útreikning viðbætttra bótageiðslna styðjumst við í grundvallaratriðum við reikniforsendur sem hafðar voru til hliðsjónar í upphafi lífeyristöku, sem og prósentur →kostnaðar vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ samkvæmt tölul. 7.1, 2. mgr., b-lið, sem notaðar voru við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkunardegi og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, samkvæmt 3. mgr. tölul. 1.4, a-lið, vegna ákvarðana eftirlitsyfirlvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Félags þýskra tryggingafræðinga (DAV), getum við sömuleiðis lagt þær til grundvallar við bótahækkun viðbótarlífeyris. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný eftir bótahækkun viðbótarlífeyris, getum við við síðari bótahækkun viðbótarlífeyris beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt við bótahækkun viðbótarlífeyris.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við upphaf lífeyrisgreiðslu eða við síðustu bótahækkun viðbótarlífeyris.

Prósentur →kostnaðar vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ samkvæmt tölul. 7.1, 2. mgr., b-lið, sem notaðar voru við samningsgerð, haldast óbreyttar.

(3) Breyting á hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Þú getur farið fram á það skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) að við ráðstöfum hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, innan ramma þeirra ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Þegar tímabundinn lífeyrir er valinn kemur í stað 4. mgr. tölul. 10.3:

„(4) Hagnaðarhlutdeild

Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði samkvæmt tölul. 3. Fyrstu ár tímabundins lífeyris geta →prósentuhlutar í hagnaði tryggingarinnar verið frábrugðnir þeim prósentuhlutum í hagnaði sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrsluna fyrir undirflokk tryggingarinnar. Ef um trygginguna gilda eigin →prósentuhlutir í hagnaði veitum við þér upplýsingar um upphæð eigin prósentuhluta í hagnaði og tímabilið sem þú aflar þeirra á áður en →tímabundinn lífeyrir hefst.

Fjármagn hagnaðarhlutdeilda er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 3.1, 3. mgr.). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

Eftir upphaf lífeyrisgreiðslna notum við árlega hagnaðarhluta tímabundins lífeyris, að frátöldum frádrætti vegna umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt tölulið 7.1 mgr. 2, b-lið, árlega á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst, til að fjármagna aukalega iðgjaldsfrían tryggðan tímabundinn lífeyri (tímabundinn viðbótarlífeyri).

Þú færð tímabundinn viðbótarlífeyri til viðbótar við tímabundinn lífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyris, í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslunnar.

Hver tímabundinn viðbótarlífeyrir á hlut í hagnaði, eins og tímabundni lífeyririnn sjálfur, í gegnum iðgjaldslausan tímabundinn viðbótarlífeyri.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.“

Breyting FR3: Umsamin ráðstöfun „samanlagðs hagnaðarlífeyris“ við upphaf lífeyristöku

Í stað tölul. 3.2.5 kemur:

„3.2.5 Hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku tilheyrir tryggingin þín öðrum hagnaðarhópi (sjá einnig tölul. 3.2.1). Við munum upplýsa þig um þetta áður en lífeyrisgreiðsla hefst.

Ef samið var um samanlagðan hagnaðarlífeyri fyrir hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku gildir eftirfarandi:

- Samanlagður hagnaðarlífeyrir frá upphafi lífeyristöku kemur til viðbótar við →tryggðan lífeyri frá upphafi lífeyristöku.
- Samanlagður hagnaðarlífeyrir samanstendur af aukalegum lífeyri, sem ekki er hægt að ábyrgjast, úr þættinum „Ellilífeyrir“, sem og árlegum hækkunum lífeyris, sem ekki er hægt að ábyrgjast, en þær eru ákvarðaðar sem prósentuhlutur af þeim heildarlífeyri sem myndaðist árið á undan úr þættinum „Ellilífeyrir“; árlegar lífeyrishækkanir hefjast í upphafi sjötta árs eftir upphaf lífeyristöku.

Samanlagður hagnaðarlífeyrir getur – í óhagstæðasta tilviki – verið núll.

(1) Samanlagður hagnaðarlífeyrir reiknaður út

Upphæð samanlagðs hagnaðarlífeyris finnum við með því að reikna út muninn á heildarlífeyri og →tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku.

Við reiknum út heildarlífeyri við upphaf lífeyristöku út frá fyrirliggjandi samtölu af →andvirði tryggingarinnar, lokahagnaðarhlutanum og hlutdeild í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á →bótahöfuðstólum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) í lok →biðtímans. Til þess notum við dánartíðnitöflu sem ákvörðuð er fyrir samanlagðan hagnaðarlífeyri (→töflur) og ávöxtun að teknu tilliti til umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt b-lið, 2. mgr., tölul. 7.1. Þá tökum við mið af árlegum hækkunum lífeyris, en þær er ekki hægt að ábyrgjast.

Dánartíðnitöfluna (→töflur) og ávöxtunina sem ákvarðaðar voru fyrir samanlagðan hagnaðarlífeyri er að finna í viðauka við ársskýrsluna.

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ felur samanlagður hagnaðarlífeyrir einnig í sér eftirlífendalífeyri og hugsanlega lífeyri munaðarlausra. Hlutfall samanlagðs eftirlífendalífeyris og, ef svo á við, samanlagðs lífeyris munaðarlausra af heildarlífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“ er í samræmi við hlutfall tryggðs lífeyris við upphaf lífeyristöku hverju sinni.

(2) Breytingar á reikniforsendum samanlagðs hagnaðarlífeyris

Ef dánartíðnitafla (→töflur) eða ávöxtun, sem ákvarðaðar voru og eiga við um samanlagðan hagnaðarlífeyri innan ramma árlegrar hagnaðaryfirlýsingar (sjá tölul. 3.2.2), breytast

- geta árlegar lífeyrishækkanir framvegis orðið hærrí eða lægri en fram að því, eða jafnvel fallið niður og
- getur upphæð samanlagðs hagnaðarlífeyris aukist eða skerst.

Við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar síðari breytingar upplýsum við þig um upphæð áðurnefnds aukalegs lífeyris og prósentuhlut lífeyrishækkunar.

(3) Breyting á hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Þú getur farið fram á það skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) að við ráðstöfum hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, innan ramma þeirra ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Breyting FR4: Tryggingin fellur undir hópsamning.

Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga við um einstakar (hluta-)tryggingar en ekki hópsamninga. Þetta á einkum við þegar um er að ræða tryggingabætur og seinkun.

Í stað hugtaksins „Tryggður höfuðstóll við lífun“ kemur alls staðar „Tryggð upphæð við lífun“.

Í stað 3. textahluta 2. mgr., tölul. 1.1. kemur:

„Ef útreiknaður lífeyrir við upphaf lífeyristöku er lægri en tryggður lágmarkslífeyrir sem nefndur er í tryggingarskírteininu greiðum við tryggðan lágmarkslífeyri.“

Í stað 3. textahluta a-liðar 2. mgr., tölul. 1.1. kemur:

„Í lok →biðtímans er →andvirði tryggingar sem er til ráðstöfunar að lágmarki →tryggði prósentuhlutinn fyrir samtölu ellilífeyrisiðgjalda sem samið var um við lok samningsgerðar, og sem skilgreindur var til myndunar lífeyris samkvæmt 1. mgr. (tryggð upphæð við lífun), óháð virðispróun →sérsjóðs KomfortDynamik.

Tryggða upphæðin við lífun getur hækkað samkvæmt 3. og 4. málsgrein. Við getum ekki ábyrgst →andvirði tryggingar sem er hærra en tryggð upphæð við lífun. Við tilgreinum upphæð tryggðrar upphæðar við lífun í tryggingarskírteininu.

Breytingar á samningnum geta haft áhrif á upphæð tryggðrar upphæðar við lífun. Upplýsingar um áhrifin er að finna í viðkomandi liðum þessara tryggingarskilmála. Við breytingar á samningi felur tryggða upphæðin við lífun að minnsta kosti í sér →tryggðan prósentuhlut fyrir samtölu greiddra iðgjalda vegna ellilífeyris sem samið var um við samningsgerðina.

Við tilgreinum umsamda →tryggða prósentuhlutinn í tryggingarskírteininu.“

Í stað 2. textahluta b-liðar 2. mgr., tölul. 1.1 kemur:

„Við ábyrgjumst samt sem áður að lífeyrisstuðullinn við upphaf lífeyristöku sé að minnsta kosti jafnhár og tryggði lífeyrisstuðullinn sem nefndur er í tryggingarskírteininu.“

Í stað 2. textahluta 1. mgr., tölul. 1.4. kemur:

„Að auki setjum við öryggismörk frádráttar fyrir tryggða lífeyrisstuðulinn. Við tilgreinum upphæð tryggða lífeyrisstuðulsins í tryggingarskírteininu.“

Í stað þriðja textaliðar í 3. mgr. tölul. 1.4, b-liðar, kemur:

„Við ábyrgjumst samt sem áður að lífeyrisstuðullinn við upphaf lífeyristöku sé að minnsta kosti jafnhár og tryggði lífeyrisstuðullinn sem nefndur er í tryggingarskírteininu.“

Í stað 3. mgr. tölul. 1.4, c-liðar, kemur:

„c) Málsgrein 3 á ekki við um útreikning á tryggðum lágmarkslífeyri eða tryggðum lífeyrisstuðli sem nefndir eru í tryggingarskírteininu (sjá nánar í mgr. 1).“

Töluliðir 6.1 og 6.2 falla brott.

Annar og þriðji upptalningarliður í tölulið 6.3 eiga aðeins við um þær tryggingar sem samið er um með áhættumati. Þegar um er að ræða tryggingar sem samið var um án áhættumats falla annar og þriðji upptalningarliður í tölulið 6.3 brott.

Breyting FR6: Tryggingin fellur undir starfsgreinasjóð.

Í stað 3. til 5. mgr. tölul. 4.1 kemur:

„(3) Afsal og veðsetning kröfuréttinda

Þú getur líka afsalað þér réttindum þínum eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum ef slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt, þó ef svo á við gæti einnig þurft samþykki þriðja aðila.

(4) Skrifleg gögn

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (sjá 1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (sjá 3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur þegar sá sem hafði þennan rétt hingað til hefur tilkynnt okkur breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti). Réttthafi hingað til ert yfirleitt þú. En það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi bindandi ráðstafanir.“

Í stað 2. mgr. tölul. 8.1 kemur:

„(2) Lágmarksvirði

Við munum aðeins halda tryggingu þinni áfram með þeim iðgjaldsfriú bótum sem reiknaðar eru samkvæmt 4. og 5. mgr. ef tryggður lágmarkslífeyrir fer yfir þau viðmiðunarmörk fyrir lífeyri sem gilda á þeim tíma sem undanþága frá greiðslu iðgjalds er veitt í samræmi við 1. setn. 2. mgr. 3. gr. þýskra laga um starfstengdan lífeyri (BetrAVG).

Ef samið var um lífeyri úr þættinum „Höfuðstóll við andlát“ munum við aðeins halda tryggingu þinni áfram með þeim iðgjaldsfriú bótum sem reiknaðar eru samkvæmt 4. og 5. mgr. ef →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik, eftir að úthlutanirnar og úttektirnar sem lýst er í b-lið 4. mgr. og frádrátturinn samkvæmt 5. mgr. hafa farið fram, fer yfir þau viðmiðunarmörk fyrir lífeyri sem gilda á þeim tíma sem undanþága frá greiðslu iðgjalds er veitt í samræmi við 1. setn. 2. mgr. 3. gr. þýskra laga um starfstengdan lífeyri (BetrAVG).

Náist þessar bótagreiðslur ekki munum við halda tryggingu þinni áfram með því skilyrði að þú nýtir ekki bótarétt þinn í samræmi við 1. setn. 2. mgr. 3. gr. þýskra laga um starfstengdan lífeyri (BetrAVG).

Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt fellur tryggingin niður og við greiðum út upphæð sem reiknast samkvæmt tölul. 9.2 ef um slíkt er að ræða.

Viðmiðunardagur fyrir útreikning á →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik er fimmti síðasti →virki bankadagur áður en trygging er gerð iðgjaldsfrí. Ef umsókn um undanþágu frá greiðslu iðgjalds berst okkur eftir fimmta síðasta →virka bankadag reiknum við virði hlutanna með hliðsjón af →virði hluta sem liggur fyrir þegar umsóknin um undanþágu frá greiðslu iðgjalds berst okkur.“

Í stað 1. til 4. mgr. tölul. 8.2 kemur:

„(1) Sex mánaða frestur fyrir endurupptöku iðgjaldsgreiðslna án áhættumats

Innan 6 mánaða eftir að trygging hefur verið gerð iðgjaldsfrí er hægt að hefja greiðslu iðgjalds að nýju með sömu upphæð og fyrir veitingu undanþágu frá greiðslu iðgjalds án þess að við gerum áhættumat.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu er útilokuð ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ og →hinn tryggði er óvinnufær þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast að nýju.

(2) Frestur fyrir endurupptöku iðgjaldsgreiðslna ef um foreldraorlof er að ræða án áhættumats

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna foreldraorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin var gerð iðgjaldsfrí og fram að endurheimt fyrri tryggingarverndar, einnig verið lengri en 6 mánuðir án áhættumats. Í þessu tilvikum verður iðgjaldsgreiðsla þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá lokum foreldraorlofs. Ef foreldraorlofi er skipt niður í marga áfanga þarf að koma iðgjaldsgreiðslunni á að nýju í hvert sinn, innan þriggja mánaða frá lokum hvers áfanga.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu er útilokuð ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ og →hinn tryggði er óvinnufær þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast að nýju.

(3) Almennur frestur fyrir endurupptöku iðgjaldsgreiðslna með áhættumati

Einnig má, þegar 6 mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan 3 ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á endurupptöku iðgjaldsgreiðslu með sömu upphæð og var í gildi áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí. Þegar þrjú ár eru liðin frá því að undanþága frá greiðslu iðgjalds tók gildi er ekki lengur hægt að hefja iðgjaldsgreiðslur á ný.

Þá er hægt að taka upp iðgjaldsgreiðslur á ný ef →hinn tryggði getur, þegar iðgjaldsgreiðslur hefjast að nýju, samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

(4) Möguleikar á endurupptöku iðgjaldsgreiðslna

Hægt er að gera upp iðgjöldin fyrir iðgjaldafría tímam.

Einnig er hægt að halda áfram að greiða iðgjöldin þar sem frá var horfið. Tryggðan lágmarkslífeyri og tryggða upphæð við lífun reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Um útreikning þessara nýju bóta gilda reglur 1. mgr., tölul. 1.4. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

(5) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ eða þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og hugsanlega „Lífeyrir munaðarlausra“, verður við endurupptöku iðgjaldsgreiðslna til ný uppskipting heildariðgjalds milli iðgjalds til ellilífeyris, iðgjalds til lífeyris vegna óvinnufærni og eftirlífendalífeyris og hugsanlega til lífeyris munaðarlausra.

Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“ og aðeins er um að ræða endurupptöku iðgjaldsgreiðslna reiknum við út nýjan tryggðan höfuðstóll við andlát samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur þáttarins „Höfuðstóll við andlát“ í liðnum „Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta“, undirliðnum „Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“?

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.“

Í stað 2. og 3. mgr. tölul. 10.4 kemur:

„(2) Þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ bætt við

Ef ekki var samið um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ má fara fram á að eftirlífendalífeyri verði bætt við við upphaf lífeyristöku. Við framkvæmum ekki áhættumat.

a) Forsendur

- Eftirlífendalífeyririnn er ekki hærrí en tryggður lífeyrir úr þættinum „Ellilífeyrir“ við →upphaf lífeyristöku.
- Ekki var valinn tímabundinn lífeyrir samkvæmt tölul. 10.3 eða tímabundinn hækkaður lífeyrir var ekki valinn.

b) Áhrif

- Um nýja innifalda þáttinn gilda tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.
- Upphæð ævilangs lífeyris samkvæmt tölul. 1.1, 2. mgr., getur breyst við það að vera bætt við; hún getur lækkað. Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku breytist hann einnig af þessum sökum.
- Viðbótin getur valdið því að tryggður lágmarkslífeyrir lækki. Við reiknum hann samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eignum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.
- Við lækkuðum tryggða lífeyrisstuðulinn samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendunum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af viðbót eftirlífendalífeyris.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(3) Höfuðstólsgreiðsla við andlát eða þátturinn „Eftirlífendalífeyrir“ útilokaður

Ef samið var um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku samkvæmt tölulíð 1.3 eða um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ má útiloka þessa þætti við upphaf lífeyristöku.

Ef ekki hefur verið samið um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ er hægt að fara fram á það í þessu tilviki að greidd verði samtala →andvirðis tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum sem liggur fyrir í lok →biðtímans að frádregnum þeim heildarellilífeyri sem þegar hefur verið greiddur úr þættinum „Ellilífeyrir“ sem dánarbætur, ef við bjóðum upp á slíkar dánarbætur við upphaf lífeyristöku í nýjum sambærilegum lífeyrstryggingum með tafarlausu upphafi lífeyristöku (sjá a-lið, 3. mgr., tölul. 1.4). Heildarellilífeyririnn felur einnig í sér greiðslur úr hagnaðarhlutdeild.

Upphæð ævilífeyris getur bæði breyst við útilokun á greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku eða útilokun þáttarins eftirlífendalífeyrir, en einnig í sambandi við nýju dánarbæturnar, ef við á, samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.1.

Sömuleiðis getur tryggður lágmarkslífeyrir breyst við þessi tilefni. Við reiknum hann samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim eignum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.

Við breytum tryggða lífeyrisstuðlinum samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendunum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af nýumsömdum dánarbótum.

Viðmiðunardagur fyrir útreikning á fyrirliggjandi →andvirði tryggingar í lok →biðtímans er áttundi síðasti →virki bankadagur fyrir upphaf lífeyristöku.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(4) Frestur

Tilkynning þín um breytingu samkvæmt 1. til 3. mgr. þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Í stað tölul. 10.5 kemur:

„10.5 Hvenær á biðtímanum má bæta við þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ án áhættumats?

Ef ekki var samið um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ má bæta við annaðhvort þættinum „Höfuðstóll við andlát“ eða þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ án áhættumats fyrir upphaf lífeyristöku við þau tilefni sem um getur í 1. mgr.

(1) Hvenær viðbætur geta farið fram

- Fæðing barns →hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling,
- hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekstur, ef það krefst aðildar að fagfélagi eða ráði,
- hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu eða

- hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign til eigin nota að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrur.

(2) Forsendur

- →Viðbótarbiðtími tryggingarinnar er ekki hafinn.
- Innan 6 mánaða frá einhverjum ofangreindum atburði þarf að fara fram á viðbótina og færa okkur sönnur fyrir þann atburð. Tilvikin verða að hafa átt sér stað á tryggingartímanum.
- →Hinn tryggði er ekki eldri en →reiknaðra 40 ára að aldri.
- →Hinn tryggði er ekki →óvinnufær.
- Ef samið var um þætti sem fela í sér „Lífeyri vegna óvinnufærni“ er ekki hægt að fá neinar bætur úr þessum þáttum.
- Við höfum áður samþykkt allar umsóknir um líftryggingu →hins tryggða með venjulegum skilyrðum.
- Ef þú vilt bæta við eftirlífendalífeyrisþætti er skilyrði að þú hafir ekki valið tímabundinn lífeyri skv. tölul. 10.3.

(3) Takmarkanir

Ef bætt er við þættinum „Höfuðstóll við andlát“:

- verður umsaminn tryggður höfuðstóll við andlát að vera að lágmarki 10 prósent af samtölu umsaminna iðgjalda allan →biðtímann fyrir alla þætti, að undanskildum þáttum fyrir óvinnufærni,
- má umsaminn tryggður höfuðstóll við andlát vera að hámarki 50.000 evrur.

Ef bætt er við þættinum „Eftirlífendalífeyrir“

- þarf tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir við andlát →hins tryggða fyrir og eftir upphaf lífeyristöku að minnsta kosti að nema 30 prósentum af upphæð tryggðs lágmarksellilífeyris,
- má tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir við andlát hins tryggða fyrir og eftir upphaf lífeyristöku í mesta lagi nema 100 prósentum af upphæð tryggðs lágmarksellilífeyris,
- má tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir við andlát hins tryggða eftir upphaf lífeyristöku í mesta lagi vera jafnhár og tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir við andlát hins tryggða fyrir upphaf lífeyristöku,
- má tryggður lágmarkseftirlífendalífeyrir við andlát hins tryggða fyrir og eftir upphaf lífeyristöku í mesta lagi nema 6.000 evrum á ári.

(4) Áhrif

- Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“, eða bætt er við þættinum „Höfuðstóll við andlát“, gilda hverju sinni þeir tryggingarskilmálar og þær reikniforsendur sem gert er ráð fyrir á þeim tíma þegar viðbæturnar eiga sér stað.
- Með viðbót þáttarins „Eftirlífendalífeyrir“ lækkuðum við tryggða lífeyrisstuðulinn samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendunum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af viðbót eftirlífendalífeyris.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.“

Tölulíður 10.6 fellur brott.

Tölulíður 10.7 fellur brott.

Tölulíður 10.8 fellur brott.

Í stað 1. mgr. tölul. 10.9, a-lið, kemur:

„a) Forsendur

- Hægt er að hækka iðgjaldið frá og með 3. mánuði frá upphafi tryggingarinnar.
- Árlegt iðgjald þáttarins „Ellilífeyrir“ má, að meðtöldum iðgjaldshækkunum, ekki vera hærra en sem nemur 48.000 evrum.
- →Hinn tryggði er ekki eldri en →reiknaðra 67 ára að aldri.
- Hægt er að hækka iðgjald þar til 3 ár eru eftir af →biðtímanum.
- →Viðbótarbiðtími tryggingarinnar er ekki hafinn.

- Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ er hækkan iðgjalds útilokuð á meðan iðgjaldsgreiðsluskylda þín fellur niður, að hluta til eða að fullu, vegna óvinnufærni. Hækkarnir sem framkvæmdar voru, eftir byrjun þess tíma þegar greiða þarf bæt看 úr þessum þáttum, en áður en fallist var á óvinnufærni, verða bakfærðar.

Við upplýsum þig um hæstu mögulegu hækkanarupphæð ef óskað er.“

Í tölul. 10.10 bætist við:

„(5) Eingreiðsla viðbótargreiðslu eftir umbreytingu í iðgjaldslausu tryggingu
Þegar um er að ræða tryggingar sem falla undir starfsgreinasjóð er hægt að hækka umsamin tryggðan höfuðstól við lífun og iðgjaldslausu tryggða upphæð við lífun með stakri viðbótargreiðslu. Áhættumat er ekki nauðsynlegt.

a) Forsendur

- Viðbótargreiðslan verður að fara fram innan 6 mánaða eftir að tryggingu er umbreytt í iðgjaldslausu tryggingu.
- Einungis er hægt að hækka bæt看 upp að þeirri upphæð iðgjaldsskyldrar tryggðrar upphæðar við lífun eða tryggðs höfuðstóls við andlát, eða hugsanlega umsamda þáttarins „Höfuðstóll við andlát“ sem var tryggð þegar undanþágan frá greiðslu iðgjalds var veitt.

b) Áhrif

- Ef samið var um aðra þætti í iðgjaldslausum tryggingarsamningi þínum helst sambandið milli einstakra þátta óbreytt þótt bæt看 séu hækkaðar.
- Viðbótargreiðslu er ráðstafað sem einstöku iðgjaldi til hækkanar á tryggðum lágmarkslífeyri. Við ráðstöfum henni einnig sem einstöku iðgjaldi til að hækka tryggða upphæð við lífun um þann →tryggða prósentuhluta viðbótargreiðsluupphæðarinnar sem samið var um við samningsgerð. Greiðsluhækkan á tryggðum lágmarkslífeyri reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4. Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.
- Ef samið var um þáttinn „Höfuðstóll við andlát“ hækkar tryggður höfuðstóll við andlát einnig. Við ráðstöfum viðbótargreiðslunni einnig sem einstöku iðgjaldi til að hækka tryggðan höfuðstól við andlát um þann →tryggða prósentuhluta viðbótargreiðsluupphæðarinnar sem samið var um við samningsgerð.“

Breyting FR8: Ekki hefur verið samið um tryggðan hækkanði lífeyri frá upphafi lífeyristöku í tryggingunni en samið var um breytar dánarbæt看 frá upphafi lífeyristöku samkvæmt tölulíð 1.3.

Í stað tölul. 1.3 kemur:

„1.3 Hvaða bæt看 greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

Ef →hinn tryggði deyr eftir upphaf lífeyristöku greiðum við í lok →biðtímans fyrirbyggjandi samtölu af →andvirði tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeild í →matssjóðunum að frádregnum þeim heildarlífeyri sem þegar hefur verið greiddur úr þættinum „Ellilífeyrir“. Heildarellilífeyririnn felur einnig í sér greiðslur úr hagnaðarhlutdeild.“

Í stað tölul. 10.4 kemur:

„10.4 Hvenær má breyta bótargreiðslum við fráfall eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Breyting á dánarbótum eftir upphaf lífeyristöku
Í upphafi lífeyristöku er hægt að fara fram á það að dánarbótum eftir upphaf lífeyristöku án áhættumats, sem samið var um samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.3, sé skipt út fyrir dánarbæt看 sem nema margföldum árlegum tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku að frádregnum →tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku sem þegar hefur verið greiddur.

a) Takmarkanir

Hámarksupphæð hinna nýju dánarbóta ræðst meðal annars af eftirfarandi:

- aldri við upphaf lífeyristöku,
- meðallífslíkum og
- ef um tímabundinn lífeyri er að ræða, samkvæmt tölulíð 10.3, af umsömdum lífeyrisgreiðslutíma.

Við veitum upplýsingar um hvaða kosti þú átt ef óskað er.

b) Áhrif

- Upphæð ævilangs lífeyris samkvæmt 2. mgr., tölul. 1.1 getur breyst við það að dánarbótum sé breytt.
- Tryggðum lágmarkslífeyri breytum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.
- Við breytum einnig tryggðum lífeyrisstuðli samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendunum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af nýumsömdum dánarbótum.

Mögulega þarf að greiða viðbótargreiðslu vegna breyttrar bótargreiðslu. Upphæð viðbótargreiðslunnar reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 3. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(2) Frestur

Tilkynning þín varðandi breytingu samkvæmt 1. mgr. þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Breyting FR11: Samið hefur verið um sérstakar reikniforsendur fyrir tryggingu sem felur í sér starfsgreinasjóð.

Í stað 1. mgr. tölul. 1.4 kemur:

„(1) Reikniforsendur við útreikning tryggðra bóta á þeim tíma þegar samningur er gerður

Á þeim tíma þegar samningurinn er gerður notum við, við útreikning á tryggðum lágmarkslífeyri og tryggðum lífeyrisstuðli, eftirfarandi reikniforsendur fyrir lífeyristöku:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2006 R“ (→töflur),
- reiknivextina 1,0 prósent og
- kostnað vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ (sjá nánar í tölul. 7.1 2. mgr., b-lið).

Að auki setjum við öryggismörk frádráttar fyrir tryggða lífeyrisstuðulinn. Við tilgreinum upphæð tryggða lífeyrisstuðulsins í tryggingarskrárteininu.

Ef samið var um fleiri þætti, auk þáttarins „Ellilífeyrir“, beitum við við útreikning á tryggðum greiðslum úr þessum þáttum frekari →töflum sem tilgreindar eru í reglum viðkomandi þátta.“

Í 1. setn. 3. mgr. tölul. 1.4, a-lið, bætist við:

- „sem kveður á um kynbundna dánartíðnitöflu (→töflur).“

Breyting FR13: Umsamin ráðstöfun hagnaðar fyrir „hækkaðan viðbótarlífeyri“ frá upphafi lífeyristöku

Í stað tölul. 3.2.5 kemur:

„3.2.5 Hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku tilheyrir tryggingin þín öðrum hagnaðarhópi (sjá einnig tölul. 3.2.1). Við munum upplýsa þig um þetta áður en lífeyrisgreiðsla hefst. Háð þeirri flokkun veitum við ellilífeyrisþættinum hlutdeild í hagnaði okkar (reglubundnir hagnaðarhlutar).

Upphæð reglubundinna hagnaðarhluta má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölul. 3.2.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Útreikningur og úthlutun reglubundinna hagnaðarhluta

Upphæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn er ákvörðuð samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við leggjum þá til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölul. 3.2.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

Við úthlutum hagnaðarhlutum árlega í byrjun →tryggingarárs og í fyrsta skipti einu ári eftir að lífeyrisgreiðsla hófst.

→Reiknistuðull árlegrar hagnaðarhlutdeildar er
→bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður að hverju
→tryggingarári liðnu.

(2) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta

Árlega hagnaðarhluta þáttarins „Ellilífeyrir“, að frátöldum frádrætti vegna umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt tölulið 7.1 mgr. 2, b-lið, notum við árlega á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst til að fjármagna aukalega iðgjaldsfria trygðan hækkaðan lífeyri (hækkaðan viðbótarlífeyri). Það sama gildir um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þátta.

Hækkaður viðbótarlífeyrir samanstendur af viðbættum hækkuðum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“. Ef samið var um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ og hugsanlega þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“, felur hækkaður viðbótarlífeyrir einnig í sér eftirlifendalífeyri og hugsanlega lífeyri munaðarlausra. Tengsl þeirra við lífeyrinn úr þættinum „Ellilífeyrir“ samsvara viðeigandi tengslum við upphaf lífeyristöku. Hækkunarhraði hækkandi viðbótarlífeyris samsvarar umsömdum hækkunarhraða →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku.

Þú færð hækkaða viðbótarlífeyrinn til viðbótar →tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku, í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslunnar.

Hækkaður viðbótarlífeyrir, líkt og →tryggður lífeyrir frá upphafi lífeyristöku, á hlutdeild í hagnaði út frá aukalegri

iðgjaldslausri hækkaðri bótageiðslu. Við reiknum hækkaðar bótageiðslur úr hækkuðum viðbótarlífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við útreikning viðbættra bótageiðslna styðjumst við í grundvallaratriðum við reikniforsendur sem hafðar voru til hliðsjónar í upphafi lífeyristöku, sem og prósentur →kostnaðar vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ samkvæmt tölul. 7.1, 2. mgr., b-lið, sem notaðar voru við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkunardeg og snerta útreikning á →bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, samkvæmt 3. mgr. tölul. 1.4, a-lið, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Félags þýskra tryggingafræðinga (DAV), getum við sömuleiðis lagt þær til grundvallar við bótahækkun úr hækkuðum viðbótarlífeyri.

Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á →bótasjóði breytast á ný eftir bótahækkun hækkaðs viðbótarlífeyris getum við við síðari bótahækkun viðbótarlífeyris beitt nýju reikniforsendum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt við bótahækkun hækkaðs viðbótarlífeyris.

Við greinum þér frá því ef við beitum öðrum reikniforsendum en við upphaf lífeyrisgreiðslu eða við síðustu bótahækkun hækkaðs viðbótarlífeyris.

Prósentur →kostnaðar vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ samkvæmt tölul. 7.1, 2. mgr., b-lið, sem notaðar voru við samningsgerð, haldast óbreyttar.

(3) Breyting á hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Þú getur farið fram á það skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) að við ráðstöfum hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, innan ramma þeirra ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Breyting FR14: Umsamin ráðstöfun hagnaðar úr „Greiðslu árlegra hagnaðarhluta“

Í stað tölul. 3.2.5 kemur:

„3.2.5 Hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Frá upphafi lífeyristöku tilheyrir tryggingin þín öðrum hagnaðarhópi (sjá einnig tölul. 3.2.1). Við munum upplýsa þig um þetta áður en lífeyrisgreiðsla hefst. Háð þeirri flokkun veitum við ellilífeyrisþættinum hlutdeild í hagnaði okkar (reglubundnir hagnaðarhlutar).

Upphæð reglubundinna hagnaðarhluta má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni (sjá tölul. 3.2.2) og getur hún einnig verið núll.

(1) Útreikningur og úthlutun reglubundinna hagnaðarhluta

Upphæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn er ákvörðuð samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við leggjum þá til grundvallar skilgreinda →prósentuhluti í hagnaði eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölul. 3.2.2) og viðkomandi →reiknistuðul.

Við úthlutum hagnaðarhlutum árlega í byrjun →tryggingarárs og í fyrsta skipti einu ári eftir að lífeyrisgreiðsla hófst.

→Reiknistuðull árlegrar hagnaðarhlutdeildar er
→bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður að hverju
→tryggingarári liðnu.

(2) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta

Við greiðum árlega hagnaðarhluta þáttarins „Ellilífeyrir“ einu sinni á ári á þeim degi sem lífeyristaka hófst. Það sama gildir um hagnaðarhluta úr fleiri þáttum, sé annað ekki tekið fram í reglum þessara þátta.

Við greiðum árlega hagnaðarhluta í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslna.

(3) Breyting á hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku

Þú getur farið fram á það skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) að við ráðstöfum hlutdeild í hagnaði eftir upphaf lífeyristöku á annan hátt en um samdist við samningsgerð, innan ramma þeirra ráðstöfunarmöguleika sem í boði eru af okkar hálfu. Þessa yfirlýsingu þurfum við að fá í hendur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Breyting FR15: Samið hefur verið um tryggðan hækkandi lífeyri frá upphafi lífeyristöku í tryggingunni en ekki var samið um breyttar dánarbætur frá upphafi lífeyristöku samkvæmt tölulið 1.3.

Í stað 1. mgr. tölul. 1.1 kemur:

„(1) Ævilangur lífeyrir

Ef →hinn tryggði er á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við árlega hækkaða upphæð sem nemur tryggðum lífeyri eins og hann er á þeim tímapunkti, með því skilyrði að hinn tryggði sé enn á lífi.

Allt eftir því hvernig um var samið greiðum við lífeyrinn mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálf árs fresti eða einu sinni á ári, og alltaf á fyrsta →virka bankadegi eftir umsamda gjalddaga.

Umsamin árleg hækkun →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku fer fram í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyris, en aukningin nemur prósentu greiðslna tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku frá því árinu áður.“

Í stað tölul. 1.3 kemur:

„1.3 Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Bætur án þáttarins „Eftirlifendalífeyrir“

Ef →hinn tryggði deyr eftir upphaf lífeyristöku og ekki hefur verið samið um þáttinn „Eftirlifendalífeyrir“ greiðum við dánarbætur sem nema margföldum árlegum tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku að frádregnum →tryggðum lífeyri frá

upphafi lífeyristöku sem þegar hefur verið greiddur. Þeir hlutar →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku sem myndast með hækkun eru þó ekki dregnir frá. Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

(2) Bætur með þættinum „Eftirlífendalífeyrir“

Ef sá sem síðast er á lífi (→hinn tryggði eða →hinn meðtryggði) andast eftir upphaf lífeyristöku og ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ greiðum við umsaminn höfuðstól, að frádreginni einni útborgaðri →tryggðri lífeyrisgreiðslu frá upphafi lífeyristöku, úr þættinum „Ellilífeyrir“, fyrir hvern gjalddaga lífeyrisgreiðslu sem sá sem hefur lífað lengst lífið. Þeir hlutar →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku sem myndast með hækkun eru þó ekki dregnir frá. Við greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.“

Í stað tölu. 10.3 kemur:

„10.3 Hvenær má velja hækkaðan tímabundinn lífeyri sem nemur tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku í stað ævilangs hækkaðs lífeyris?“

(1) Tímabundinn hækkaður lífeyrir við umsamið upphaf lífeyristöku

Fyrir umsamið upphaf lífeyristöku getur þú farið fram á að við gerum ráð fyrir tímabundnum hækkuðum lífeyri sem nemur tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku samkvæmt tölu. 1.1 í stað ævilangs lífeyris frá upphafi lífeyristöku frá þeirri stundu (tímabundinn hækkaður lífeyrir). Þú getur valið hversu lengi lífeyrir skuli greiddur.

Frá upphafi lífeyristöku greiðum við tryggðan tímabundinn hækkaðan lífeyri sem nemur →tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku á meðan →hinn tryggði er á lífi, í hæsta lagi út umsaminn lífeyrisgreiðslutíma.

(2) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Bæði val tímabundins hækkaðs lífeyris sem og lengd lífeyrisgreiðslutímans eru háð takmörkunum sem ráðast meðal annars af aldri →hins tryggða við upphaf lífeyristöku. Við upplýsum þig um einstök áhrif og forsendur ef óskað er.

(3) Áhrif

- Við upphaf lífeyristöku er reiknuð upphæð tímabundins hækkaðs lífeyris út frá samtölu →andvirðis tryggingar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á →bótahöfuðstólunum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ sem liggur fyrir í lok →biðtímans, samkvæmt 2. og 3. setni., 2. mgr., tölu. 1.1) og lífeyrisstuðlinum samkvæmt b-lið, 2. mgr., tölu. 1.1.
- Við reiknum tímabundinn hækkaðan lífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér gilda reglugerðir og reikniforsendur sem við notum við upphaf lífeyristöku þegar gera skal nýja sambærilega samninga um tímabundnar lífeyristryggingar með tafarlausu upphafi lífeyristöku samkvæmt tölu. 1.4, mgr. 3, a-lið.
- Tryggður lágmarkslífeyrir og tryggður lífeyrisstuðull falla niður.
- Greiðslur við andlát eftir upphaf lífeyristöku geta breyst samkvæmt tölu. 10.4.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef svo á við, þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ falla þeir niður við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“.

(5) Hagnaðarhlutdeild

Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði samkvæmt tölu. 3. Fyrstu ár tímabundins lífeyris geta →prósentuhlutar í hagnaði tryggingarinnar verið frábrugðnir þeim prósentuhlutum í hagnaði sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrsluna fyrir undirflokk tryggingarinnar. Ef um trygginguna gilda eigin →prósentuhlutir í hagnaði veitum við þér upplýsingar um upphæð eigin prósentuhluta í

hagnaði og tímabilið sem þú aflar þeirra á áður en →tímabundinn lífeyrir hefst.

Fjármagn hagnaðarhlutdeildar er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölu. 3.1, 3. mgr.). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

Óháð reglum um hagnaðarhlutdeild eftir upphaf lífeyrisgreiðslna í tölu. 3.2.5 greiðum við árlega hagnaðarhluti, sem við notum eftir upphaf lífeyrisgreiðslna, að frátöldum frádrætti vegna umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt tölu. 7.1 2. mgr., b-lið, til að fjármagna aukalega iðgjaldsfrian trygðan tímabundinn hækkaðan lífeyri (tímabundinn hækkaðan viðbótarlífeyri).

Tímabundinn hækkaður viðbótarlífeyrir samanstendur af viðbættum hækkuðum tímabundnum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“. Hækkunarhraði hækkandi tímabundins viðbótarlífeyris samsvarar umsömdum hækkunarhraða tímabundins lífeyris.

Þú færð tímabundinn hækkaðan viðbótarlífeyri til viðbótar við tímabundinn lífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyris, í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslunnar.

Hækkaður tímabundinn viðbótarlífeyrir, líkt og tímabundinn lífeyrir, á hlutdeild í hagnaði út frá aukalegri iðgjaldslausri hækkaðri bótagreiðslu. Við reiknum hækkaðar bótagreiðslur úr hækkuðum viðbótarlífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.“

Breyting FR16: Samið hefur verið um tryggðan hækkaðan lífeyri frá upphafi lífeyristöku í tryggingunni og um breyttar dánarbætur frá upphafi lífeyristöku samkvæmt tölu. 1.3.

Í stað 1. mgr. tölu. 1.1 kemur:

„(1) Ævilangur lífeyrir

Ef →hinn tryggði er á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við árlega hækkaða upphæð sem nemur tryggðum lífeyri eins og hann er á þeim tímamarki, með því skilyrði að hinn tryggði sé enn á lífi.

Allt eftir því hvernig um var samið greiðum við lífeyrinn mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálf árs fresti eða einu sinni á ári, og alltaf á fyrsta →virka bankadegi eftir umsamda gjalddaga.

Umsamin árleg hækkun →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku fer fram í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyris, en aukningin nemur prósentu greiðslna tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku frá því árinu áður.“

Í stað tölu. 1.3 kemur:

„1.3 Hvaða bætur greiðum við við andlát eftir upphaf lífeyristöku?“

Ef →hinn tryggði deyr eftir upphaf lífeyristöku greiðum við í lok →biðtímans fyrirbyggjandi samtölu af →andvirði tryggingarinnar, lokahagnaðarhluta og hlutdeild í →matssjóðunum að frádregnum þeim heildarlífeyri sem þegar hefur verið greiddur úr þættinum „Ellilífeyrir“. Heildarellilífeyririnn felur einnig í sér greiðslur úr hagnaðarhlutdeild. Þeir hlutar →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku sem myndast með hækkun eru þó ekki dregnir frá.“

Í stað tölu. 10.3 kemur:

„10.3 Hvenær má velja hækkaðan tímabundinn lífeyri sem nemur tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku í stað ævilangs hækkaðs lífeyris?“

(1) Tímabundinn hækkaður lífeyrir við umsamið upphaf lífeyristöku

Fyrir umsamið upphaf lífeyristöku getur þú farið fram á að við gerum ráð fyrir tímabundnum hækkuðum lífeyri sem nemur tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku samkvæmt tölu. 1.1 í

stað ævilangs lífeyris frá upphafi lífeyristöku frá þeirri stundu (tímabundinn hækkaður lífeyrir). Þú getur valið hversu lengi lífeyrir skuli greiddur.

Frá upphafi lífeyristöku greiðum við tryggðan tímabundinn hækkaðan lífeyri sem nemur →tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku á meðan →hinn tryggði er á lífi, í hæsta lagi út umsamin lífeyrisgreiðslutíma.

(2) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Bæði val tímabundins hækkaðs lífeyris sem og lengd lífeyrisgreiðslutímans eru háð takmörkunum sem ráðast meðal annars af aldri →hins tryggða við upphaf lífeyristöku. Við upplýsum þig um einstök áhrif og forsendur ef óskað er.

(3) Áhrif

- Við upphaf lífeyristöku er reiknuð upphæð tímabundins hækkaðs lífeyris út frá samtölu →andvirðis tryggingar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á →bótahöfuðstólunum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ sem liggur fyrir í lok →biðtímans, samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) og lífeyrisstuðlinum samkvæmt b-lið, 2. mgr., tölul. 1.1.
- Við reiknum tímabundinn hækkaðan lífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér gilda reglugerðir og reikniforsendur sem við notum við upphaf lífeyristöku þegar gera skal nýja sambærilega samninga um tímabundnar lífeyristryggingar með tafarlausu upphafi lífeyristöku samkvæmt tölul. 1.4, mgr. 3, a-lið.
- Tryggður lágmarkslífeyrir og tryggður lífeyrisstuðull falla niður.
- Greiðslur við andlát eftir upphaf lífeyristöku geta breyst samkvæmt tölul. 10.4.
- Umsamin upphæð greiðslu höfuðstóls við andlát eftir upphaf lífeyristöku getur tekið breytingum.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(4) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef svo á við, þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ falla þeir niður við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“.

(5) Hagnaðarhlutdeild

Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði samkvæmt tölul. 3. Fyrstu ár tímabundins lífeyris geta →prósentuhlutar í hagnaði tryggingarinnar verið frábrugðnir þeim prósentuhlutum í hagnaði sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrsluna fyrir undirflokk tryggingarinnar. Ef um trygginguna gilda eigin →prósentuhlutir í hagnaði veitum við þér upplýsingar um upphæð eigin prósentuhluta í hagnaði og tímabilið sem þú aflar þeirra á áður en →tímabundinn lífeyrir hefst.

Fjármagn hagnaðarhlutdeildar er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 3.1, 3. mgr.). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

Óháð reglum um hagnaðarhlutdeild eftir upphaf lífeyrisgreiðslna í tölul. 3.2.5 greiðum við árlega hagnaðarhluti, sem við notum eftir upphaf lífeyrisgreiðslna, að frátöldum frádrætti vegna umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt tölulíð 7.1 2. mgr., b-lið, til að fjármagna aukalega iðgjaldsfrian tryggðan tímabundinn hækkaðan lífeyri (tímabundinn hækkaðan viðbótarlífeyri).

Tímabundinn hækkaður viðbótarlífeyrir samanstendur af viðbættum hækkuðum tímabundnum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“.

Hækkunarhraði hækkandi tímabundins viðbótarlífeyris samsvarar umsömdum hækkunarhraða tímabundins lífeyris.

Þú færð tímabundinn hækkaðan viðbótarlífeyri til viðbótar við tímabundinn lífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyris, í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslunnar.

Hækkaður tímabundinn viðbótarlífeyrir, líkt og tímabundinn lífeyrir, á hlutdeild í hagnaði út frá aukalegri iðgjaldslausri hækkaðri bótagreiðslu. Við reiknum hækkaðar bótagreiðslur úr hækkuðum viðbótarlífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.“

Í stað tölul. 10.4 kemur:

„10.4 Hvenær má breyta bótagreiðslum við fráfali eftir upphaf lífeyristöku?

(1) Breyting á dánarbótum eftir upphaf lífeyristöku

Í upphafi lífeyristöku er hægt að fara fram á það að dánarbótum eftir upphaf lífeyristöku án áhættumats, sem samið var um samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.3, sé skipt út fyrir dánarbætur sem nema margföldum árlegum tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku að frádregnum →tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyristöku sem þegar hefur verið greiddur. Þeir hlutar →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku sem myndast með hækkun eru þó ekki dregnir frá.

a) Takmarkanir

Hámarksupphæð hinna nýju dánarbóta ræðst meðal annars af eftirfarandi:

- aldri við upphaf lífeyristöku,
- meðallífslíkum og
- ef um tímabundinn lífeyri er að ræða, samkvæmt tölulíð 10.3, af umsömdum lífeyrisgreiðslutíma.

Við veitum upplýsingar um hvaða kosti þú átt ef óskað er.

b) Áhrif

- Upphæð ævilangs lífeyris samkvæmt 2. mgr., tölul. 1.1 getur breyst við það að dánarbótum sé breytt.
- Tryggðum lágmarkslífeyri breytum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.
- Við breytum einnig tryggðum lífeyrisstuðli samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsömdunum sem voru í gildi við samningsgerðina samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4 og með hliðsjón af nýmsömdum dánarbótum.

Mögulega þarf að greiða viðbótargreiðslu vegna breyttrar bótagreiðslu. Hana reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 3. mgr. tölul. 1.4.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(2) Frestur

Tilkynning þín varðandi breytingu samkvæmt 1. mgr. þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.“

Breyting FR17: Ekki hefur verið samið um tryggðan hækkandi lífeyri frá upphafi lífeyristöku í tryggingu sem fellur undir starfsgreinasjóð.

Í 2. mgr. tölul. 10.4, a-lið og 1. mgr. tölul. 10.6 bætist

við:

- „Ekki var valinn tímabundinn hækkaður lífeyrir samkvæmt 2. mgr. tölul. 10.17.“

Í tölul. 10 bætist við:

„10.17 Hvenær má velja hækkaðan lífeyri sem nemur tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku?

Fyrir umsamið upphaf lífeyristöku getur þú samið um hækkaðan tryggðan lífeyri sem nemur þeirri upphæð sem var til staðar við upphaf lífeyristöku.

(1) Hvaða bætur greiðum við frá upphafi lífeyristöku?

Ef →hinn tryggði er á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við árlega hækkaða upphæð sem nemur tryggðum lífeyri eins og hann er á þeim tímapunkti, með því skilyrði að hinn tryggði sé enn á lífi.

Allt eftir því hvernig um var samið greiðum við lífeyrinn mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálfis árs fresti eða einu sinni á ári, og alltaf á fyrsta →virka bankadegi eftir umsamda gjalddaga.

Umsamin árleg hækkun →tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku fer fram í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyris, en aukningin nemur prósentu greiðslna tryggðs lífeyris frá upphafi lífeyristöku frá því árinu áður.

a) Forsendur

Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.

b) Áhrif

- Við upphaf lífeyristöku er reiknuð upphæð hækkaðs lífeyris út frá samtölu →andvirðis tryggingar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á →bótahöfuðstólunum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ sem liggur fyrir í lok →biðtímans, samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) og lífeyrisstuðlinum samkvæmt b-lið, 2. mgr., tölul. 1.1.
- Við reiknum hækkaðan lífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér gilda reglugerðir reikniforsendur sem við notum við upphaf lífeyristöku þegar gera skal nýja sambærilega samninga um lífeyrstryggingu með tafarlausu upphafi lífeyristöku samkvæmt tölul. 1.4, mgr. 3, a-lið.
- Við breytum tryggðum lágmarkslífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar með tilliti til tryggðra lífeyrishækkana. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.
- Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef svo á við, þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ breytum við tryggðum lágmarkseftirlífendalífeyri og mögulega tryggðum lágmarkslífeyri munaðarlausra samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar í samræmi við tryggðar lífeyrishækkannir. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.4.
- Við breytum einnig tryggðum lífeyrisstuðli samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hann er reiknaður út með reikniforsendunum sem voru í gildi við samningsgerðina, samkvæmt 1. mgr., tölul. 1.4, og hlíðsjón af nýumsömdum hækkuðum lífeyri sem nemur tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku.
- Greiðslur við andlát eftir upphaf lífeyristöku geta breyst samkvæmt tölul. 10.4.
- Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta við upphaf lífeyristöku getur breyst.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(2) Tímabundinn hækkaður lífeyrir

Fyrir umsamið upphaf lífeyristöku, ef samið var um hækkaðan tryggðan lífeyri við upphaf lífeyristöku, geturðu farið fram á að við greiðslu hækkaðs árlegs tryggðs ævilífeyris frá upphafi lífeyristöku greiðum við hækkaðan lífeyri aðeins tímabundið, samkvæmt tölul. 1 (tímabundinn hækkaður lífeyrir). Þú getur valið hversu lengi lífeyrir skuli greiddur.

Frá upphafi lífeyristöku greiðum við tryggðan tímabundinn hækkaðan lífeyri sem nemur →tryggðum lífeyri við upphaf lífeyristöku á meðan →hinn tryggði er á lífi, í hæsta lagi út umsamin lífeyrisgreiðslutíma.

a) Forsendur

- Skrifleg tilkynning þín þarf að berast okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umsamið upphaf lífeyristöku.
- Bæði val tímabundins hækkaðs lífeyris sem og lengd lífeyrisgreiðslutímans eru háð takmörkunum sem ráðast meðal annars af aldri →hins tryggða við upphaf lífeyristöku. Við upplýsum þig nánar um forsendurnar ef óskað er.

b) Áhrif

- Við upphaf lífeyristöku er reiknuð upphæð tímabundins hækkaðs lífeyris út frá samtölu →andvirðis tryggingar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í →matssjóðunum (að viðbættum, ef við á →bótahöfuðstólunum, lokahagnaðarhlutum og hlutdeild í matssjóðunum úr þættinum „Eftirlífendalífeyrir“ og þættinum „Lífeyrir munaðarlausra“ sem liggur fyrir í lok →biðtímans, samkvæmt 2. og 3. setn., 2. mgr., tölul. 1.1) og lífeyrisstuðlinum samkvæmt b-lið, 2. mgr., tölul. 1.1.
- Við reiknum tímabundinn hækkaðan lífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér gilda reglugerðir og reikniforsendur sem við notum við upphaf lífeyristöku þegar gera skal nýja sambærilega samninga um tímabundnar lífeyristryggingar með tafarlausu upphafi lífeyristöku samkvæmt tölul. 1.4, mgr. 3, a-lið.
- Tryggður lágmarkslífeyrir og tryggður lífeyrisstuðull falla niður.
- Greiðslur við andlát eftir upphaf lífeyristöku geta breyst samkvæmt tölul. 10.4.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

c) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn „Eftirlífendalífeyrir“ og, ef svo á við, þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ falla þeir niður við upphaf lífeyristöku úr þættinum „Ellilífeyrir“.

d) Hagnaðarhlutdeild

Á meðan tímabundinn lífeyrir er greiddur öðlast þú líka hlutdeild í hagnaði samkvæmt tölul. 3. Fyrstu ár tímabundins lífeyris geta →prósentuhlutar í hagnaði tryggingarinnar verið frábrugðnir þeim prósentuhlutum í hagnaði sem tilgreindir eru í viðauka við ársskýrsluna fyrir undirflokk tryggingarinnar. Ef um trygginguna gilda eigin →prósentuhlutir í hagnaði veitum við þér upplýsingar um upphæð eigin prósentuhluta í hagnaði og tímabilið sem þú aflar þeirra á áður en →tímabundinn lífeyrir hefst.

Fjármagn hagnaðarhlutdeildar er alltaf fengið úr →varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 3.1, 3. mgr.). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

Óháð reglum um hagnaðarhlutdeild eftir upphaf lífeyrisgreiðslna í tölul. 3.2.5 greiðum við árlega hagnaðarhluti, sem við notum eftir upphaf lífeyrisgreiðslna, að frátöldum frádrætti vegna umsýslukostnaðar (→kostnaður) samkvæmt tölulið 7.1.2 mgr., b-lið, til að fjármagna aukalega iðgjaldsfrían tryggðan tímabundinn hækkaðan lífeyri (tímabundinn hækkaðan viðbótarlífeyri).

Tímabundinn hækkaður viðbótarlífeyrir samanstendur af viðbættum hækkuðum tímabundnum lífeyri úr þættinum „Ellilífeyrir“. Hækkunarhraði hækkandi tímabundins viðbótarlífeyris samsvarar umsömdum hækkunarhraða tímabundins lífeyris.

Þú færð tímabundinn hækkaðan viðbótarlífeyri til viðbótar við tímabundinn lífeyri sem tryggður er frá upphafi lífeyris, í fyrsta skipti einu ári eftir upphaf lífeyrisgreiðslunnar.

Hækkaður tímabundinn viðbótarlífeyrir, líkt og tímabundinn lífeyrir, á hlutdeild í hagnaði út frá aukalegri iðgjaldslausri hækkaðri bótagreiðslu. Við reiknum hækkaðar bótagreiðslur úr hækkuðum viðbótarlífeyri samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.“

Breyting FR19: Samið hefur verið um tryggingu með sérstakri gjaldskrá og sameiginlegum eftirlífendalífeyri.

Í 2. mgr. tölul. 1.1 bætist við:

„Ef →hinn tryggði var ekki giftur eða í skráðri sambúð við upphaf lífeyristöku og ef samið var um þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ reiknum við upphæð ævilífeyris út frá þættinum „Ellilífeyrir“ sem og upphæð lífeyris munaðarlausra

við upphaf lífeyristöku samkvæmt setningum 2 til 4, þó án eftirlífendalífeyris.

Ef →hinn tryggði var ekki giftur eða í skráðri sambúð við upphaf lífeyristöku og ekki var samið um þáttinn „Lífeyrir munaðarlausra“ reiknum við upphæð ævilífeyris út frá þættinum „Ellilífeyrir“ samkvæmt setningu 1.“

Tölulíður 10.4 fellur brott.

Breyting FR20: Tryggingin fellur undir „KinderPolice KomfortDynamik“.

Flutningur á stöðu tryggingaþega til hins tryggða

Hægt er að flytja stöðu tryggingaþega til →hins tryggða þegar hinn tryggði nær átjándra aldursári. Þar með verður →hinn tryggði samningsaðili okkar.

Í stað 1. mgr. tölul. 10.10, a-lið, kemur:

„a) Forsendur

- Hver einstök viðbótargreiðsla skal nema að minnsta kosti 200 evrum.
- Samtala viðbótargreiðslna á einu →tryggingarári má í hæsta lagi nema 30.000 evrum.
- →Viðbótariðmið tryggingarinnar er ekki hafinn.“

Í stað 1. mgr. tölul. 10.10, b-lið, kemur:

„b) Frekari skilyrði fyrir umsamdar reglubundnar iðgjaldagreiðslur

Ef þú hefur valið að greiða iðgjöld með reglubundnum hætti gildir eftirfarandi að auki:

- Heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu →tryggingarári má ekki fara yfir tífalt umsamið iðgjald þáttarins „Ellilífeyrir“ fyrir þetta tryggingarár.
- Fyrstu fjögur árin frá upphafi tryggingar og síðustu fjögur árin fyrir umsamið upphaf lífeyristöku má heildarupphæð viðbótargreiðslna á einu →tryggingarári ekki vera hærri en 4.000 evrur.“

Í stað tölul. 10.11 kemur:

„10.11 Hvenær má taka höfuðstól úr tryggingunni?

(1) Úttektir án umsýslugjalds

Þegar →hinn tryggði hefur náð 15 ára aldri, en þó í síðasta lagi þegar hinn tryggði nær 30 ára aldri, má taka höfuðstól úr tryggingunni. Við innheimtum ekkert umsýslugjald fyrir þetta.

a) Frekari forsendur

- Taka verður út að minnsta kosti 100 evrur.
- Tilteknar lágmarksfjárhæðir verða að vera áfram í tryggingunni eftir að tekið hefur verið tillit til frádráttar sem fellur til samkvæmt b-lið, fyrirbyggjandi tryggingarlána, ef svo á við, og úttektarinnar. Lágmarksfjárhæðirnar eru ákvarðaðar þannig að eftirstöðvarnar af →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik verða að vera að minnsta kosti 500 evrur á viðmiðunardegi fyrir útreikning á þessu virði. Á hinn bóginn, ef tryggingunni er sagt upp síðar, verður að vera hægt að framkvæma frádráttinn sem samið var um í þessu tilviki samkvæmt 2. mgr. í tölul. 9.2 og eftir þann frádrátt verður heildargreiðslan við uppsögn vera að minnsta kosti 500 evrur samkvæmt tölulíði 9.2.
- Eftirstöðvarnar af →höfuðstól ábyrgðarinnar verða að nægja til að standa undir tryggðum höfuðstól við lífun og tryggðum lágmarkslífeyri eftir úttekt.

→Virði hlutdeildar þinnar í sérsjóði KomfortDynamik reiknum við strax og í síðasta lagi 5. →virka bankadag eftir að skrifleg tilkynning þín um útborgun á höfuðstól berst okkur (t.d. í bréfi eða tölvupósti).

b) Frádráttur

Ef úttektir ásamt uppsöfnuðum sköttum fara ekki yfir 30.000 evrur á einu →tryggingarári er ekki um frádrátt að ræða.

Aðeins er um frádrátt að ræða ef úttektir ásamt uppsöfnuðum sköttum á →tryggingarárinu fara yfir 30.000 evrur. Í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ er tilgreint hversu

hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar. Þú getur fundið þessar skýringar í þættinum „Hvaða bætur eru greiddar við uppsögn fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna?“ í undirkaflanum „Frádráttur við úttekt“.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

c) Áhrif

- Greiðslutímabil og upphæð þeirra iðgjalda sem greiða ber breytast ekki við úttekt.
- Úttektin, uppsafnaðir skattar og frádráttur samkvæmt 2. mgr. eru greidd úr tryggingu þinni. Tryggðar greiðslur og reiknistuðlar skv. 3. mgr., tölul. 1.1 skerðast samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.

(2) Úttektir með umsýslugjaldi

Hægt er að taka höfuðstól úr tryggingunni á →biðtímanum. Fyrir það tókum við vinnslugjald sem nemur 15 evrum.

a) Forsendur

- Taka verður út að minnsta kosti 500 evrur.
- Tilteknar lágmarksfjárhæðir verða að vera áfram í tryggingunni eftir að tekið hefur verið tillit til vinnslugjalds, frádráttar sem fellur til samkvæmt b-lið, fyrirbyggjandi tryggingarlána, ef svo á við, og úttektarinnar. Lágmarksfjárhæðirnar eru ákvarðaðar þannig að eftirstöðvarnar af →virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik verða að vera að minnsta kosti 500 evrur á viðmiðunardegi fyrir útreikning á þessu virði. Á hinn bóginn, ef tryggingunni er sagt upp síðar, verður að vera hægt að framkvæma frádráttinn sem samið var um í þessu tilviki samkvæmt 2. mgr. í tölul. 9.2 og eftir þann frádrátt verður heildargreiðslan við uppsögn vera að minnsta kosti 500 evrur samkvæmt tölulíði 9.2.
- Eftirstöðvarnar af →höfuðstól ábyrgðarinnar verða að nægja til að standa undir tryggðum höfuðstól við lífun og tryggðum lágmarkslífeyri eftir úttekt.

→Virði hlutdeildar þinnar í sérsjóði KomfortDynamik reiknum við strax og í síðasta lagi 5. →virka bankadag eftir að skrifleg tilkynning þín um útborgun á höfuðstól berst okkur (t.d. í bréfi eða tölvupósti).

b) Frádráttur

Ef úttektir ásamt uppsöfnuðum sköttum fara ekki yfir 30.000 evrur á einu →tryggingarári er ekki um annan frádrátt að ræða en vinnslugjöld.

Aðeins er um frádrátt að ræða ef úttektir ásamt uppsöfnuðum sköttum á →tryggingarárinu fara yfir 30.000 evrur. Í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar. Þú getur fundið þessar skýringar í þættinum „Hvaða bætur eru greiddar við uppsögn fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna?“ í undirkaflanum „Frádráttur við úttekt“.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

c) Áhrif

- Greiðslutímabil og upphæð þeirra iðgjalda sem greiða ber breytast ekki við úttekt.
- Úttektin, uppsafnaðir skattar, vinnslugjald og frádráttur samkvæmt 2. mgr. eru greidd úr tryggingu þinni. Tryggðar greiðslur og reiknistuðlar skv. 3. mgr., tölul. 1.1 skerðast samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.“

Í tölul. 10 bætist við:

„10.17 Hvenær er hægt að semja um „Lífeyri vegna umönnunar barna“?

Ef þú hefur ekki samið um þáttinn „Lífeyrir vegna umönnunar barna“ geturðu bætt honum við síðar meir á →biðtíma. Þegar samið er um lífeyri vegna umönnunar barna er líka samið um þáttinn „Undanþága iðgjaldsgreiðslu ef barnið þarfnast umönnunar“. Að auki getur þú samið um þáttinn „Iðgjaldsundanþága við óvinnufærni eða andlát forsjáraðila“. Við gerum áhættumat áður en samningur er veittur.

(1) Forsendur

- Niðurstöður hins fyrrnefnda áhættumats ákvarða samning um lífeyri vegna umönnunar barns.
- Ef þú vilt semja um þáttinn „Iðgjaldsundanþága við óvinnufærni eða andlát forsjáraðila“ gerum við aukalegt áhættumat fyrir forsjáraðila. Samningurinn veitur á niðurstöðum áhættumats.
- Samningur er gerður innan umsamins iðgjaldatíma.
- Þú tilnefnir einstakling samkvæmt 3. mgr. í tölu 4.1 sem bótaþega við lífun eða þú hefur þegar tilnefnt einstakling samkvæmt þessu.

(2) Takmarkanir

- →Hinn tryggði verður að hafa náð að minnsta kosti sex mánaða aldri.
- →Reiknaður aldur →hins tryggða má ekki vera hærri en 16 ár.
- Mánaðarlegur tryggður lífeyrir vegna umönnunar barna má í mesta lagi nema 1.500 evrum.
- Ef samið var um þáttinn „Iðgjaldsundanþága við óvinnufærni eða andlát forsjáraðila“ má →reiknaður aldur tryggðs forsjáraðila ekki vera hærri en 54 ár.
- Hér gilda takmarkanir á lágmarks- og hámarkstíma.

(3) Áhrif

Við reiknum bótagreiðslur fyrir nýumsamda þætti samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Hér ráða tryggingarskilmálar og reikniforsendur sem í gildi eru þegar þessi síðbúna viðbót á sér stað.

Greiða skal iðgjöld vegna þáttarins „Lífeyrir vegna umönnunar barna“ í samræmi við umsamda lífeyrisgreiðslu vegna þáttarins „Ellilífeyrir“. Ef samið hefur verið um stytt iðgjaldsgreiðslutímabil vegna þáttarins „Ellilífeyrir“ er iðgjaldsgreiðslutímabil þáttarins „Lífeyrir vegna umönnunar barns“ einnig stytt. Iðgjaldsgreiðslutímabil þáttarins „Lífeyrir vegna umönnunar barns“ er í samræmi við eftirstandandi iðgjaldsgreiðslutímabil þáttarins „Ellilífeyrir“ á samningstíma.

Við upplýsum þig um einstök áhrif ef óskað er.“

B-hluti – Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Tilkynningaskylda

a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Aður en þú gefur samningsyfirlýsingu þína er þér skylt að segja til um allar aðstæður, sem hafa áhrif á áhættu sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi, sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust. Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að gera samning yfirhöfuð eða með umsömdu efni.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, sem við spyrjum um í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína, en fyrir samþykkt samnings.

b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann, auk þín, ábyrgur fyrir sönnum og undandrátarlausum svörum við spurningunum í textaformi.

c) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef annar aðili svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

(2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu
Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. þýskra laga um tryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan greiðsluskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- vefengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

Við afsöllum okkur þeim rétti sem við eigum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um tryggingarsamninga (VVG) að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínum völdum.

b) Endurkaupsvirði og frádráttur við riftun eða vefengingu

Ef við riftum samningnum eða vefengjum samninginn vegna sviksamlegra blekkinga greiðum við endurkaupsvirðið sem yrði einnig greitt við riftun af þinni hálfu. Þetta gildir svo framarlega sem þú átt tilkall til endurkaupsvirðis við uppsögn. Af þessari upphæð reiknum við frádrátt. Í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar. Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádráttur alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádráttur niður eða við lækkum hann í síðara tilvikinu, eftir því sem við á.

c) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í gegnum bótamál sem upp kom fyrir lok þessa frests. Frestur samkvæmt 1. setningu nemur 10 árum, ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

(3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækkum iðgjaldið um meira en 10 prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við aðstæður sem okkur var ekki tilkynnt um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um tryggingarsamninga (VVG).

(4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málgreinar 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingavernd er aukin eða endurheimt eftir á þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

(5) Krafist er skriflegra gagna

Krafist er skriflegra gagna þegar beita á rétti til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða breytingar á samningi. Símbref eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

(6) Umboð til móttöku

Hafirðu ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst bótaþegi hafa umboð til þess að taka við yfirlýsingu frá okkur að þér látnum/látinni. Ef enginn bótaþegi er fyrir hendi eða ekki reynist unnt að hafa uppi á aðsetri hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskríteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvers ber að gæta við greiðslu iðgjalds?**
- 2.2 Hvað gildir ef fyrsta iðgjald eða eingreiðsla er ekki greidd á réttum tíma?**
- 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?**

2.1 Hvers ber að gæta við greiðslu iðgjalds?

(1) Greiðslutímabil

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einu lagi eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil. Í því tilvik og eftir því hvernig um samdist er greiðslutímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskríteininu. Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. þýskra laga um tryggingarsamninga – VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

(2) Gjaldldagi iðgjalda

a) Fyrsta iðgjald eða eingreiðsla

Fyrsta iðgjald eða eingreiðslu skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta dag hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili hafi ekki verið um annað samið.

(3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur.

Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (sjá 5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og
- eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki reyndist unnt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega til að greiða iðgjaldið (til dæmis í bréfi eða tölvupósti).

(4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

(5) Greitt með skuldfærslubeiðni

a) SEPA-skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess SEPA-skuldfærsluheimild.

b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

c) Afleiðingar misheppnaðrar skuldfærslu

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á það að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

2.2 Hvað gildir ef fyrsta iðgjald eða eingreiðsla er ekki greidd á réttum tíma?

(1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C-hluta, tölul. 1). Ef fyrsta iðgjald eða eingreiðsla er ekki greidd á réttum tíma í skilningi 2. mgr., a-lið, tölul. 2.1 hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitiðinni, nema hægt sé að sýna okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki bent þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið, með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskráeininu.

(2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir fyrsta iðgjald eða eingreiðslu ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef sannað er að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskyldum tíma í skilningi 2. mgr., b-lið, tölul. 2.1 er það komið í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Þá eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

(2) Frestir

Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi eða tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti tvær vikur.

(3) Tryggingarvernd fellur niður eða skerðist ef frestur liður án árangurs

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingavernd niður eða skerðist, ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

(4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur liður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda getum við sagt

samningnum upp án uppsagnarfrests. Skilyrði þessa er að við höfum bent þér á réttaráhrifin um leið og frestur var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og frestur er veittur. Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

(5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftir á

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar. Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirágreiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

3. Frekari samstarfsskyldur

Hverjar eru aðrar samstarfsskyldur þínar?

(1) Skylda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn

Ef lagalegar reglur skylda okkur til að afla upplýsinga og gagna um tryggingu þína og tilkynna um þau verður þú að láta okkur í té tafarlaust (sem merkir án saknæmrar tafar) nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn við samningsgerð eða þegar eftir því verður leitað. Þetta á einnig við ef breytingar verða síðar meir á þeim upplýsingum, gögnum og fylgigögnum sem þú lést í té við samningsgerð eða þegar eftir því var leitað.

Ef þriðji aðili á réttindi byggð á samningnum og ef staða hans varðandi gagnaöflun og tilkynningar er einnig afgerandi á samstarfsskylda þín sömuleiðis við um slíkt.

(2) Nauðsynlegar upplýsingar

Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru til dæmis aðstæður sem geta verið afgerandi við mat á persónulegu skattalegu lögheimili þínu, skattalegu lögheimili þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins, sem og skattalegu lögheimili þess sem tekur við bótagreiðslunum. Þar vega þyngst þýsk og erlend skattaleg lögheimili, auðkennisnúmer gagnvart skatti, fæðingardagur, fæðingarstaður og lögheimili.

(3) Lögboðið samstarf vegna tilkynningaskyldu vanrækt

Ef við sem tryggjandi lútum lögboðinni tilkynningaskyldu þurfum við að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 2. mgr. til innlendra og erlendra skattyfirvalda. Ef þú lætur okkur nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn ekki í té eða ekki á tilskyldum tíma verður þú að gera ráð fyrir að við tilkynnum innlendum og erlendum skattyfirvöldum um samningsgögn þín, óháð því hvort skattalegt lögheimili erlendis sé fyrir hendi eða ekki.

Ef þú rækir ekki samstarfsskyldur þínar samkvæmt 1. og 2. mgr. er okkur heimilt að halda eftir bótagreiðslum. Þetta á við þar til okkur hafa verið veittar þær upplýsingar sem við þörfumst til að geta staðið við lagaskyldur okkar.

4. Breytingar á B-hluta

Samið hefur verið um eina eða fleiri af eftirfarandi breytingum á samningnum þínum.

Sjá má umsamdar breytingar sem snerta samninginn þinn í tryggingarskráeininu eða tryggingarsamningnum.

Eftirfarandi gildir um einstakar breytingar:

Breyting B1: Tryggingin fellur undir starfsgreinasjóð.

Ef um mánaðarlegar iðgjaldsgreiðslur er að ræða er einnig hægt að semja um að greiðslan verði ekki gerð með

skuldfærslu. Töluliður 2.1 málsgrein 3, setningar 2 og 3, sem og málsgrein 5 falla brott.

Breyting B2: Tryggingin fellur undir hópsamning.

Ef um hópsamninga er að ræða gilda áður nefnd réttaráhrif tölul. 2.2 og 2.3 við vanskil vegna hópsamnings, jafnvel þó aðeins sé um að ræða hluta afgangs.

C-hluti – Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framfarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Upphaf tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarverndin?

(1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Tryggingarverndin hefst því aðeins á tilgreindum tíma að þú hafir greitt fyrsta iðgjald eða eingreiðslu á réttum tíma í skilningi 2. mgr., a-lið, tölul. 2.1 í B-hluta. Ef þú greiðir iðgjaldið ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin ekki fyrr en frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá 1. mgr. tölul. 2.2 í B-hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

(2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingarvernd er aukin eftir á gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

2. Tryggingarskírteini

Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteini?

(1) Eigandi

Við getum lítið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við bótum. En við getum farið fram á það að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Sönnun á ráðstöfunarrétti

Ef bótaþegi hefur veitt öðrum eða afturkallað viðtökurétt eða afsalað sér eða veðsett kröfur þurfum við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá eiganda tryggingarskírteinis ef sá sem hafði þennan rétt hingað til hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti).

3. Þýskur réttur

Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

4. Viðtakendur kvartana

Hvert er hægt að beina kvörtunum?

Eftirfarandi möguleikar eru í boði til að leggja fram kvörtun:

(1) Kvartanir til okkar eða tryggingamiðlara

Ef þú ert með umkvörtunarefni skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur. Þú getur haft samband við okkur á hvaða hátt sem er, til dæmis **símleiðis (0800 4100104), með tölvupósti (lebensversicherung@allianz.de) eða með pósti (Allianz Lebensversicherungs-AG, 10850 Berlin)**. Frekari upplýsingar og eyðublað fyrir kvörtunartilkynningu á netinu eru á www.allianz.de/service/beschwerde/. Þú getur einnig beint kvörtunum til tryggingamiðlans þíns.

(2) Kvartanir til umboðsmanns tryggingamála

Þú getur einnig haft samband við umboðsmann tryggingamála munnlega, skriflega eða á öðru viðeigandi formi (**heimilisfang: Versicherungsombudsmann e. V., Postfach 08 06 32, 10006 Berlin; sími: 0800 369 6000; fax: 0800 369 9000; netfang: beschwerde@versicherungsombudsmann.de; beiðni um lausn ágreiningsmála á netinu: www.versicherungsombudsmann.de**). Við tökum þátt í

gerðardómsmeðferð fyrir þessum óháða gerðardómi sem býður upp á gjaldfrjálsa meðferð fyrir neytendur. Umboðsmaðurinn svarar öllum kvörtunarefnum og leggur fram sáttatillögur í viðkomandi tilvikum.

(3) Kvartanir til eftirlitsaðila tryggingamála

Eftirlitsaðili okkar sem tryggingafyrirtækis er „Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht (BaFin)“, eftirlitssvið tryggingamála. Einnig er hægt að leggja fram kvartanir til þessa aðila (**heimilisfang: Bundesanstalt für Finanzdienstleistungsaufsicht, Graurheindorfer Str. 108, 53117 Bonn; fax: 0228 41 08 15 50; eyðublað fyrir kvörtunartilkynningu á netinu: bafin.de**). Frekari upplýsingar fást í þjónustusíma 0800 2 100 500.

(4) Dómstólaleið

Þú hefur alltaf val um að leita til dómstóla með umkvörtunarefni þín.

5. Varnarþing

Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum þínum á hendur okkur

Þú getur höfðað mál byggt á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn. Þú getur einnig höfðað mál fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef tryggingaþegi er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

(2) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum okkar á hendur þér

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum verðum við að höfða fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar sem annast samning þinn er eða höfuðstöðvar okkar eru.

Ef tryggingaþegi er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), ræðst varnarþing af aðsetri þess. Ef aðsetur þess er óþekkt getum við höfðað mál fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn.

(3) Varnarþing ef þú býrð utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss

Ef þú flytur heimili þitt eða fast aðsetur til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss eftir samningsgerð getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál samkvæmt tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eða útibú eru sem annast samning þinn.

6. Fyrning

Hvenær fynast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?

(1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagareglur

Kröfur sem byggja á samningnum fynast á þremur árum samkvæmt 195. gr. „Borgaralegrar lögbókar“ (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. „Borgaralegrar lögbókar“ (BGB).

(2) Fyrningu frestað meðan greiðsluskylda okkar er í athugun

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi eða tölvupósti).

7. Upplýsingagjöf á samningstímanum

Árlega, frá og með öðru tryggingarári til upphafs bótatímabilsins, færð þú tilkynningu þar sem þú getur skoðað upphæð tryggingabótanna og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga þinna undir þættinum „Lífeyrir“.

Þú getur einnig óskað eftir þessum upplýsingum hvenær sem er.

8. Breytingar á C-hluta

Samið hefur verið um eina eða fleiri af eftirfarandi breytingum á samningnum þínum.

Sjá má umsamdar breytingar sem snerta samninginn þinn í tryggingarskírteininu eða tryggingarsamningnum.

Eftirfarandi gildir um einstakar breytingar:

Breyting C1: Tryggingin fellur undir hópsamning.

Í hópsamningum er iðgjald tengt upphafsstofni hópsamningsins.

Breyting C2: Tryggingin fellur undir starfsgreinasjóð.

Töluliður 2, málsgrein 2 fellur brott.

Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í texta fyrsta tryggingarþáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggingaþegi.

Tryggður lífeyrir frá upphafi lífeyristöku:

Tryggðan lífeyri frá upphafi lífeyristöku greiðum við frá upphafi lífeyristöku á meðan hinn tryggði er á lífi. Upphæð hans er fengin út frá samtölu andvirkis tryggingar, lokahagnaðarhluta og hlutdeildar í matssjóðunum, sem og útreiknuðum lífeyrisstuðli, sem liggur fyrir í lok biðtímans. Hann er að minnsta kosti jafn hár og tryggður lágmarkslífeyrir.

Virði hluta:

Hlutdeildarvirði í sérsjóði KomfortDynamik (virði hluta) fylgir virðisþróun eignarhluta í viðkomandi sérsjóði. Virði hluta er reiknað út samkvæmt nýjustu skilgreindu matsaðferðum hverju sinni, sem samræmast reglum í lögbók um fjárfestingar (KAGB).

Biðtími:

Biðtíminn er allt tímabilið frá umsömdu upphafi tryggingar til umsamins upphafs lífeyristöku. Hann tekur þar af leiðandi einnig til tímans fram að nýju umsömdu upphafi lífeyristöku, til dæmis þegar bótum er frestað.

Virkur bankadagur:

Virkir bankadagur, einnig nefndir viðskiptadagur, eru þeir dagar þegar lánastofnanir í Þýskalandi eða Lúxemborg eru opnar fyrir almenn viðskipti. Virkir bankadagur eru yfirleitt mánudaga til föstudaga. Helgar og þýskir helgidagur á landsvísu, eða í Lúxemborg, sem og 24.12. og 31.12. eru ekki virkir bankadagur.

Óvinnufærni:

Óvinnufærni er fyrir hendi samkvæmt skilningi þessara tryggingarskilmála ef hinn tryggði,

- sem afleiðing af sjúkdómi, líkamsáverka eða orkumissi umfram það sem vænta má af aldri hans,
- og samkvæmt læknisvottorði,
- er ófær um að sinna starfi sínu og öðrum athöfnum sem hann hefur sinnt fram til þessa
- í samræmi við menntun sína og færni, og fyrirsjáanlega í sex mánuði samfleytt eða ef hann hefur þegar verið óvinnufær í sex mánuði samfleytt.

Hinn tryggði er einnig óvinnufær í skilningi þessara tryggingarskilmála ef fyrrgreindar forsendur eru aðeins uppfylltar að vissu marki og þar með er óvinnufærni að hluta til fyrir hendi.

Hlutdeild í sérsjóði KomfortDynamik:

Hlutdeild þín í sérsjóði KomfortDynamik samsvarar fjölda þeirra hluta sem falla undir trygginguna í sérsjóði KomfortDynamik.

Matssjóðir:

Þegar fjárfestingar okkar eru metnar geta myndast matssjóðir. Þeir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi. Matssjóðir tryggja öryggi og gera það mögulegt að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmörkuðum.

Reiknistuðull:

Við lýsingu á reiknistuðlum þeim sem prósentuhluti í hagnaði vísar til hverju sinni, notum við hugtök úr tryggingastærðfræðinni. Reiknistuðlarnir ráðast einkum af tryggingarþættinum, aldri hins tryggða, upphafi lífeyristöku, upphæð höfuðstóls ábyrgðarinnar, virði hluta, fjölda hluta, upphæð iðgjalds og andvirði tryggingarinnar. Reiknistuðlarnir eru fundnir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

Bótahöfuðstóll:

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar út frá forsendum iðgjaldaútreiknings.

Bótasjóður:

Tryggingarfélögum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingaþegum. Bótasjóðir samsvara þeirri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingargreiðslur. Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerð.

Örorka:

Ef hinn tryggði er opinber starfsmaður sem þarf að hætta á

- vinnumarkaði vegna almennrar örorku og
- fær áfram lífeyri vegna örorku samkvæmt lögum um eftirlaun opinberra starfsmanna er um að ræða örorku í skilningi þessara tryggingarskilmála. Í því tilviki skiptir ekki máli hvort hinn tryggði stundar annað starf.

Örorka í skilningi þessara tryggingarskilmála liggur einnig fyrir ef hinn tryggði er opinber starfsmaður sem er sagt upp

- vegna almennrar örorku
- og veikindi hins tryggða sem leiddu til örorku og uppsagnar haldast óbreytt eða halda áfram að þróast og
- hinn tryggði stundar ekkert annað starf sem samsvarar fyrra ævistarfi.

Tryggður prósentuhluti:

Tryggður prósentuhluti er prósentuhlutinn sem þú hefur valið við lok samningsgerðarinnar. Við tilgreinum tryggðan prósentuhluta í tryggingarskírteininu eða í tryggingarsamningnum. Hann tilgreinir heildarupphæð ellilífeyrisiðgjalda sem er til ráðstöfunar við upphaf lífeyristöku, að lágmarki fyrir myndun ævilangs lífeyris eða fyrir tryggðan höfuðstól við lífun.

Sérsjóður KomfortDynamik:

Sérsjóður KomfortDynamik samanstendur af ýmsum eignarhlutum. Þetta eru einkum hlutabréf, fyrirtækjaskuldabréf og ríkisskuldabréf. Við höldum rekstri sérsjóðs KomfortDynamik aðskildum frá öðrum fjárfestingum okkar í sérstakri deild ábyrgðarsjóðs okkar (svonefndum fjárfestingarhlutum). Virði sérsjóðs KomfortDynamik er í beinum tengslum við virðisþróun eignarhluta í sérsjóði KomfortDynamik og háð þeirri þróun.

Kostnaður:

Kostnaður í skilningi þessara tryggingarskilmála er sá kostnaður sem tekið var tillit til í iðgjaldaútreikningi (samningsgerðar- og sölukostnaður sem og umsýslukostnaður). Umsýslukostnaður samsvarar öðrum kostnaði skv. 1. lið 1. mgr. 2. gr. í reglugerð um upplýsingaskyldu í tryggingasamningum (VVG-InfoV). Til kostnaðar í skilningi þessara tryggingarskilmála telst auk þess kostnaður sem samsvarar virði hlutdeildar þinnar í sérsjóði KomfortDynamik fyrir umsýslu sjóðsins, sem og kostnaður af þínum völdum, sem innheimta má sérstaklega.

Hinn meðtryggði:

Ef samið var um eftirlífendalífeyri er hinn meðtryggði sá einstaklingur sem greiða skal fyrir eftirlífendalífeyri ævilangt eftir andlát hins tryggða.

Andvirði tryggingar:

Andvirði tryggingarinnar er reiknað út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar. Við útreikninginn er tekið mið af virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik á hverjum matsdegi. Þar bætist við höfuðstóll ábyrgðarinnar.

Reiknaður aldur:

Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir. Dæmi: Þú hefur þegar náð reiknuðum 62 ára aldri þegar minna en 6 mánuðir eru í 62. afmælisdag þinn.

Reiknivextir:

Reiknivextir eru sú vaxtaþrósenta sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum bótum.

Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda:

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingartæknilegur varasjóður í ársuppgjöri tryggingafélags. Þessi varasjóður er ígildi verðmætis krafna tryggingaþega vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarlaga. Með varasjóðnum er með tímanum hægt að jafna út sveiflur í hagnaði - sem eru einkum algengar hvað fjármagnstekjur varðar.

Höfuðstóll ábyrgðar:

Til að ábyrgjast tryggðan höfuðstól við lífun og tryggðan lágmarkslífeyri flytjum við einn hluta af andvirði tryggingarinnar yfir í aðrar fjárfestingar innan ábyrgðarsjóða okkar eða svonefndan höfuðstól ábyrgðar meðan á biðtímanum stendur. Upphæð höfuðstóls ábyrgðarinnar fer meðal annars eftir biðtímanum, biðtíma sem þegar er liðinn, upphæð tryggðs höfuðstóls við lífun, en einnig upphæð og þróun virðis hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik.

Töflur:

Með töflum getum við reiknað út líkur á tilteknum atburðum. Þær eru grundvöllur útreikninga okkar sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum getum við fundið út dánarlíkur.
- Með frekari töflum getum við áætlað líkur á öðrum tryggingartilvikum, svo sem upphaf og enda óvinnufærni, örorku eða umönnunarþarfar. Við getum einnig áætlað tíðni ákveðinna atburða, svo sem tíðni dauðsfalla hjá óvinnufærum, örorkuþegum og þeim sem umönnunarþurfi eru, endurteknum hjónaböndum og svo framvegis.

Skiptikostnaður:

Skiptikostnaður er kostnaður sem fellur á þann sem á réttindin vegna skiptanna. Jöfnunarskyldi einstaklingurinn og jöfnunarréttthafi bera kostnaðinn að jafn stórum hluta.

Upplýsingar um upphæð skiptikostnaðar er að finna í skjalinu „Upplýsingar um tryggingu“ í liðnum „Hvaða kostnaður fylgir?“.

Þrósentuhluti í hagnaði:

Þrósentuhlutir í hagnaði eru ákvarðaðir sem þrósentuhlutir tiltekinna reiknistuðla. Slíkt fer fram fyrir hvern hagnaðar- og undirhóp fyrir sig sem og fyrir mismunandi tegundir hagnaðarhluta (sjá tölu. 3.2, A-hluti - Þátturinn „Ellilífeyrir“). Þrósentuhlutir í hagnaði eru tilgreindir hverju sinni í

þrósentum í viðauka við ársskýrsluna eða tryggingarþega er greint frá þeim með öðrum hætti.

Ábyrgur tryggingafræðingur:

Sérhvert tryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Þessi aðili verður að vera áreiðanlegur og hæfur og búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingaþegum og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (141. gr. laga um tryggingaæftirlit - VAG).

Hinn tryggði:

Hinn tryggði er sá sem er líftryggður. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingaþegi.

Tryggingarár:

Sum ákvæði í þessum tryggingarskilmálum enda á mismunandi tímapunktum á tryggingarárinu (til dæmis þegar um er að ræða hagnaðarhlutdeild). Tryggingarár hefst almennt í þeim mánuði sem þú hefur samþykkt að hefja töku lífeyris og nær yfir 12 mánuði.

Ef upphafsmánuður lífeyristöku, sem samið var um við samningsgerð, er ekki í samræmi við upphafsmánuð tryggingarinnar, er fyrsta tryggingarárið styttra en 12 mánuðir. Dæmi: Upphaf tryggingar 01.01., umsmíð upphaf lífeyristöku 01.10. Þá nær fyrsta tryggingarárið yfir 9 mánuði, öll síðari tryggingarár hefjast 01.10. og fela í sér 12 mánuði.

Tryggingaþegi:

Tryggingaþegi er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í tryggingarskilmálunum eiga fyrst og fremst við um tryggingaþega sem viðsemjanda okkar.

Virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik:

Virði hlutdeildar í sérsjóði KomfortDynamik samsvarar virði hlutanna sem falla undir trygginguna þína. Andvirðið er reiknað þannig út að fjöldi hlutanna sem falla undir trygginguna er margfaldaður með virði hluta sem reiknað var út á ákveðnum matsdegi.

Viðbótarbiðtími:

Framlengingartímabilið, það er að segja tímabilið frá upprunalegu upphafi lífeyristöku fram að frestuðu upphafi lífeyristöku, nefnum við viðbótarbiðtíma. Viðbótarbiðtíminn er þar með hluti biðtímans.